# FRÉTTABLAÐIÐ

17. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 21. JANÚAR 2016




**Boðin velkomin heim** Formleg móttökuathöfn fór fram á Akureyri í gær fyrir flóttamennina 23 sem komu til bæjarins í fyrradag að loknu sólarhrings ferðalagi frá Líbanon. Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar, bauð nýja bæjarbúa velkomna og óskaði þeim velfarnaðar. Mikil gleði var í hópnum sem hlakkar til að takast á við nýtt líf á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Einkaþjónusta lækna hefur þrefaldast

**Útgjöld Sjúkratrygginga til sérgreinalækna á einkastofum hafa nærri þrefaldast frá árinu 1997. Samningar við ríkið eru verðtryggðir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Greiðslur Sjúkratrygginga Íslands til sérgreinalækna á einkastofum hafa nærri þrefaldast frá árinu 1997. Á árinu 2014 hækkuðu greiðslur um 1,3 milljarða króna frá fyrra ári.

Sjúkratryggingar Íslands ákváðu einhliða með tveggja daga fyrirvara í lok síðasta árs að loka á nýskráningar sérgreinalækna í samningi við Sjúkratryggingar því kostnaður hefur farið langt fram úr áætlun.

Á sama tíma og greiðslur hafa nærri þrefaldast frá ríki til sérgreinalækna hefur opinber heilbrigðisþjónusta barist í bökkum að mati stjórnenda ýmissa heilbrigðisstofnana.

> Einkaþjónustan fær að vaxa meðan hin opinbera tekur á sig aðhald og niðurskurð.
>
> Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, segir einkaþjónustuna hafa forskot að fjármunum hins opinbera. „Heilbrigðisráðherra gerði samning 2014 við sérgreinalækna í sjálfstæðum rekstri sem hækkar til samræmis við verðlag og laun tvisvar á ári og stækkar árlega. Þetta þýðir að einkaþjónustan fær að vaxa meðan hin opinbera tekur á sig aðhald og niðurskurð,“ segir Sigríður Ingibjörg. **– sa /** **sjá síðu 4**

## Tryggðu sig við sölu á Valitor en ekki Borgun

**VIÐSKIPTI** Ákvæði var í samningi um sölu Landsbankans á hlut sínum í Valitor til Arion banka árið 2014 um að ef af sölu Visa Inc. á Visa Europe yrði myndi Landsbankinn fá þær greiðslur í sinn hlut. Ekki var að finna sambærilegt ákvæði í sölusamningi Landsbankans á hlut hans í Borgun.

Hvorug salan fór fram í gegnum opið útboð. Búist er við að kortafyrirtækin fái milljarða í sinn hlut vegna sölunnar.

„Var meira verðmæti í hlutabréfum Borgunar? Kannski. Höfðum við þessar upplýsingar 2014? Nei. Hvað höfum við gert við peninginn? Við höfum ávaxtað hann ágætlega,“ segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans. **– ih /** **sjá síðu 16**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Karl V. Matthíasson skrifar um draumaforsetann sinn. 18-22

**SPORT** Þolinmæði þarf í uppbyggingu íslenska karlalandsliðsins í handbolta. 24-26

**MENNING** Heimildarverk um snjóflóðin á Flateyri á svið Borgarleikhússins. 32-37

**LÍFIÐ** Í hjarta Hróa hattar hreppti átta verðlaun hjá Broadway World samtökunum. 40-46




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● LÍFIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



Tékk KRISTALL 45 ÁRA

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

TEXASBORGARAR

Nýtt á Texasborgurum!

Frábært tilboð til að borða á staðnum eða taka með:

½ TEXAS-KJÚKLINGUR með frönskum, hrásalati og kokteilsósu á 1.690 kr.

½ TEXAS-KJÚKLINGUR með brúnum grjónum og blönduðu salati á 1.690 kr.

2 FYRIR 1 af Texas-ostborgurum með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo. Klipptu miðann út og taktu hann með þér. Gildir til 15.03.2016.

texasborgarar.is

OFURFÆÐI í hylkjum




- 31 innihaldsefni
- Öflug ofurfæðisblanda

## Veður




Ákveðin austan- og suðaustanátt og rigning eða súld sunnan til í dag, en hægari og þurrt að kalla fyrir norðan. Milt veður.

SJÁ SÍÐU 30



Kannabisplönturnar sem fundust á Suðurnesjum í vikunni.

# Mikið magn fíkniefna í upphafi árs

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði stórtæka ræktun á kannabisplöntum og gerði upptækar þúsundir söluskammta í húsleit nú á dögunum. Á Facebooksíðu embættisins kemur fram að talið sé að söluandvirði fíkniefnanna sé tólf til fjórtán milljónir króna. Einn maður var handtekinn vegna málsins.

Annar var handtekinn í húsleit sem embættið gerði skömmu síðar en þar fannst mikið magn amfetamíns auk kannabisefna og vopna.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði svo kannabisræktun á tveimur stöðum í Hafnarfirði í gær og lagði hald á samtals 75 plöntur. Tveir karlmenn játuðu á sig ræktunina, sem í báðum tilfellum átti sér stað í heimahúsi. Málin eru ekki talin tengjast.

Á þriðjudag greindi lögreglan frá því að upp á síðkastið hefðu nokkrar húsleitir verið framkvæmdar í Hafnarfirði og að hald hefði verið lagt á tugi kannabisplantna. Þá hafði karlmaður á sjötugsaldri verið handtekinn vegna málsins.

Þetta eru ekki fyrstu fíkniefnamálin sem koma upp á árinu en á fyrstu viku ársins lagði lögreglan á Suðurnesjum hald á kannabisfræ, amfetamín og hakakrosstöflur svokallaðar. Þá lagði hún hald á kannabisklumpa og amfetamín í enn einni húsleitinni.

– snæ

## Á leið í langferð




**Prufusigling fyrir Noregsferð** Báturinn Tranöy var í prufusiglingu í Hafnarfjarðarhöfn á fallegum janúardegi. Báturinn var framleiddur af Trefjum ehf. og er á leið til Noregs. Kaupandi bátsins er Íslendingur sem hefur verið búsettur í Noregi um áratugabil og hefur keypt fleiri báta af Trefjum. Tranöy er ný tegund af bát frá Trefjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Leggjast gegn réttindum Atla

**DÓMSMÁL** Við fyrirtöku í máli Atla Helgasonar í gær krafðist ákæruvaldið þess að honum yrðu ekki veitt lögmannsréttindi á ný. Atli var árið 2001 dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir manndráp og var hann í kjölfarið sviptur lögmannsréttindum.



Atli Helgason

Atli sat inni til ársins 2010, en hefur nú fengið uppreist æru og er því með óflekkað mannorð. Í kjölfarið lagði hann fram beiðni um að endurheimta lögmannsréttindi sín.

Við fyrirtöku málsins lagði ákæruvaldið meðal annars fram umsögn frá Lögmannafélagi Íslands. Sjálfur mætti Atli ekki við fyrirtökuna en málflutningur fer fram þann 1. febrúar. – þv/skh

# Börnin óþreyjufull að hefja í skólagönguna

**Flóttafólk sem hingað er komið bjó í Beirút við ótryggar og erfiðar aðstæður. Börn á skólaaldri setjast í vetur í fyrsta sinn á skólabekk eftir langt hlé og eru óþreyjufull að hefja skólavistina. Ferðalagið til Íslands reyndist yngstu börnunum erfitt.**

**SAMFÉLAG** Sýrlenskt flóttafólk kom sér fyrir í íbúðum sínum í Kópavogi og á Akureyri á þriðjudagskvöld og fékk stuðningsfjölskyldur sínar í heimsókn í gær. „Fyrsti dagurinn fór bara í það að ná áttum. Stuðningsfjölskyldurnar komu í heimsókn og fóru með þau í gönguferð um nágrennið,“ segir Hrafnhildur Kvaran, tengiliður fjölskyldnanna í Kópavogi hjá Rauða krossinum. „Þau spyrja spurninga um verslanir. Hvar fæ ég þetta? Hvenær fáum við að læra íslensku? Hvenær byrjar skólinn? Þau vilja verða virk í samfélaginu sem fyrst.“

Hrafnhildur segir þau hefja skólagöngu sína þegar þau eru tilbúin. „Það eru ákveðin atriði sem þarf að klára fyrst. Þau þurfa að fara í heilsufarsskoðun og fá kennitölu og ýmislegt fleira. Það tekur um það bil tvær til þrjár vikur. Núna horfa þau út um gluggann að skólanum, spennt að fá að byrja,“ segir Hrafnhildur.

Eitt barnanna er sérlega spennt fyrir því að hefja skólagönguna, Omar Al Khattab, sem er kominn til Akureyrar og ferðaðist með fiðlu í handfarangri sem honum var gefin í Beirút. Hann kann að spila nokkur vel valin lög og vonast til þess að á Íslandi fái hann að læra á fiðluna. Þegar honum er sagt af Sinfóníuhljómsveit á Akureyri ljómar hann.

Aðstæður flóttafólks sem hingað er komið voru misgóðar í Beirút og í mörgum tilfellum hefur það búið við afar ótryggar og erfiðar aðstæður. Konur og börn verst sett, ekkert barnanna sem kom til landsins hefur gengið í skóla síðan fjölskyldur þeirra flúðu Sýrland þótt




Omar spilar fyrir gesti flugstöðvarinnar í París. Hann hlakkar til að hefja nám á Akureyri og langar að verða tónlistarmaður. MYND/KRISTJANA

> **Fyrsti dagurinn fór bara í það að ná áttum. Stuðningsfjölskyldurnar komu í heimsókn og fóru með þau í gönguferð um nágrennið.**
>
> Hrafnhildur Kvaran
> Rauða krossinum í Kópavogi



mörg hafi fengið einhvers konar kennslu og aðstoð frá alþjóðlegu flóttamannasamtökunum IOM. Þá hafa alls ekki allir flóttamenn almennan aðgang að heilbrigðiskerfi.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, segir nú undirbúning hafinn að komu næsta hóps. „Við undirbúum komu tuttugu manna hóps í febrúar, þar á meðal er einn ófæddur einstaklingur.“

Eygló segir mikilvægt að vanda vel til verka og læra af reynslu hverrar fjölskyldu sem hingað kemur. Blaðamaður ferðaðist með flóttafólkinu frá París og tók eftir atriði sem ef til vill þarf að taka betur til greina. Ferðalagið reyndi svo mjög á yngstu börnin að þau tóku að kasta upp í flugvélinni á leið til Íslands. Yngsti sonur Khattabs veiktist mest. Þegar komið var til Íslands hugaði starfsfólk Rauða krossins að líðan sonar Khattabs, gaf honum að drekka og leitaði ráða hjá heilbrigðisstarfsfólki. Hann braggast nú á nýju heimili sínu á Akureyri.

kristjanabjorg@frettabladid.is




Samsung Gear VR
9.990 kr. stgr.
Ef keypt með Samsung Galaxy S6 eða S6 edge farsímum.
Samsung Gear VR
19.990 kr. stgr.
Afríkusafarí með Nova frá aðeins 9.990 kr.
Með Samsung Gear VR getur þú hallað þér aftur í sófanum og ferðast um sléttur Afríku, siglt á gondól í Feneyjum eða tekið þyrluflug yfir Manhattan. Samsung Gear VR er fyrir Samsung Galaxy S6, S6 edge og S6 edge+.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

# Döpur aflabrögð á Íslandsmiðum úr mikilvægum fiskistofnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Afli íslenskra skipa í úthafskarfa hefur aldrei verið minni en á síðasta fiskveiðiári, eða síðan íslensk skip hófu beina sókn í tegundina á miðunum á Reykjaneshrygg. Á síðustu vertíð veiddu þau aðeins 2.128 tonn af úthafskarfa samanborið við 2.436 tonn árið áður sem þá var allra minnsti afli til þessa.

Mikið samdráttartímabil í afla á úthafskarfa á Reykjaneshrygg kristallast í því að aflamark íslenskra skipa á nýliðnu ári var 3.244 tonn og voru íslensk skip því nokkuð frá því að veiða upp í aflamarkið. Aflamark komandi vertíðar er 2.614 tonn. Í frétt Fiskistofu kemur fram að á „velmektarárum úthafskarfaveiðanna á Reykjaneshrygg fór heildarafli íslensku skipanna oft yfir 40 þúsund tonn. Aflinn á síðustu tveimur vertíðum er því aðeins svipur hjá sjón.“

Íslendingar veiddu á síðasta ári 42.626 tonn af norsk-íslenskri síld. Þetta er minnsti afli íslenskra skipa úr þessum síldarstofni síðan 1994 eða í rúm tuttugu ár. Aflamark íslenskra skipa í norsk-íslenskri síld á árinu 2015 var rúmlega 45 þúsund tonn en verður litlu meira á komandi vertíð eða rétt tæplega 48 þúsund tonn.

Betri fréttir eru af kolmunnaog makrílveiðum. Á síðasta ári veiddu íslensk skip 214.890 tonn af kolmunna. Þetta er mesti ársafli íslenskra skipa á tegundinni síðan 2007. Til að mynda var aflinn 5.882 tonn árið 2011 eða aðeins 2,7% af afla síðasta árs.

Makrílafli íslenskra skipa á síðasta ári var 169.336 tonn en var árið áður 173.560 tonn. Þetta var samdráttur upp á 2,4% milli ára. Af þessum afla voru 148.280 tonn fengin úr íslenskri lögsögu eða 87,6% aflans. **– shá**



**Makríllinn bætir upp lítinn afla úr áður sterkum karfa- og síldarstofnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## Falskar lýsingar matvæla í Rússlandi

**RÚSSLAND** Færst hefur í vöxt að matvara í Rússlandi innihaldi ekki þau matvæli sem tiltekin eru í innihaldslýsingu. „Þetta kemur fram í nýlegu yfirliti frá RUIE sem eru eins konar samtök iðnaðarins í Rússlandi,“ segir í umfjöllun Landssambands kúabænda.

Vísað er til þess að í gögnum RUIE komi meðal annars fram að 76 prósent af þeim osti sem seldur sé í landinu innihaldi fyrst og fremst plöntufitu en ekki mjólkurfitu. „Þá innihalda unnar kjötvörur afar lítið af kjöti og þeim mun meira af plöntupróteinum í staðinn, enda skortur á kjöti líkt og mjólkurafurðum í landinu.“

Breytingin er sögð tilkomin eftir að Rússar lokuðu fyrir innflutning helstu landbúnaðarvara til landsins frá mörgum löndum í Evrópu og víðar. Við það hafi orðið gjörbreyting á matvörumarkaði Rússa, enda hafi stór hluti matvæla verið innfluttur. „Nú hefur svo komið í ljós að á rússneska markaðinum eru ótal falsaðar matvörur, það er vörur sem innihalda hreint ekki það sem þær ættu að gera samkvæmt innihaldslýsingunum.“ **– óká**

## Þingfararkaup hækki en eftirlaun lækki

**DANMÖRK** Nefnd á vegum danskra stjórnvalda leggur til að laun ráðherra og þingmanna hækki um 15 prósent en að eftirlaun lækki. Árslaun danska þingmanna eru nú um 12,5 milljónir íslenskra króna en ráðherra um 22,2 til 27,7 milljónir íslenskra króna. Nefndinni var einnig falið að leggja til nýtt launa- og eftirlaunakerfi fyrir borgarstjóra og formenn svæðisráða.

Tillagan um hækkanir hefur sætt gagnrýni, meðal annars jafnaðarmanna, en nefndin segir breytt kerfi ekki fela í sér aukinn kostnað. **– ibs**

# Greiðslur til sérgreinalækna nærri þrefaldast að raunvirði

**Frá árinu 1997 hafa raungreiðslur til sérgreinalækna á einkastofum þrefaldast. Stórt stökk á milli 2013 og 2014. Sjúkratryggingar loka á nýja sérgreinalækna. Stjórnendur opinberra stofnana segjast berjast í bökkum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Greiðslur Sjúkratrygginga Íslands til sérgreinalækna á einkastofum hafa nærri þrefaldast frá árinu árinu 1997. Á árinu 2014 hækkuðu greiðslur um 1,3 milljarða króna frá fyrra ári. Formaður velferðarnefndar segir heilbrigðiskerfið þurfa heildarendurskoðun.

Árið 1997 voru greiðslur til sérgreinalækna rúmir 2,7 milljarðar króna á verðlagi í lok árs 2015. Á árinu 2014 voru greiðslurnar orðnar 7,6 milljarðar króna á núvirði og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru líkur á að þegar árið 2015 verði að fullu gert upp slái sú upphæð met hvað varðar greiðslur til sérgreinalækna. Sjúkratryggingar Íslands ákváðu einhliða með tveggja daga fyrirvara í lok árs 2015 að loka á nýskráningar sérgreinalækna í samningi við Sjúkratryggingar því kostnaður hefur farið langt fram úr áætlun.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar, telur að hugsa þurfi kerfið upp á nýtt. „Við sameiningu spítalanna í Reykjavík var ekki farið í að efla LSH og byggja yfir alla hina sameinuðu starfsemi og þá gerðist það að sérgreinalæknar fóru að sækja í auknum mæli í einkarekstur utan spítalanna. Þannig hefur óskrifuð pólitísk stefna verið að auka rekstur sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsanna og heilsugæslu,“ segir Sigríður og telur þennan geira varinn með beltum og axlaböndum. „Heilbrigðisráðherra gerði samning 2014 við sérgreinalækna í sjálfstæðum rekstri sem hækkar til samræmis við verðlag og laun tvisvar á ári og stækkar árlega. Þetta þýðir að einkaþjónustan fær að vaxa meðan hin opinbera tekur á sig aðhald og niðurskurð.“

> **Þegar ég skoða fjárlagafrumvarp næsta árs þá líst mér ekki á blikuna.**
>
> Páll Matthíasson forstjóri Landspítala



**7,6**

**milljarðar voru greiðslur til sérgreinalækna árið 2014.**

Á sama tíma og fé hefur nærri þrefaldast frá ríki til sérgreinalækna hefur opinber heilbrigðisþjónusta barist í bökkum að mati stjórnenda stofnana. Páll Matthíasson, forstjóri LSH, sagði í forstjórapistli sínum um fjárlagafrumvarpið að hann hefði miklar áhyggjur af stöðunni. „Þegar ég skoða fjárlagafrumvarp næsta árs þá líst mér ekki á blikuna. Ég hef þungar áhyggjur af því að þar skorti ekki aðeins fé til sóknar heldur í raun til óbreytts rekstrar,“ sagði Páll.

Hvorki náðist í heilbrigðisráðherra né landlækni við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **sveinn@frettabladid.is**

### Greiðslur til sérgreinalækna utan LSH

Framreiknað í milljónum króna á verðlagi desembermánaðar 2015.




*Heimild/Sjúkratryggingar Íslands.* FRÉTTABLAÐIÐ/INGO






# Ríkið bótaskylt ef dæmt er gegn EES-rétti

**STJÓRNSÝSLA** Íslensk lög koma í veg fyrir að einstaklingar geti höfðað skaðabótamál gegn ríkinu þegar dómstólar fara ekki að EES-rétti. Þetta kemur fram í rökstuddu áliti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, í gær. Er þess krafist að Ísland fylgi meginreglunni um skaðabótaábyrgð ríkis vegna brota á reglum EES-réttar, en sú meginregla taki einnig til brota dómstóla.

Fram kemur í tilkynningu ESA að eftirlitsstofnunin hafi komist að þessari niðurstöðu eftir rannsókn í tilefni kvörtunar frá aðila sem taldi sig hafa orðið fyrir tjóni vegna rangrar túlkunar Hæstaréttar á EES-rétti.

„Þótt ríki geti borið skaðabótaábyrgð vegna dóma sem brjóta gegn reglum EES-réttar er sjálfstæði dómstóla ekki dregið í efa í niðurstöðu ESA. Hitt er heldur ekki dregið í efa að dómar eru endanlegir. Meginreglan um skaðabótaábyrgð ríkis krefst þess að bætur séu greiddar en ekki endurskoðunar á niðurstöðu dómsins,“ segir í tilkynningu ESA.



**ESA segir stjórnvöld hafa tvo mánuði til að bregðast við áliti sínu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **ESA krefst þess að Ísland fylgi meginreglunni um skaðabótaábyrgð ríkis vegna brota á reglum EES-réttar, en sú meginregla taki einnig til brota dómstóla.**

Rökstutt álit er annað skrefið í meðferð samningsbrotamáls. „Hafi íslensk stjórnvöld ekki brugðist við rökstudda álitinu með nauðsynlegum aðgerðum innan tveggja mánaða getur ESA vísað málinu til EFTA-dómstólsins.“ **– óká**




## Klárir í snjóinn

Fjórhjóladrifnir Santa Fe og Tucson hafa slegið í gegn með nýju og fallegu útliti, ríkulegum staðalbúnaði, aflmiklum dísilvélum og sjálfskiptingu. Komdu í heimsókn í dag, skelltu þér í reynsluakstur og kynntu þér janúarkaupauka sem fylgja nýjum Hyundai.

Hyundai Tucson - Verð frá 5.490.000 kr.
Hyundai Santa Fe - Verð frá 7.090.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Hyundai Santa Fe – dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Hyundai Tucson – dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*. **Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.** *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is



Dyflinnarreglugerðin var ekki hönnuð með svo mikinn fjölda hælisleitenda í huga. NORDICPHOTOS/AFP

## Vilja breyta Dyflinnarreglugerð

**EVRÓPA** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun líklega leggja til að gagngerar breytingar verði gerðar á hinni svokölluðu Dyflinnarreglugerð. Nú er í gildi sú regla að flóttamaður skuli sækja um hæli í því Schengen-ríki sem hann kemur fyrst til og talið er að sú regla verði fyrst felld úr gildi.

Á síðasta ári gekk illa að framfylgja ákvæðum reglugerðarinnar og þar að auki hættu Þjóðverjar að beita henni í ákveðnum tilvikum. Mikill meirihluti flóttamanna, eða um milljón manns, hefur komið til Evrópu í gegnum Grikkland og Ítalíu og hafa ýmis vandamál skapast vegna þess. Dyflinnarreglugerðin var ekki hönnuð með slíkan fjölda hælisleitenda í huga. – þv

## Umferðarteppa gegn breytingum á lífeyriskerfi



**Bændur mótmæla breyttu lífeyriskerfi** Bændur mótmæltu í bænum Promachonas í norðurhluta Grikklands í gær, nálægt landamærum Búlgaríu. Þeir stilltu traktorum sínum upp í langar raðir við tollafgreiðslu á landamærunum en þeir mótmæla breytingum á lífeyriskerfinu og hyggjast halda áfram að mótmæla. Búast má við löngum röðum traktora við helstu gatnamót á þessu svæði næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Skólafæðið hækkar í verði

**Þetta kosta skólamáltíðir á landinu**

| Sveitarfélag | Hádegismatur 2015 | Breyting milli ára | Hádegismatur 2016 |
|---|---|---|---|
| Ísafjarðarbær | 450kr. | 7% | 480kr. |
| Garðabær | 428kr. | 9% | 465kr. |
| Vestmannaeyjar | 433kr. | 6% | 457kr. |
| Fljótsdalshérað | 425kr. | 6% | 450kr. |
| Kópavogskaupstaður | 420kr. | 5% | 439kr. |
| Seltjarnarneskaupstaður | 420kr. | 2% | 428kr. |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 427kr. | 0% | 427kr. |
| Akureyrarkaupstaður | 411kr. | 4% | 427kr. |
| Fjarðabyggð | 413kr. | 3% | 426kr. |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 359kr. | 9% | 391kr. |
| Mosfellsbær | 338kr. | 5% | 355kr. |
| Reykjanesbær | 350kr. | 0% | 350kr. |
| Sveitarfélagið Árborg | 330kr. | 3% | 341kr. |
| Reykjavíkurborg | 324kr. | 4% | 338kr. |
| Akraneskaupstaður | 325kr. | 3% | 335kr. |

FRÉTTABLAÐIÐ/INGO

## Hressing hækkar í verði

**SAMFÉLAG** Sveitarfélagið Skagafjörður er með lægsta verðið á skóladagvistun með hressingu og hádegismat, eða 22.953 krónur á mánuði. Hæsta verðið er hjá Garðabæ, 35.745 kr./mán., en það er 12.792 kr. verðmunur á mánuði eða 56%.

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði breytingar á gjaldskrám fyrir skóladagvistun ásamt hressingu og hádegismat fyrir yngstu nemendur grunnskólanna hjá 15 fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Ekki er tekið tillit til seðilgjalda eða annarra innheimtugjalda, sem leggjast ofan á gjöldin sem innheimt eru jafnvel í tvennu lagi. Einnig er oft í boði ávaxtastund og mjólkuráskrift á skólatíma sem er heldur ekki tekin með í samanburðinum.

Í könnuninni kemur fram að þrettán sveitarfélög af þeim fimmtán sem skoðuð voru hafa hækkað gjaldskrána fyrir hádegismat milli ára. Þá hafa tólf sveitarfélög af þeim fimmtán sem eru til skoðunar hækkað hjá sér gjaldskrána fyrir skóladagvistun með hressingu á milli ára.

Mjög misjafnt er hvað foreldrar þurfa að greiða fyrir hádegismatinn, en munurinn er allt að 43% á milli sveitarfélaganna. Hæsta gjaldið er hjá Ísafjarðarbæ en þar kostar máltíðin 480 kr. en lægsta gjaldið er 335 kr. hjá Akraneskaupstað sem er 145 kr. verðmunur.

Lægsta mánaðargjaldið fyrir skóladagvistun er í Vestmannaeyjum á 14.165 kr. Hæst er gjaldið 25.980 kr. hjá Garðabæ. Verðmunurinn er 11.815 kr. eða 83%. – kbg

# Kaupmáttur og stórir árgangar hafa áhrif

**Spáð er áframhaldandi hækkun íbúðaverðs næstu þrjú ár. Áætlanir eru um aukið framboð nýrra íbúða og fjölbýlishúsa í Reykjavík. Aukinn byggingarkostnaður, meiri eftirspurn og aukinn kaupmáttur þrýstir á hærra verð.**

**EFNAHAGSMÁL** Óvíst er að fjölgun byggingarleyfa í borginni á síðasta ári og áætlanir um aukna íbúðabyggingu hafi áhrif á hækkun fasteignaverðs. Hagfræðideild Landsbankans gaf í gær út spá um 8,0 prósenta hækkun fasteignaverðs á ári næstu þrjú árin.

Þá er í greiningu deildarinnar bent á að fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað um 1,4 prósent á milli mánaða í desember og um 9,4 prósent frá fyrra ári.

„Þetta eru mestu verðhækkanir milli ára sem sést hafa frá árinu 2007,“ segir þar.

Höfuðborgarsvæðið sé hins vegar ekki með sérstöðu þegar kemur að hækkunum, þótt þær hafi verið mismunandi á milli bæja. „Sums staðar var hækkunin meiri eða álíka og á höfuðborgarsvæðinu.“

Reykjavíkurborg hefur greint frá því að á síðasta ári hafi verið gefin út nærri tvöfalt fleiri byggingarleyfi en árin þar á undan. Þá lagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fram á fundi borgarráðs í síðustu viku lista yfir næstu fjölbýlishúsalóðir sem borgin hafi til úthlutunar, en þar eru um 1.200 íbúðir, sem bætast við framkvæmdir á vegum einkaaðila.

Ásgeir Jónsson, dósent við hagfræðideild HÍ og efnahagsráðgjafi Virðingar, segir ýmsa þætti ýta undir hækkandi fasteignaverð. Aukið framboð í borginni hafi lítil áhrif til skemmri tíma vegna þess hve fasteignir séu lengi í byggingu. „Þeir ná ekki að afhenda íbúðir fyrr en á næstu einu til tveimur árum,“ segir hann.

Þá hafi fleiri þættir áhrif á íbúðaverð en framboðið. Meðal þess sem nú spili inn í sé aukning kaupmáttar og hærri laun. „Þetta er með mestu aukningu kaupmáttar sem við höfum séð í langan tíma,“ segir hann. Horfa þurfi aftur til áranna 1997 og 1998 til að sjá viðlíka aukningu. „Og það hefur náttúrlega áhrif á fasteignamarkaðinn. Að jafnaði hafa Íslendingar eytt um það bil einum fimmta af tekjum sínum í húsnæði.“

Að auki hafi áhrif að núna séu stórir árgangar að detta inn á þrítugsaldurinn, sem hafi áhrif á eftirspurnina. „Þessir tveir þættir, hækkun launa og aukin eftirspurn, setja töluverðan þrýsting á fasteignamarkaðinn.“

Við bætist svo að töluverðum fjölda íbúða hafi verið kippt út af fasteigna- og leigumarkaði vegna Airbnb og svo hafi byggingariðnaður verið mun seinni í gang en búist hafi verið við.

„Hann datt alveg niður og við misstum allt of mikið af fólki og tækjum úr landi á sínum tíma. Það vantar bara verktakafyrirtæki.“ Þá bætist aukinn launakostnaður líka við hækkandi byggingarkostnað, sem einnig setji þrýsting á verð.

olikr@frettabladid.is

### Næstu fjölbýlishús í Reykjavík

| Staðsetning | Fjöldi íbúða |
|---|---|
| Urðarbrunnur 130-134 | 30 |
| Urðarbrunnur 33-35 | 23 |
| Keilugrandi 1 | 78 |
| Vesturbugt, 2 lóðir | 170 |
| Kirkjusandur, 4 lóðir | 170 |
| RÚV reitur, 1 byggingarreitur | 40 |
| Skógarvegur 16 | 20 |
| Bólstaðarhlíðarreitur, 4 lóðir | 150 |
| Hraunbær 103-105 | 60 |
| Suður-Mjódd, 2 lóðir | 100 |
| Móavegur 2-4, 3 lóðir | 150 |
| Stúdentagarður á Vísindareit | 210 |
| **Samtals:** | **1.201** |

*Heimild: Reykjavíkurborg*

**9,4%**

**er hækkun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu frá fyrra ári.**

**Að jafnaði hafa Íslendingar eytt um það bil einum fimmta af tekjum sínum í húsnæði. Þessir tveir þættir, hækkun launa og aukin eftirspurn, setja töluverðan þrýsting á fasteignamarkaðinn.**



Ásgeir Jónsson
hagfræðingur

# LANDSINS MESTA ÚRVAL *fyrir heilsuna*

*Nýjar bragðtegundir*



*Gott verð* 2.989 kr/stk

**AMINO ENERGY**
Nýjar tegundir hafa bæst við fjölskylduna, kaffi og súkkulaði, kaffi og vanillu.

*Ný tegund*



269 kr/stk
verð áður 300

**VITAMIN WELL**
Allir þurfa að upgrade-a sig. Eða næstum allir.
Bragðgóðir og svalandi drykkir, fullir af vítamínum, steinefnum, jurta og ávaxta extract og örlítið af ávaxtasykri. Fáanlegir í 3 bragðtegundum.



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

**QUEST prótein**
Quest prótein duft! Enginn viðbættur sykur, ekkert glúten, ekkert soja. Frábært í drykki og bakstur.
Enn ein snilldarvaran frá Quest!

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**NOW vítamín**
Öll NOW vítamín á 20% afslætti.

*Nýtt í Hagkaup*

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



**NATURES AID vítamín**
Gæðavottuð bætiefnalína þar sem öll innihaldsefni eru 100% náttúruleg.



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**GULI MIÐINN vítamín**
Í Gula miðanum eru margar stakar vítamín tegundir og einnig blöndur sem hafa verið sérhannaðar fyrir Íslendinga.

Gildir til 24. janúar á meðan birgðir endast.



299 kr/stk
verð áður 389

**baí5 andoxunardrykkir**
Margar bragðtegundir.

**LÝSI vítamín**
LÝSI er leiðandi á heimsvísu á sviði rannsókna, vöruþróunar, framleiðslu og sölu á fiskiolíum.





TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**RAPUNZEL**
Fáðu Rapunzel lífrænar vörur á tilboði í næstu verslun.



Vörurnar frá Rude Health samanstanda af hreinum náttúrulegum efnum og eru lausar við allan unnin sykur og erfðabreytt matvæli. Heiti varanna tengist gömlu ensku máltæki sem merkir að vera hress og líta hraustlega út. Fyrir þá sem er umhugað um heilsuna er tilvalið að byrja daginn með vörum frá Rude Health, en þær samanstanda af margs konar múslíi, granóla, hafragrautum og trefjaríku kexi.

**RUDE HEALTH**
Lífrænar vörur án viðbætts sykurs.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



Ekki er víst að búrkubann myndi standast stjórnarskrá. NORDICPHOTOS/AFP

# Vilja búrkubann í Þýskalandi

**ÞÝSKALAND** Hægriflokkurinn CSU, systurflokkur CDU, flokks Merkel Þýskalandskanslara, hefur lagt til að bann við að ganga með búrku verði innleitt í Þýskalandi.

Ilse Aigner, fjármálaráðherra Bæjaralands, segir að löggjöfina ætti að innleiða sem fyrst. Hún segir löggjöfina snúast um að fólk geti séð hvert annað, slíkt skapi meiri samkennd í samfélaginu. Þá séu búrkur ekki í samræmi við hugmyndir Þjóðverja um kynjajafnrétti.

Þá vill hún að ferðamönnum verði einnig óheimilt að ganga með búrkur.

Skýrsla sem gerð var fyrir ríkisstjórn Þýskalands fyrir tveimur árum ályktar svo að búrkubann myndi að öllum líkindum ekki standast þýsku stjórnarskrána. – **srs**


Komdu á opinn fund Félags atvinnurekenda um verðmætasköpun menningarinnar

## SKAPANDI GREINAR – NÝ MJÓLKURKÝR?

Fimmtudaginn 4. febrúar kl. 14 í Nauthóli

Aðalfundur Félags atvinnurekenda verður haldinn í Nauthóli, Nauthólsvegi 106, fimmtudaginn 4. febrúar næstkomandi. Opinn fundur hefst kl. 14, en venjuleg aðalfundarstörf kl. 16.

**Dagskrá opins fundar FA:**

14.00 Menntun er drifkraftur sköpunar
Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra

14.15 Við elskum það sem við gerum
Guðný Guðjónsdóttir, forstjóri Sagafilm

14.35 Listgrein/atvinnugrein
Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri Útón

14.55 Tíska á krossgötum
Steinunn Sigurðardóttir, fatahönnuður

15.15 Falda aflið sýnir sig
Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

15.30 Kaffihlé

16.00 Venjuleg aðalfundarstörf

Fundarstjóri opna fundarins er Hanna Katrín Friðriksson, framkvæmdastjóri hjá Icepharma.








**Skráðu þig á atvinnurekendur.is.**
**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.**

FÉLAG ATVINNUREKENDA


## Rúmlega 9% barna á Íslandi líða efnislegan skort



- Börn á Íslandi sem teljast ekki líða efnislegan skort
- Börn á Íslandi sem líða skort (skortir tvennt eða meira)
- Börn á Íslandi sem líða verulegan skort (skortir þrennt eða meira)

### Börn á Íslandi sem líða skort og verulegan skort 2009 og 2014

Fjöldi barna




- Skortur (skortir tvennt eða meira)
- Þar af verulegur skortur (skortir þrennt eða meira)

**ÁRIÐ 2009** **4%** allra barna á Íslandi liðu skort

**ÁRIÐ 2014** **9,1%** allra barna á Íslandi leið skort

### Svör við ákveðnum spurningum úr viðauka lífskjararannsóknar Evrópusambandsins 2009-2014 – þau börn sem líða efnislegan skort

| | 2009 | 2014 |
|---|---|---|
| **Næring** Fær ekki a.m.k. eina kjöt- eða fiskmáltíð eða sambærilega grænmetismáltíð daglega | 1,4% | 3,0% |
| **Klæðnaður** Á ekki a.m.k. tvö pör af skóm sem passa | 2,2% | 3,1% |
| **Menntun** Getur ekki tekið þátt í ferðum eða viðburðum á vegum skólans sem kosta peninga | 1,8% | 2,8% |
| **Húsnæði** Býr í þröngbýli | 8,3% | 11,2% |
| **Afþreying** Á ekki leiktæki, leikföng eða íþróttabúnað til að vera með utan dyra | 1% | 2,4% |
| **Félagslíf** Getur ekki haldið upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu | 0,7% | 1,4% |

**3,2%** allra barna á Íslandi (1-15 ára) líða skort á sviði næringar

**1,4%** barna geta ekki haldið upp á afmæli eða önnur tímamót í lífi sínu

**» Börn sem líða verulegan skort á Íslandi eru 36 sinnum líklegri en önnur börn til að líða skort á sviði næringar**

Heimild: Skýrsla UNICEF: Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort

# Fjöldi barna sem líða skort hefur tvöfaldast

**Árið 2014 bjuggu 6.106 börn við skort á Íslandi, þar af 1.568 við verulegan skort. Mesta aukningin frá könnun frá 2009 var á sviði húsnæðis, félagslífs og afþreyingar.**

**SAMFÉLAG** Fjöldi barna sem líða skort á Íslandi hefur rúmlega tvöfaldast á fimm árum, 9,1 prósent allra barna á Íslandi leið skort árið 2014, samanborið við fjögur prósent barna árið 2009. Samtals líða 6.107 börn skort hér á landi, þar af 1.586 verulegan skort. Þetta kemur fram í skýrslu UNICEF, Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort, sem kom út í gær.

Börn teljast líða skort ef þau skortir tvennt eða fleira af því sem spurt er um í lífskjararannsókn Evrópusambandsins en svör við spurningum úr þeirri rannsókn eru flokkuð með skortgreiningu UNICEF eftir sjö sviðum: næringu, menntun, klæðnaði, upplýsingum, húsnæði, afþreyingu og félagslífi. Aldursbil greiningar UNICEF nær yfir börn á aldrinum 1 árs til 15 ára. Sjá má hluta af spurningunum hér í töflu.

Helst liðu börn á Íslandi skort árið 2014 hvað varðar húsnæði og félagslíf. Mesta aukningin í prósentustigum er á þeim sviðum, auk afþreyingar. Einungis á sviði upplýsinga og næringar hefur skorturinn minnkað. Skortur meðal barna mælist meiri en hjá fullorðnum.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, segist mjög þakklát frumkvæði UNICEF. „Þarna eru að koma mjög skýrt fram áhrif kreppunnar. Manni finnst mjög erfitt að sjá þessar tölur, en þær staðfesta mjög skýrt áherslur okkar í velferðarráðuneytinu á húsnæðimálin.

> **Við sjáum það að þau börn sem eru í fjölskyldum sem eru á leigumarkaðnum eru líklegust til að búa við skort.**
>
> Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra



Við sjáum það að þau börn sem eru í fjölskyldum sem eru á leigumarkaðnum eru líklegust til að búa við skort og er það stærsti áhrifaþátturinn," segir Eygló. „Við þurftum þessa greiningu til að sjá áhrif af stuðningskerfi hins opinbera. Við höfum verið með stuðning fyrir einstæða foreldra sem hefur skilað árangri. En börn sem eru með tvo foreldra á heimili sem eru atvinnulausir eða standa höllum fæti á vinnumarkaði, fá kannski ekki nægan stuðning, það eru þá þau börn sem búa við mestan skort," segir Eygló.

Talað er um að börn búi við verulegan skort ef þau skortir þrennt eða fleira af listanum. Alls líða 2,4 prósent barna verulegan skort, þrefalt fleiri en 2009. Auk þess hefur fjölda atriða sem börn skortir fjölgað. Árið 2009 skorti ekkert barn meira en fjögur atriði af lista lífskjararannsóknarinnar en árið 2014 skorti börn allt að sjö þætti af listanum. Um 0,2 prósent barna, eða um 147 börn.

### Drengir með íslenska foreldra líklegastir til að líða skort

Samkvæmt rannsókninni eru mestar líkur á að barn líði skort á Íslandi ef það er drengur sem á foreldra sem eru einungis með grunnmenntun, yngri en 30 ára, í lægsta tekjubili, á leigumarkaði, fæddir á Íslandi, í stærri bæjum, tveir á heimili með eitt barn, í minna en 50 prósenta starfshlutfalli.

Börn yngstu foreldranna eru rúmlega þrisvar sinnum líklegri til að búa við skort en önnur börn.

Árið 2009 bjuggu 12,5 prósent barna sem áttu foreldri eða foreldra sem fæddir voru erlendis við skort en aðeins 2,9 prósent barna sem áttu foreldra sem fæddir voru á Íslandi. Árið 2015 bjuggu hins vegar 9,4 prósent þeirra barna sem eiga foreldra fædda á Íslandi við skort, samanborið við 6,8 prósent sem áttu foreldra sem fæddir eru erlendis.

Erfiður húsnæðismarkaður hefur mikil áhrif á skort barna, en sem fyrr segir var ein mesta aukningin í prósentustigum á sviði húsnæðis. Árið 2009 bjuggu 6,6 prósent barna á leigumarkaði við skort en árið 2014 hafði þetta hlutfall tæplega þrefaldast og var komið upp í 19 prósent.

saeunn@frettabladid.is

# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl
## Mikið úrval gott verð



**VERÐ 1.990.000 kr.**
**Ford Fiesta Trend** JZF22
Skráður apríl 2015, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 27.000 km. Í ábyrgð.



**TILBOÐ 7.950.000 kr.**
**Toyota Land Cruiser 200 VX** ERU84
Skráður september 2010, 5,7i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 130.000 km.
Verð: 8.490.000 kr.



**TILBOÐ 3.490.000 kr.**
**Suzuki Grand Vitara** ZRJ19
Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskiptur.
Ekinn 63.000 km.
Verð: 3.950.000 kr.



**TILBOÐ 8.990.000 kr.**
**Volvo XC90 Momentum D5 AWD** FYE05
Skráður mars 2013, 2,4TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 32.000 km. Í ábyrgð.
Verð 9.250.000 kr.



**TILBOÐ 3.490.000 kr.**
**Mazda6 Vision SDN** RIS81
Skráður mars 2014, 2,2 SkyActiv dísil, beinskiptur.
Ekinn 49.000 km. Í ábyrgð.
Verð: 3.790.000 kr.



**VERÐ 3.490.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium S AWD** PJD48
Skráður maí 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 113.000 km.



**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
**Ford B-MAX Titanium** RIA64
Skráður apríl 2014, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 39.000 km. Í ábyrgð.
Verð 3.190.000 kr.



**TILBOÐ 2.190.000 kr.**
**Honda Civic Sport Comfort** FIN61
Skráður júní 2012, 1,8i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 48.000 km.
Verð: 2.390.000 kr.



**VERÐ 2.490.000 kr.**
**Mazda6 Advance STW** YMP75
Skráður nóvember 2011, 1,8i bensín/metan, beinskiptur.
Ekinn 75.000 km.



**TILBOÐ 2.690.000 kr.**
**Citroën Berlingo Multispace** HSH32
Skráður mars 2015, 1,6TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn 20.000 km. Í ábyrgð.
Verð 2.880.000 kr.



**TILBOÐ 2.490.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** NPK22
Skráður maí 2014, 1,6TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn 84.000 km. Í ábyrgð.
Verð: 2.650.000 kr.



**TILBOÐ 1.190.000 kr.**
**Honda Civic ES** BMA03
Skráður mars 2008, 1,8i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 166.000 km.
Verð: 1.390.000 kr.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Tugir særðir og 19 látnir í árás talibana

**PAKISTAN** Að minnsta kosti 19 manns létu lífið og tugir særðust í árás vopnaðra manna á Bacha Khan-háskólann í Charsadda í Pakistan í gær.

Fjórir árásarmenn létu síðan lífið í nokkurra klukkustunda löngum skotbardaga við pakistanska herinn, sem mætti fljótt á svæðið.

Óljóst var í gær hverjir stóðu að árásinni. Yfirmaður í pakistönsku talibanahreyfingunni Tehrik e Taliban sagði AFP-fréttastofunni að árásin væri gerð að undirlagi hreyfingarinnar. Hins vegar bar talsmaður hreyfingarinnar það til baka nokkru síðar.

Liðsmenn hreyfingarinnar gerðu árið 2014 árás á skóla í Peshawar, þar sem 130 nemendur létu lífið.

Aðeins fimmtíu kílómetrar eru á milli borganna Peshawar og Charsadda, en þær eru í norðvesturhluta Pakistans, skammt frá landamærum Afganistans. – **gb**

> Fjórir árásarmenn létu lífið í skotbardaga við pakistanska herinn eftir árásina á Bacha Khan-skólann í gær.



Námsmenn í Karachi mótmæla árásinni á háskólann í Charsadda. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Byggir á lækkun skulda og betri fjárhag

**ORKUMÁL** Matsfyrirtækið Standard & Poor's hefur hækkað lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar í BBB- úr BB+. Á það bæði við um langtímaskuldbindingar sem eru með og án ríkisábyrgðar. Hækkunin kemur í kjölfar hækkunar á lánshæfi ríkissjóðs um einn flokk í BBB+ úr BBB frá 15. janúar 2016. Horfur eru metnar stöðugar.



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir tíðindin góð fyrir fyrirtækið og staðfesti jákvæða þróun í rekstri sem byggir á bættum fjárhag og lækkun skulda. „Að komast í fjárfestingaflokk án ríkisábyrgðar eykur traust lánveitenda og styður við starfsemi Landsvirkjunar meðal annars með bættu aðgengi að lánsfjármagni og lægri fjármagnskostnaði. Við munum áfram leggja megináherslu á lækkun skulda og að styrkja rekstur fyrirtækisins enn frekar," segir Hörður. – **shá**

## Fleiri konur í yfirmannsstöðum

**DANMÖRK** Næstum helmingur allra yfirmanna í sveitarfélögum í Danmörku er konur. Árið 2007 voru þær 846 en 1.208 í fyrra. Í 20 af 98 sveitarfélögum eru fleiri konur í yfirmannsstöðum en karlar.

Í einkageiranum er þróunin hægari. Þar er þriðji hver yfirmaður kona.

Samkvæmt samtökum iðnaðarins í Danmörku vilja margar konur heldur yfirmannsstöður í sveitarfélögum en hjá einkafyrirtækjum. Formaður stéttarfélagsins DJØF, Lisa Herold Ferbing, er ekki sammála því. Hún telur að sveitarfélögum hafi verið gert að huga að jafnrétti. – **ibs**

# Flóttamenn styrkja efnahag þeirra sem taka við flestum

AGS telur að flóttamannastraumurinn muni hafa góð áhrif á efnahag Evrópulanda, bæði til lengri og skemmri tíma. Það fari þó eftir því hvernig á verður haldið. Aðgangur að vinnumarkaði er lykillinn.

**FLÓTTAMENN** Flóttamannastraumurinn til Evrópu mun að öllum líkindum styrkja efnahag Evrópuríkjanna, einkum þeirra sem taka við flestum flóttamönnum: Þýskalands, Svíþjóðar og Austurríkis.

Þetta er mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem hefur tekið saman ítarlega skýrslu um áhrif innflytjenda á efnahag Evrópuríkja.

„Til skemmri tíma hafa aukin ríkisútgjöld lítillega jákvæð áhrif á þjóðarframleiðsluna, einkum í helstu áfangalöndunum, Þýskalandi, Svíþjóð og Austurríki," segir í samantekt skýrslunnar. „Til lengri tíma litið getur fjölgun í vinnuafli haft varanlegri áhrif á hagvöxt og opinber fjármál, en það fer eftir því hve hratt og með hve árangursríkum hætti flóttamenn aðlagast vinnumarkaðnum."

Lykillinn að góðri aðlögun felst, að mati sjóðsins, í því að auðvelda flóttafólkinu aðgang að vinnumarkaðnum, til dæmis með því að ríkið greiði atvinnurekendum launagreiðslustyrki og með því að gera flóttafólki kleift að vinna á meðan beðið er eftir afgreiðslu hælisumsókna.

„Þótt innlent launafólk hafi oft réttmætar áhyggjur af áhrifum innflytjenda á laun og atvinnu, þá sýnir fyrri reynsla að öll neikvæð áhrif eru bæði takmörkuð og tímabundin," segir í skýrslunni.

Fyrstu tíu mánuði ársins 2015 sóttu nærri milljón flóttamenn um hæli í Evrópusambandslöndunum, sem er helmingi meira en árið 2014. Þá kom meira en 1,1 milljón flóttamanna til Þýskalands á árinu 2015.

Í skýrslunni kemur fram að ríkisútgjöld vegna flóttafólks hafi verið að meðaltali um 0,14 prósent af þjóðarframleiðslu í ríkjum Evrópusambandsins á árinu 2015, og muni líklega verða um 0,22 prósent árið 2016.

Mest eru útgjöldin úr ríkissjóði Svíþjóðar, hálft prósent á árinu 2015 og líklega eitt prósent á árinu 2016.

Í skýrslunni segir að starfsmenn AGS hafi gert sérstaka úttekt á því hvernig innflytjendum hafi farnast á vinnumarkaði í Þýskalandi undanfarin 40 ár.

Þar kemur í ljós að verulegur launamunur er á fólki eftir því hvort það er innfæddir Þjóðverjar eða innflytjendur. Munurinn er mestur, eða um 20 prósent, fyrst eftir að innflytjendurnir koma til Þýskalands en fer svo jafnt og þétt minnkandi, um eitt prósent á ári, en hverfur aldrei alveg.

**gudsteinn@frettabladid.is**



Aeham Ahmad er Palestínumaður frá Sýrlandi, verðlaunaður píanóleikari og tekur þarna þátt í mótmælum við aðallestarstöðina í Köln, sem efnt var til 16. janúar undir yfirskriftinni: Sýrlenskir flóttamenn andmæla árásunum í Köln. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Þótt innlent launafólk hafi oft réttmætar áhyggjur af áhrifum innflytjenda á laun og atvinnu, þá sýnir fyrri reynsla að öll neikvæð áhrif eru bæði takmörkuð og tímabundin.
>
> Úr skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins


## Halaleikhópurinn

Loka sýningar á leikritinu "Sagan af Joey og Clark" úr Stræti, eftir Jim Cartwright í leikstjórn og leikgerð Guðjóns Sigvaldasonar.

Föstudaginn 22. janúar kl. 20:00 og sunnudaginn 24. janúar kl. 17:00

Miðaverð 1.500 kr.

Miðasala í síma 897-5007 og midi@halaleikhopurinn.is



www.halaleikhopurinn.is


# Reykjavíkurborg mun greiða næst samkvæmt nýjum kjarasamningum

**KJARAMÁL** Kostnaðarauki Reykjavíkurborgar á árinu 2015 vegna nýrra kjarasamninga við tólf stéttarfélög borgarstarfsmanna nemur samkvæmt bráðabirgðamati 161,3 milljónum króna.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 14. þessa mánaðar heimild til fjármálastjóra borgarinnar til að greiða laun samkvæmt nýjum kjarasamningum við næstu launakeyrslu.

Undir eru samningar við Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag iðjuþjálfa, Félag sjúkraþjálfara, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðagarð, Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga, Sjúkraliðafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga, Stéttarfélag matvælafræðinga og Þroskaþjálfafélag Íslands.

Samningar allra félaganna eru afturvirkir frá 1. september 2015 og gilda til 31. mars 2019. – **óká**



Sjúkraliðafélagið er á meðal þeirra sem borgin hefur samið við um kaup og kjör. Félagið, með lögreglumönnum og SFR, átti harða rimmu við ríkið um laun á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Markhönnun ehf

# nettó

# Heilsu & lífsstílsdagar

21. jan. – 01. feb.

**BLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT**




# 80 BLS.

AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM, HUGMYNDUM, GREINUM OG UPPSKRIFTUM.

**www.netto.is | Tilboðin gilda 21. jan – 01. feb 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Landsleikur í lestri að hefjast

Landsleikurinn Allir lesa hefst á bóndadaginn, 22. janúar, og stendur yfir í mánuð. Leikurinn fer nú fram í annað sinn en í fyrra voru lesnir klukkutímar vel yfir 70 þúsund. Á vef Reykjavíkurborgar segir að borgarstjórn hafi nú ákveðið að taka þátt í keppninni.

Vestmannaeyingar voru í fyrsta sæti í fyrra en Reykvíkingar í 23. sæti af 74. Konur reyndust lesa töluvert meira en karlar í fyrra.

Allir geta tekið þátt í landsleiknum með því að stofna eða ganga í lestrarlið og skrá lestur sinn á vefinn allirlesa.is. Liðin geta verið stór eða smá, þau geta verið vinnustaðalið, fjölskyldur, vinahópar, leshringir, skólafélagar og svo framvegis.

Foreldrar eða afar og ömmur sem lesa með börnum sínum geta til að mynda stofnað fjölskyldulið og skráist lesturinn þá bæði á þann sem lesið er fyrir og þann sem les. Þau lið sem verja samanlagt mestum tíma í lestur standa uppi sem sigurvegarar.

Aðstandendur Allir lesa eru Miðstöð íslenskra bókmennta og Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO, með stuðningi frá menntamálaráðuneytinu. Frá þessu er greint á vef borgarinnar. – **ibs**



**Sigurlið í lestrarlandsleiknum verða heiðruð með viðurkenningum og verðlaunum.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Sé búnaðurinn réttur verður líðanin betri og skíðaferðin þar með enn ánægjulegri en ella.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Klæddu þig rétt fyrir skíðaferð

**Huga þarf að því að fatnaðurinn sé réttur þegar farið er á fjöll. Sokkar af réttri tegund eru jafnmikilvægir og úlpan og buxurnar. Ekki má gleyma varasalva, sólarvörn fyrir andlitið, aukaklæðnaði og nestinu.**

Það er ekki þykk dúnúlpa yfir einni peysu sem heldur bestum hita á manni þegar skíðað er, heldur eru það nokkrar þunnar flíkur undir vatns- og vindþéttri úlpu sem andar. Loftið sem myndast á milli flíkanna undir úlpunni virkar eins og einangrun og úlpa sem andar hleypir út raka. Skíðabuxurnar eiga auðvitað einnig að vera vatns- og vindþéttar og anda eins og úlpan.

Algengasti undirfatnaðurinn fyrir skíðaiðkendur er úr pólýester sem heldur þeim þurrum. Ullarundirföt þykja einnig ágæt. Þau eru hlý og það kemur síður svitalykt í þau. Bómullarflíkur ber að varast. Þær draga í sig raka eins og svampur og það veldur því að manni verður kalt. Þunn ullarpeysa yfir undirfatnaðinum og flíspeysa þar utan yfir er skynsamlegur klæðnaður.

Sokkarnir eiga gjarnan að vera alvöruskíðasokkar. Þeir eru þykkir á vissum stöðum og þynnri á öðrum þannig að vel fari um fótinn í skíðaskónum. Góðir skíðavettlingar eru að sjálfsögðu mikilvægir.

Gæta þarf þess að skíðahjálmurinn sé af réttri stærð. Hann á að sitja þétt að höfðinu. Þegar skíðagleraugu eru keypt á að máta þau yfir hjálminn.

**ibs@frettabladid.is**

## Til þess að skíðaferðin verði sem ánægjulegust er vert að huga að þessu

**1. Varasalvi og sólarvörn** Þegar sólin fer að hækka á lofti er nauðsynlegt að bera á sig sólarvörn heima áður en haldið er af stað í skíðabrekkuna og bera svo aftur á andlitið í brekkunni. Varasalvi er einnig nauðsynlegur og hafa ætti hann með sér í ferðina eins og sólarvörn.

**2. Feitt andlitskrem** Þegar kuldinn er mikill og vindur blæs er gott að bera feitt krem á andlitið.

**3. Buff á höfuð og háls** Gott er að vera með aukabuff í vasanum. Þegar veðrið er slæmt er gott að setja það um hálsinn og fyrir andlitið.

**4. Farsími** Ekki gleyma að setja farsíma í vasann. Hann getur verið nauðsynlegt öryggistæki.

**5. Orkubiti** Súkkulaðibiti eða nokkrar hnetur, sem auðveldlega má geyma í úlpuvasa, geta komið að gagni þegar þreyta fer að gera vart við sig.





HVERNIG KEMST 330.000 MANNA ÞJÓÐ Á EM?

LYSI

LEYNIVOPN ÞJÓÐARINNAR

LEYNIVOPN.IS

VERT


# Handbók um mataræði aldraðra á vef landlæknis

Í handbók um mataræði aldraðra, sem lesa má á vef landlæknis, er bent á að í ráðleggingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) um fæði aldraðra sem og í Evrópuverkefninu Healthy ageing hafi verið lögð rík áhersla á að minnka salt og harða fitu í fæðu aldraðra og auka hlut grænmetis og ávaxta sem og hlut annarra trefjaríkra matvara.

Öldruðum, sem eru við góða heilsu og hreyfa sig daglega, hæfir yfirleitt almennt fæði þar sem tekið er mið af ráðleggingum Lýðheilsustöðvar - manneldisráðs. Hætta á næringarskorti eykst hins vegar ef matarlyst minnkar, hvort heldur er vegna líkamlegra eða geðrænna sjúkdóma. Við slíkar aðstæður þarf að gera sérstakar og oft einstaklingsbundnar ráðstafanir varðandi fæðið.

Orkuþörf minnkar með aldrinum, aðallega vegna vöðvarýrnunar og minni hreyfingar. Þörf fyrir vítamín, steinefni, prótein og trefjaefni minnkar hins vegar ekki að sama skapi. Því þurfa öll næringarefni að vera til staðar í minni fæðuskömmtum.

Þar sem orkuþörfin minnkar með aldrinum er hætta á að fólk þyngist um of sé þess ekki gætt að minnka neyslu í samræmi við þörf. Ofþyngd og offita á efri árum eykur mjög líkur á sykursýki af gerð 2, of háum blóðþrýstingi og stoðkerfissjúkdómum auk annarra fylgikvilla og því er mikið í húfi að líkamsþyngd sé haldið í skefjum. Fituríkt fæði og kyrrsetur eru öðru fremur ávísun á fitusöfnun.

Dagleg miðlungserfið hreyfing í 30 mínútur, t.d. gönguferðir eða leikfimi, ásamt hæfilegri fitu og skynsamlegu fæðuvali skipta meginmáli til að koma í veg fyrir offitu á efri árum. Á hinn bóginn minnkar oft matarlyst aldraðra, þeir léttast meira en góðu hófi gegnir og við það aukast líkur á mörgum sjúkdómum, að því er segir í handbókinni.



**Orkuþörf minnkar með aldrinum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BOSS
HUGO BOSS

# ILMDAGAR Í HAGKAUP







**20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM HUGO BOSS VÖRUM DAGANA 21.-27. JANÚAR.

Finndu þinn Hugo Boss ilm og fáðu veglegan kaupauka frítt með*

*á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




298
kr. 1 l

**Dream**
Rísmjólk, möndlumjólk, hnetumjólk, 1 l

Bio·Bú




109
kr. stk.

**Bio-Bú Jógúrt**
Lífræn, 170 g, 2 teg

LÍFRÆN JÓGÚRT




249
kr. stk.

**Bio-Bú Grísk Jógúrt**
Lífræn, 250 g

NÝBAKAÐ!



259
kr. 4 stk.

**Bónus Kringlur**
4 stk.

NÝ UPPSKRIFT




198
kr. stk.

**Bónus Rúgbrauðskubbur**
400 g




109
kr. 5 stk.

**Bónus Flatkökur**
5 stk.




198
kr. 1 l

**Floridana Heilsusafi**
1 lítri

NÝBAKAÐ!



169
kr. stk.

**BÓNUS Baguette**

GÓÐUR ORKUGJAFI




froosh
fruit: bottled

298
kr. stk.

**Froosh safar**
8 tegundir, 250 ml

YMISLEGT FYRIR BÍLINN Í BÓNUS

LÁGT VERÐ ALLA DAGA




129
kr. 2 l

**Bónus Kolsýrt vatn**
2 lítrar, 2 teg.




498
kr. 5 l

**Rúðuvökvi**
Frostþol -9°C, 5 l




598
kr. 1 l

**Tjöruhreinsir**
1 lítri




398
kr. 2,5 l

**Rúðuvökvi**
Frostþol -18°C, 2,5 l

VALITOR

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **24. janúar** a.m.k.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




1.298
kr. stk.

**Bónus Súkkulaðikaka,** 1000 g



1.398
kr. 10 stk.

**Túlípanar,** 10 stk.

# Á MORGUN ER BÓNDADAGUR!




1.598
kr. 500 g

**Bláber,** fersk, 500 g




195
kr. stk.

**Euro Shopper Þeytirjómi,** 250 g




798
kr. 400 g

**Calinda Jarðarber,** fersk, 400 g




1.498
kr. kg

**Bónus Grísalundir**
Ferskar




1.098
kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Ferskar




798
kr. kg

**Bónus Grísahakk**
Ferskt




1.379
kr. kg

**Bónus Beikon**




598
kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur




1.398
kr. 700 g

**Rose Kjúklingalæri**
Úrbeinuð, frosin, 700 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# VIÐSKIPTI



Royal Dutch Shell lækkaði afkomuspá sína fyrir fjórða ársfjórðung 2015 um 39 milljarða íslenskra króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Shell býst við verri afkomu

Í gær lækkaði Royal Dutch Shell afkomuspá sína um 300 milljónir dollara, jafnvirði 39 milljarða íslenskra króna. Olíufélagið á von á 1,6 milljarða dollara hagnaði, jafnvirði rúmlega 200 milljarða íslenskra króna, á fjórða ársfjórðungi 2015. Ef spáin gengur eftir mun fyrirtækið hagnast um rúmlega helmingi minna en á fjórða ársfjórðungi 2014.

Shell áætlar að tekjur ársins muni nema 10,4 til 10,7 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 1.350-1.390 milljarða íslenskra króna, sem er undir áætlun.

Í kjölfar tilkynningarinnar féllu hlutabréf í Shell um 3,7 prósent í morgunviðskiptum í gær. Í kjölfarið lækkaði hlutabréfavísitalan FTSE 100 í Bretlandi um 3,13 prósent í og mældist þá 5.692 stig í gærmorgun. Hún hefur ekki mælst lægri í þrjú ár.

Tilkynnt var í apríl í fyrra að til stæði að Shell tæki yfir gasfyrirtækið BG Group. Í næstu viku hittast hluthafar til að kjósa um yfirtökuna. Þegar tilkynnt var um yfirtökuna var hrávöruverð á olíu 55 dollarar á tunnu en er nú í kringum 28 dollara. Því er óvíst hvað verður. – sg

## Kauphallarstjóri vill bankana að fullu úr ríkiseigu

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, vill að bankarnir verði að fullu einkavæddir. Hann vill ekki að ríkið eigi neinn hlut í bönkunum. Þetta sagði hann á fundi félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga um einkavæðingu bankanna, sem fór fram í gær.

„Aðkoma ríkisins að rekstri eins banka hefur verið rökstudd á grunni samfélagslegs ávinnings, einkum til að tryggja samkeppni á bankamarkaði. En reynslan af ríkisrekstri banka gefur ekki tilefni til bjartsýni að þessu leyti. Þótt meiningin geti verið góð býður þetta fyrirkomulag hættunni á pólitískri spillingu heim þegar til lengdar lætur,“ segir Páll.



**Páll Harðarson telur það ekki líklegt til árangurs að ríkið eigi banka.**

Páll telur ótrúverðuga stefnu að ríkið sé í stórum hluta bankakerfisins og efast um að það tryggi góða starfshætti. „Ekkert Evrópuríki hefur markað þessa stefnu. Öll ríki Evrópu sem fengu banka í fangið í kjölfarið á fjármálakreppunni eru byrjuð að selja eignarhluti sína.“

Þá hafi bankar og starfsumhverfi þeirra gerbreyst á undanförnum árum. „Hertar reglur í kringum bankastarfsemi sem mótaðar hafa verið á alþjóðavettvangi miða að því að draga úr áhættusækni og tryggja heilbrigða og trausta bankastarfsemi. Ég tel því skynsamlegt að losa um ríkiseign í hóflegum skrefum með það að markmiði að ríkið verði í mesta lagi minnihlutaeigandi í einum banka.“ – sg, ih

## Glansandi glæsikerrur




Mercedes-Benz SL600 bifreið þakin Swarovski-kristöllum var til sýnis á Tokyo Auto Salon 2016 bílasýningunni í Japan um helgina. Sýningin er ein stærsta bílasýning í heimi þar sem fjölmargar sérhannaðar bifreiðar eru til sýnis. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Tryggðu sig fyrir Visa samningi við sölu á Valitor en ekki Borgun

**Landsbankinn seldi Arion banka hlut í Valitor með ákvæði um að bankinn fengi greitt ef Visa Inc. seldi Visa Europe. Sambærilegt ákvæði var ekki gert við söluna á Borgun. Bankastjóri Landsbankans segir að tekið hafi verið mið af væntum vexti Borgunar við söluna en upphæðirnar hafi komið á óvart.**

Ákvæði var í samningi um sölu Landsbankans á 38 prósenta hlut í Valitor til Arion banka í desember 2014 um að ef af kaupum Visa Inc. á Visa Europe yrði myndi Landsbankinn fá þær greiðslur í sinn hlut. Sambærilegt ákvæði var ekki í sölusamningi Landsbankans, sem er í eigu ríkisins, á 31 prósents hlut í Borgun til hóps fjárfesta og stjórnenda fyrirtækisins á 2,2 milljarða króna í lok nóvember 2014. Hvorug salan fór fram í gegnum opið útboð.

Búist er við að íslensku kortafyrirtækin fái milljarða í sinn hlut vegna væntanlegrar sölu Visa Inc. á Visa Europe. Söluandvirði nemur 21,2 milljörðum evra, jafnvirði 3.000 milljarða íslenskra króna. Ekki liggur enn fyrir hve mikið hvert kortafyrirtæki fær greitt en upphæðin verður í hlutfalli við umsvif þeirra í Evrópu.

„Maður getur alltaf verið vitur eftir á en við teljum að við höfum gætt okkar hagsmuna ágætlega í þessu máli, það er að segja að hagsmunir okkar vegna yfirtöku á Visa Europe séu ágætlega tryggðir,“ segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans.

Steinþór segir að samkvæmt upplýsingum bankans sé megnið af upphæðinni sem mun falla Borgun í skaut vegna sölunnar á Visa Europe, tilkomið vegna vaxtar Visa-viðskipta Borgunar á erlendri grundu eftir að Landsbankinn seldi hlut sinn í fyrirtækinu. Tekið hafi verið mið af áformum Borgunar um vöxt á erlendri grundu þegar fyrirtækið var selt. „Var meira verðmæti í hlutabréfum Borgunar? Kannski. Höfðum við þessar upplýsingar 2014? Nei. Hvað höfum við gert við peninginn?




Landsbankinn seldi 31 prósents hlut í Borgun í nóvember 2014. Bankastjóri Landsbankans segir að tekið hafi verið mið af áformum Borgunar um vöxt þegar samið var um kaupverð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Maður getur alltaf verið vitur eftir á en við teljum að við höfum gætt okkar hagsmuna ágætlega í þessu máli.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans



Við höfum ávaxtað hann ágætlega,“ segir Steinþór.

Landsbankinn hafi einnig haft takmarkað aðgengi að upplýsingum um Borgun vegna sáttar við Samkeppniseftirlitið. Landsbankinn hafi til að mynda ekki mátt vera með stjórnarmann í fyrirtækinu. Þá hafi verið hætta á að vöxtur Borgunar erlendis hefði endað illa. „Útrás íslenskra fjármálafyrirtækja er í eðli sínu mjög áhættusöm,“ segir Steinþór. Hann bendir einnig á að helsta ástæðan fyrir sölu á hlutum í Valitor og Borgun hafi verið þrýstingur frá Samkeppniseftirlitinu um að ekki mætti fleiri en einn banki vera eigandi að sama kortafyrirtækinu.

Steinþór bendir einnig á að ekki hafi legið fyrir árið 2014 hvort eða hvenær af sölu Visa Inc. á Visa Europe yrði. „Við töldum að það gætu hugsanlega orðið háar fjárhæðir,“ segir Steinþór. Hins vegar komi á óvart hve háar upphæðir líti út fyrir að bankinn muni fá vegna sölunnar. ingvar@frettabladid.is

# Fátækum börnum fjölgar



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Rúmlega níu prósent barna á Íslandi bjuggu við skort árið 2014. Fréttablaðið greinir frá þessu í dag en UNICEF birti skýrslu sína, Réttindi barna, í gær þar sem þetta kemur fram. Um er að ræða mikla fjölgun frá því á árinu 2009 þegar fjögur prósent barna liðu skort. Fjöldinn hefur þannig rúmlega tvöfaldast á tímabilinu.

Barnafátækt er skilgreind sem „skortur á efnislegum, andlegum og tilfinningalegum gæðum sem eru börnum nauðsynleg til að lifa, þroskast og dafna“ og er oft mæld í einstökum víddum eða flokkum. Börn teljast líða skort ef þau skortir tvennt eða fleira af því sem spurt er um í lífskjararannsókn Evrópusambandsins en svör við spurningum úr þeirri rannsókn eru flokkuð með skortgreiningu UNICEF eftir sjö sviðum: næringu, menntun, klæðnaði, upplýsingum, húsnæði, afþreyingu og félagslífi.

Fátækt er samfélagsmein sem enginn getur leyft sér að horfa fram hjá. Afleiðingar barnafátæktar geta haft mikil áhrif á komandi kynslóðir – og þau langvarandi. Margar niðurstöður UNICEF vekja athygli og áhyggjur. Aukinn skortur hjá börnum á félagslífi og afþreyingu eykur hættu á félagslegri einangrun í framtíðinni, sem hefur síðan áhrif á velferð þeirra og framtíð, þátttöku á vinnumarkaði og almennt í samfélaginu. Þá telur UNICEF stöðuna á húsnæðismarkaði hafa mikil áhrif á velferð barna. Þröngbýli hefur aukist umtalsvert og staða leigjenda er áhyggjuefni. „Það á ekki að hafa áhrif hvernig barn á Íslandi býr, hvar á landinu það á heima eða hverjir eru foreldrar þess,“ segir í skýrslu UNICEF. Barn á að geta gengið að sömu tækifærum vísum og öll önnur börn.

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segir niðurstöðuna sláandi og kalla á frekari skoðun og spurningar. „Mér finnst í fyrsta lagi mikilvægt að þetta verði gert árlega og svo að ríkið vinni upp úr þessum gögnum,“ segir Margrét. Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra tekur í sama streng. Hún segir greininguna nauðsynlega til að sjá áhrif af stuðningskerfi hins opinbera. „Við höfum verið með stuðning fyrir einstæða foreldra sem hefur skilað árangri. En börn sem eru með tvo foreldra á heimili sem eru atvinnulausir eða standa höllum fæti á vinnumarkaði, fá kannski ekki nægan stuðning, það eru þá þau börn sem búa við mestan skort,“ segir Eygló.

Fátækt er framtíðargildra. Þó það sé ekki algilt, alls ekki, þá er hætt við að fátækt barn verði síðar fátækt foreldri. Þó að erfitt sé að mæla fátækt þá eru mælingar á skorti afar góð vísbending um hvernig fólk raunverulega hefur það úti í samfélaginu. Hópurinn sem rétt svo nær að halda sér á floti fer stækkandi og það bitnar á börnunum. Ekkert má út af bera, tannlæknaferð eða biluð bifreið getur skilið á milli feigs og ófeigs.

Það þarf að vera samfélagsleg sátt um að allir eigi rétt á að njóta velferðar. Velferðarsamfélag er ekki til nema velferð barna samfélagsins sé tryggð. Ekkert íslenskt barn á að vera undanskilið og þurfa að líða fyrir fjárhagsstöðu foreldra sinna eða fjölskyldugerð.

> Velferðarsamfélag er ekki til nema velferð barna samfélagsins sé tryggð.

40.000
FBL
fréttaþyrstir notendur
Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.
Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:
Download on the App Store
Download from Windows Store
Google play
FRÉTTABLAÐIÐ

## Halldór




## Frá degi til dags

**Ata aur og lygum**

**Alþingi Íslendinga hófst í vikunni. Lítið hefur farið fyrir breyttum vinnubrögðum í þinginu. Forsætisráðherra var sakaður um að snúa út úr fyrirspurnum og þingmaður Sjálfstæðisflokksins sakaði þingmann Pírata um að ata þingmenn auri með lygum. 63 þingmenn sitja á þingi sem fulltrúar okkar hinna. Við þurfum einhvern veginn að segja fulltrúum okkar að þetta sé ekki boðlegt lengur. Nú þurfa þessir einstaklingar að ræða saman af einhverju viti um framtíð þjóðar vorrar. Bætt vinnubrögð þýða samt ekki að ekki megi benda á hundraða þúsunda króna styrki frá sjávarútvegsfyrirtækjum.**

**Fátæk börn hér á landi**

**Nú berast þær fréttir að næstum tíunda hvert barn á Íslandi líði skort af einhverju tagi. Ný skýrsla UNICEF sýnir fram á þetta þjóðarmein. Forseti Íslands sagði fyrir jól að enginn ætti að þurfa að líða skort hér á landi og fékk bágt fyrir hjá ráðamönnum þjóðarinnar. Þessi svarta skýrsla um fátækt barna sýnir veruleika sem þarf að breyta. Samkvæmt forsvarsmönnum ríkisstjórnar drýpur hér smjör af hverju strái, jöfnuður sem mestur. Í slíku landi, einu af ríkustu löndum heims þar sem mögulega er hægt að ná hundruðum milljarða frá erlendum hrægömmum, er leikur einn að útrýma fátækt barna.**

sveinn@frettabladid.is

# Af Kúludalsá og Matvælastofnun



Pétur Blöndal
framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda

Ragnheiður Þorgrímsdóttir, Kúludalsá í Hvalfirði, gerir athugasemd við þá staðhæfingu í grein minni 15. janúar sl. að veikindi hrossa á Kúludalsá hafi verið „rannsökuð af opinberum stofnunum“ og að rannsóknir hafi „staðið í mörg ár“.

Um það má segja að veikindin voru fyrst rannsökuð af dýralækni árið 2007 og síðan af dýralæknum Matvælastofnunar árið 2011. Í stuttu máli gefa niðurstöðurnar „engar vísbendingar um að hrossin hafi orðið fyrir eitrun af völdum flúors eða þungmálma“. Yfirdýralæknir hefur staðfest það. Þá hafa sérfræðingar á vegum iðnaðarráðuneytisins haft málið til skoðunar og er beðið lokaskýrslu þaðan.

Á heimasíðu Matvælastofnunar segir orðrétt:

„Matvælastofnun hefur nú birt á vef sínum skýrslur með niðurstöðum rannsókna á veikindum hrossa á Kúludalsá í nágrenni Grundartanga. Áður hafði stofnunin birt frétt um niðurstöður rannsóknarinnar sem sýndu engar vísbendingar um að hrossin hafi orðið fyrir eitrun af völdum flúors eða þungmálma. Vísindasamfélaginu ber saman um að vísbendingar um flúormengun komi fyrst fram í beinvef og glerungi tanna enda sýnt fram á að flúor safnast upp í þessum vefjum. Mæling flúors í beinvef er besta leið til að greina flúoreitrun í dýrum. Viðmiðunargildi hafa ekki verið ákvörðuð sérstaklega fyrir hross og því eru rannsóknir á öðrum dýrategundum hafðar til hliðsjónar. Það er styrkur rannsóknar á þremur hrossum frá Kúludalsá að tækifæri gafst til að skoða tennur og bein hrossanna mjög nákvæmlega sem og vefjasýni úr lifur og nýrum. Því er hægt að fullyrða að þau gildi sem komu fram á styrk flúors í beini höfðu ekki heilsufarsleg áhrif á hrossin.

Að þeirri niðurstöðu fenginni eru ekki faglegar forsendur til að mæla styrk flúors í öðrum líffærum enda liggja ekki fyrir viðmiðunargildi sem hægt væri að bera slíkar mælingar saman við. Matvælastofnun getur ekki beitt sér fyrir frekari rannsóknum nema fyrir liggi faglegur rökstuðningur um gagnsemi þeirra.“

Svo mörg eru þau orð. Úr því Ragnheiður er ósátt við niðurstöður sérfræðinga í heilbrigði og velferð dýra er eðlilegt að hún beini gagnrýni sinni þangað.

> Í stuttu máli kveða niðurstöðurnar á um að það séu „engar vísbendingar um að hrossin hafi orðið fyrir eitrun af völdum flúors eða þungmálma“.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Um heiður og sóma



Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor

Nú tíðkast að slá máli á ýmsar samfélagsstærðir sem engar haldbærar tölur voru til um áður. Það er framför. Ekki er langt síðan umræður um spillingu voru allar í skötulíki þar eð engar nothæfar tölur voru til um fyrirbærið heldur aðeins ágizkanir. Menn komust upp með að þræta fyrir spillingu þótt hún blasti við þar eð engum staðtölum um hana var til að dreifa. Sama máli gegnir um traust, bæði traustið sem menn bera hver til annars og til ýmissa stofnana þjóðfélagsins. Spilling, traust og slíkar stærðir mættu afgangi í umræðum um þjóðfélagsmál þar eð menn höfðu ekki fast land undir fótum. Svo er ekki lengur.

**Spilling**

Á síðustu árum hefur verið safnað gögnum um spillingu í viðskiptum og stjórnmálum víða um heim. Þetta hefur gert mönnum kleift að rekja áhrif spillingar t.d. á vöxt og viðgang efnahagslífsins. Spilling reynist draga úr hagvexti um heiminn. Þessi niðurstaða liggur ekki í augum uppi. Sumir hafa haldið því fram að spilling smyrji hjól viðskiptalífsins og örvi það með því móti. Aðrir hafa haldið hinu fram að spilling slævi atvinnulífið með því t.d. að tefla verklegum framkvæmdum í hendur mútuveitenda frekar en þeirra sem skila hagkvæmustu tilboðum í verkin, með því að velja stjórnendur mikilvægra stofnana eftir flokkshollustu frekar en verðleikum og þannig áfram.

Rannsóknir á sambandi spillingar og hagvaxtar benda til að tærandi áhrif spillingar á efnahagslífið séu sterkari en nærandi áhrif hennar þegar öllu er til skila haldið. Þetta skiptir máli. Mörgum sýnist spilling víða í Afríkulöndum vera dragbítur á lífskjörum fólksins þar. Þetta er umhugsunarefni handa Íslendingum í ljósi þess að nýleg athugun Gallups sýnir að 67% svarenda í viðtalskönnun Gallups telja spillingu vera alvarlegt vandamál í stjórnmálum og stjórnsýslu á Íslandi borið saman við 14% í Svíþjóð, 15% í Danmörku, 77% í Úkraínu, 80% í Rússlandi og 86% á Ítalíu.

**Traust**

Rannsóknir á trausti eru skemmra á veg komnar. Þær má að nokkru

Mörgum sýnist spilling víða í Afríkulöndum vera dragbítur á lífskjörum fólksins þar. Þetta er umhugsunarefni handa Íslendingum í ljósi þess að nýleg athugun Gallups sýnir að 67% svarenda í viðtalskönnun Gallups telja spillingu vera alvarlegt vandamál í stjórnmálum og stjórnsýslu á Íslandi borið saman við 14% í Svíþjóð, 15% í Danmörku, 77% í Úkraínu, 80% í Rússlandi og 86% á Ítalíu.

leyti rekja til bókarinnar Bowling Alone (2000) eftir bandaríska prófessorinn Robert Putnam, bók sem sumir telja áhrifaríkasta stjórnmálafræðirit samtímans. Bókarheitið er dregið af staðtölum sem sýna að nú kjósa margir Bandaríkjamenn að slá keilur einir frekar en með öðrum. Hvers vegna? Sjónvarp hefur kennt mönnum að verja tómstundum í einrúmi, segir Putnam. Hann telur einnig að brottför kvenna af heimilum út á vinnumarkaðinn hafi veikt límið sem heldur fjölskyldum saman og þá um leið samfélaginu. Í þessu felst engin ásökun af hálfu Putnams, heldur er hann bara að leita skýringa á orðnum hlut, hæggengri þróun.

Í bókinni lýsir Putnam því hversu traust hefur dvínað í Bandaríkjunum undangengna áratugi. Hann hefur m.a. minnkandi kosningaþátttöku til marks. Árin 1840-1900 var kosningaþátttaka í forsetakosningum vestra 77% að jafnaði borið saman við 56% 1904-2012. Kosningaþátttakan hefur verið undir 60% öll árin frá 1972. Fækkun félagsmanna í verklýðsfélögum er angi á sama meiði.

**Spilling grefur undan trausti**

Nú eru til fjölþjóðleg viðtalsgögn allmörg ár aftur í tímann um traustið sem menn segjast bera hver til annars. Þegar menn eru spurðir hvort flestu fólki sé treystandi eða hvort gæta þurfi ýtrustu varúðar í samskiptum við annað fólk kemur í ljós að traustið sem Íslendingar bera hver til annars var löngu fyrir hrun miklu minna en annars staðar um Norðurlönd. Spilling og vantraust voru því trúlega meðal orsaka hrunsins frekar en afleiðingar hrunsins. Vantraustið fyrir hrun leiddi ekki til aukins eftirlits heldur var því mætt með andvaraleysi og afskiptaleysi. Við bætast innlendar mælingar Capacents og MMR á trausti. Skv. MMR sögðust 14% landsmanna treysta Alþingi 2015. Capacent mælir aðeins meira traust: Þau segja að 18% svarenda hafi treyst Alþingi 2015 borið saman við 50% 1995 og 42% 2008. Bankarnir fá enn verri útreið. Skv. MMR sögðust 7% svarenda treysta bönkunum 2015, en 12% skv. Capacent borið saman við 40% 2008. Skv. MMR sögðust 65% svarenda treysta Háskóla Íslands 2015, en 72% skv. Capacent borið saman við 90% 2008 og 84% 1995.

Þessar tölur um þverrandi traust vitna ekki endilega um aukið óþol almennings. Það sést á því að traust almennings til lögreglunnar hefur haldizt stöðugt í kringum 80% frá því fyrir hrun. Hitt virðist líklegra að spilling stjórnmálanna sem birtist m.a. í illa útfærðri einkavæðingu og síðan hruni bankanna og nú síðast í tilraun stjórnmálamanna til að drepa nýju stjórnarskránni á dreif til að þóknast útvegsmönnum og sjálfum sér hafi átt drjúgan þátt í að draga úr áliti Alþingis. Vantraust í garð bankanna virðist stafa m.a. af því að þeir hegða sér enn að nokkru leyti eins og ríki í ríkinu, enda er þeim enn, sjö árum eftir hrun, búið svipað fákeppnisumhverfi og fyrir hrun.

# Landssamtökin Þroskahjálp 40 ára





Bryndís Snæbjörnsdóttir
formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

Árni Múli Jónasson
framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar

Landssamtökin Þroskahjálp voru stofnuð árið 1976 og verða því fjörutíu ára á þessu ári. Með stofnun þeirra nýttist betur samtakamáttur ýmissa félaga sem öll hafa það markmið „að berjast fyrir réttindum og vinna að málefnum fólks með þroskahömlun sem og annarra fatlaðra, barna og fullorðinna, og tryggja þeim fulla jafnréttisstöðu á við aðra þjóðfélagsþegna", eins og segir í lögum samtakanna.

Samtökin leggja sérstaka áherslu á að vera öflugur málsvari fólks með þroskahömlun og fatlaðra barna, styðja þau til að styrkja sjálfsmyndina, láta rödd sína heyrast og standa sjálf vörð um hagsmuni sína og réttindi.

Starf og stefna Landssamtakanna Þroskahjálpar grundvallast á viðurkenndum mannréttindum sem áréttuð eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Sérstök áhersluatriði í stefnuskrá samtakanna eru þessi:

Virða ber manngildi, grunnþarfir og rétt allra manna.

Fósturskimun skal beitt í þjónustu lífsins.

Allir eiga rétt til að hafa áhrif á eigið líf og taka eigin ákvarðanir.

Allir, sem þess þurfa, eiga rétt á stuðningi sem tekur mið af þörfum þeirra svo að þeir geti notið jafnra tækifæra á við aðra í samfélaginu.

Allir eiga rétt á menntun við hæfi og án aðgreiningar.

Allir eiga rétt á eigin heimili.

Allt fullorðið fólk á rétt á að stofna fjölskyldu.

Allt fullorðið fólk á rétt á vinnu.

Allir eiga rétt á að njóta efnalegs öryggis.

Allir eiga rétt á að njóta menningar og frístunda.

Allir eiga rétt á að njóta efri ára með reisn.

Aðild að Landssamtökunum Þroskahjálp eiga nú rúmlega tuttugu félög; félag fólks með þroskahömlun, foreldra- og styrktarfélög, landshlutafélög Þroskahjálpar svo og fagfélög fólks sem hefur sérhæft sig í þjónustu við fatlað fólk. Þessi félög eru starfrækt víða á landinu og eru félagsmenn þeirra um sex þúsund talsins.

Þau félög geta verið aðilar að samtökunum sem vinna að markmiðum þeirra og í samræmi við stefnuskrá og lög samtakanna en aðildarfélög lúta ekki boðvaldi samtakanna eða stjórnar þeirra heldur velja félögin sér eigin stjórnarmenn samkvæmt reglum sem þau setja sér.

Landssamtökin Þroskahjálp eru með heimasíðu (www.throskahjalp.is) og á Facebook og gefa auk þess út tímaritið Þroskahjálp þrisvar sinnum á ári. Á þessum miðlum má finna miklar og margvíslegar upplýsingar um baráttumál samtakanna og hagsmunamál og mannréttindi fatlaðs fólks. Þá reka samtökin húsbyggingasjóð til að greiða fyrir möguleikum fatlaðs fólks til að fá hentugt húsnæði og þar með betri möguleika til sjálfstæðs og eðlilegs lífs.

Á þeim fjörutíu árum sem liðin eru frá stofnun Landssamtakanna Þroskahjálpar hefur ýmislegt áunnist í réttindabaráttu fatlaðs fólks. Mikið verk er þó óunnið. Samtökin hafa náð virðulegum aldri en eru þó ung í anda og búa ekki einungis yfir mikilli reynslu og þekkingu heldur einnig eldmóði, kjarki og krafti. Landssamtökin Þroskahjálp munu því áfram verða í fararbroddi í baráttunni fyrir mannréttindum fatlaðs fólks, jöfnum tækifærum og auknum lífsgæðum.

**visir.is** Auðskilinn texta umfjöllunarinnar má lesa á Vísi.



# Sjúkraflug


**Bjarni S. Jónasson**
forstjóri SAk
**Jón Helgi Björnsson**
forstjóri HSN
**Guðný Friðriksdóttir**
framkvæmdastjóri hjúkrunar HSN
**Hildigunnur Svavarsdóttir**
framkvæmdastjóri hjúkrunar SAk
**Sigurður E. Sigurðsson**
framkvæmdastjóri lækninga SAk
**Örn Ragnarsson**
framkvæmdastjóri lækninga HSN


Saga sjúkraflugs á Íslandi er löng og viðburðarík. Í mars árið 2002 var þó brotið blað því þá hófst formleg vakt flugrekstraraðila, sjúkraflutningsmanna og lækna, sem síðan þá hefur að langmestu leyti sinnt sjúkraflugi með fastvængja vélum. Um tíma voru sérstakar flugvélar til staðar á Ísafirði og í Vestmannaeyjum en undanfarin ár hefur þetta, eftir útboð, eingöngu verið í höndum Mýflugs sem flugrekstraraðila. Sjúkraflutningsmenn hjá Slökkviliði Akureyrar hafa staðið vaktina ásamt læknum á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAk) og Heilsugæslunni á Akureyri (nú Heilbrigðisstofnun Norðurlands, HSN).

### Af hverju Akureyri?

Þessi spurning er góðra gjalda verð og var mikið um þetta rætt þegar núverandi fyrirkomulag hófst og reyndar oft komið upp í umræðum síðan. Meginástæðan er einfaldlega sú að frá flugvellinum á Akureyri er um 45 mínútna flug til allra þeirra staða á landinu sem kunna að þurfa á sjúkraflugi að halda. Það má segja að Akureyrarflugvöllur sé nokkurs konar flugmiðja Íslands. Þá var einnig allmikil reynsla af sjúkraflugi innanlands og utan þegar til staðar á Akureyri þar sem læknar og sjúkraflutningsmenn fóru í útköll þó ekki væri skipulögð vakt.

### Af hverju flugvél?

Þessi spurning kemur upp reglulega þegar fjallað er um sjúkraflug á Íslandi. Sumir telja að með því að fá fleiri þyrlur muni verða hægt að sinna öllu sjúkraflugi með þeim. Svo er alls ekki. Í raun og veru er núverandi þyrlukostur fyrst og fremst leitar- og björgunartæki og frábær sem slík. Takmarkanir á hraða, flughæð og skortur á jafnþrýstibúnaði gera hins vegar þyrlur að síðri valkosti þegar kemur að sjúkraflutningum. Þannig sinna þyrlur í dag einungis um fimmtungi sjúkraflutninga í lofti og þá aðallega með sjúklinga sem sóttir eru út á sjó eða í óbyggðir, að ótöldum slysum í þéttbýli þegar um styttri vegalengdir er að ræða.

### Fyrir hverja er sjúkraflugið?

Til að skýra betur umfang sjúkraflugsins má nefna að á árinu 2015 var farið í 596 flug með 642 sjúklinga. Til samanburðar má geta þess að 2003, þegar fyrsta heila árið var starfrækt með núverandi fyrirkomulagi, var farið 271 flug með 285 sjúklinga.

Sjúkraflugin eru flokkuð eftir bráðleika í 4 flokka, þ.e. F1–F4, og eru flokkar F1 og F2 að öllu jöfnu taldir vera þar sem tíminn skiptir öllu máli fyrir sjúkling, þ.e. að hann komist í rétt meðferðarúrræði án tafar því að annars geti hlotist af alvarlegur skaði eða andlát.

Tölfræðilega séð er stærsti hluti sjúkraflugsins frá landsbyggðinni og til Landspítala Háskólasjúkrahúss (LSH). Eitthvað er um sjúkraflutninga aftur heim í hérað. Nánast öll sjúkraflug sem flokkast undir bráðatilfelli eru til LSH þó að nokkur séu til SAk. Þannig má segja að íbúar Norður- og Austurlands hafi mest gagn af sjúkrafluginu hvað varðar öryggi og að þróun undafarinna ára sýnir að sjúkraflugið er orðinn afar mikilvægur hluti heilbrigðisþjónustu þessara landshluta.

Nýleg grein Þóris Sigmundssonar og samstarfsmanna í Læknablaðinu (1) sýnir svart á hvítu að fjarlægðin frá LSH hefur áhrif á þá þjónustu og meðferð sem íbúar Norður- og Austurlands fá. Vel skipulögð starfsemi sjúkraflugs er besti valkosturinn til þess að draga úr áhrifum þessarar fjarlægðar.

Það er ekki fyrirsjáanlegt að mjög sérhæfð þjónusta, s.s. hjartaþræðingar og heila- og taugaskurðlækningar, muni standa til boða utan LSH.

### Lokaorð

Af framansögðu er ljóst að sjúkraflug er mikilvægur öryggisþáttur í heilbrigðisþjónustu landsbyggðar og þá sérstaklega íbúa á Norður- og Austurlandi.

**Íbúar á landsbyggðinni búa nú þegar við aðstæður sem eru í sumum tilfellum síðri en íbúa höfuðborgarsvæðisins hvað þetta varðar. Stjórnvaldsákvarðanir sem enn auka á þetta misræmi eru ekki ásættanlegar. Undirritaðir í framkvæmdastjórnum heilbrigðisstofnananna á Norðurlandi hafa hagsmuna að gæta í þessu máli – hagsmuna skjólstæðinga okkar.**

Í mörgum tilfellum getur sá tími sem fer í að flytja sjúklinga í viðeigandi meðferðarúrræði skipt sköpum.

Íbúar á landsbyggðinni búa nú þegar við aðstæður sem eru í sumum tilfellum síðri en íbúa höfuðborgarsvæðisins hvað þetta varðar. Stjórnvaldsákvarðanir sem enn auka á þetta misræmi eru ekki ásættanlegar.

Undirritaðir í framkvæmdastjórnum heilbrigðisstofnananna á Norðurlandi hafa hagsmuna að gæta í þessu máli – hagsmuna skjólstæðinga okkar.

Við skorum því á stjórnvöld að viðhalda núverandi notagildi Reykjavíkurflugvallar fyrir sjúkraflug þar til annar sambærilegur valkostur stendur til boða.


**Heimild:**
*Læknablaðið 1 tbl.102 árg. 2016. 11-17 „Flutningstími og gæði meðferðar hjá sjúklingum með ST-hækkunar-hjartadrep á landsbyggðinni – fáir ná í kransæðavíkkun innan 120 mínútna.“ Höfundar: Þórir S. Sigmundsson læknir, Daníel Arnarson læknanemi, Arnar Rafnsson læknir, Viðar Magnússon læknir, Gunnar Þór Gunnarsson læknir og Gestur Þorgeirsson læknir.*




# Draumaforsetinn




**Karl V. Matthíasson**
fv. alþingismaður og sóknarprestur í Guðríðarkirkju


Nýr forseti Íslands verður kosinn á þessu ári. Ekki er nú ljóst hversu mörg verða í framboði. Þau verða að öllum líkindum ófá og enn fleiri eru þau sem máta sig í huganum við embættið og langar jafnvel að gefa kost á sér, en leggja ekki í það af ýmsum ástæðum.

Forseti Íslands á að vera manneskja sem við eigum öll að geta horft til með virðingu og ánægju. Manneskja sem áttar sig á þeim þáttum í samfélagi okkar sem betur mega fara. Forsetinn á að vera hugrakkur, geta komið með vinsamlegar ábendingar um lagfæringar og breytingar á ýmsum þáttum í þjóðlífi okkar sem stjórnmálafólkið ætti að taka fegins hendi og vilja stuðla að. (Samanber jákvæð viðbrögð forsætisráðherra er núverandi forseti benti vinsamlega á bága stöðu margra eldri borgara og öryrkja í landinu.)

Það gæti líka verið vinsamleg ábending að öll þau sem búa í þessu landi ættu að eiga rétt á því að fá að ljúka að minnsta kosti fjögurra ára námi endurgjaldslaust eftir grunnskóla jafnvel þótt þau séu orðin fullorðin.

Önnur vinsamleg ábending forseta til þjóðarinnar og valdhafa hennar er að gera mætti mun betur fyrir það fólk sem orðið hefur fyrir hvers konar andlegum og líkamlegum áföllum, en nýtur nú allt of lítils stuðnings til að geta risið almennilega á fætur.

Næsti forseti ætti að leggja mikið á sig til þess að skapa aukna virðingu á sviði samskipta kynjanna. Koma sterkt inn í þá umræðu, að engin einasta manneskja sé vara til kynferðislegrar neyslu. Þá er það líka hlutverk forsetans að tala gegn annarri græðgi og benda á það að sýki í peninga er vond og hættuleg sýki sem leitt getur til mikillar þjáningar, orsakað fátækt, skort og hörmungar hjá öðrum. Þetta er jafn mikið alvörumál sem áfengis- og önnur fíkniefnasýki. Á einum stað stendur nefnilega: „Enginn getur þjónað Guði og Mammon.“ Eins mætti segja: „Enginn getur þjónað Guði og Bakkusi.“ Þess vegna á forsetinn að hvetja þjóðina til að vera bindindissama, hógværa og vera ekki í „Við erum best og flottust“ leiðöngrum því afrekin eiga að vera afleiðing ánægjulegrar, uppbyggjandi ástundunar og æfinga en ekki öfugt.

### Á að vera verndari

Forsetinn á að vera verndari þeirra sem miðla lífsgleði, hvatningu, von eða huggun inn í góðar eða erfiðar aðstæður. Forsetinn á að vera verndari flóttamanna og birtingarmynd samfélags sem vill rétta hjálparhönd og stuðla að friðvænlegri heimi.

Forsetinn má alls ekki vera merkikerti eða snobbaður og á að hafa húmor fyrir sjálfum sér og þjóð sinni og geta bent henni á þá staðreynd að við lifum ekki lengi hér á jörð og að við eigum að skila landinu, miðunum og samfélaginu öllu í betra ástandi en það var í þegar við fæddumst. Forseti lítils lands á að geta farið í heimsóknir til forseta annarra landa og stuðlað að friði.

Forsetinn sem nú fer frá Bessastöðum hefur sýnt að það er hægt að ná sambandi við fullt af valdamiklu fólki og hafa góð áhrif á sviði mannverndar, dýraverndar, annarrar náttúruverndar og friðar í heiminum.

En umfram allt verður forseti Íslands að elska alla íbúa landsins jafnt menn og dýr og vera reiðubúinn að taka á móti og styðja hvern þann sem mögulegt er. Forsetinn verður að hafa fallegan og góðan mannskilning, vera umburðarlyndur og styðja með kærleika og elsku til dáða og góðra verka og honum eða henni má ekki vera í nöp við þann kærleiksboðskap sem þjóðin hefur fengið að heyra um aldir og hefur hjálpað og stutt í hvers kyns raunum neyð og sorg en uppörvað til þakklætis og gleði á góðum dögum.

Fyrsta verk nýs forseta ætti að vera að bjóða þeim Breiðavíkurdrengjum sem enn lifa og öðrum sem orðið hafa fyrir harðræði, heimsku og illsku af hálfu hins opinbera til iðrunar- og fyrirgefningarveislu á Bessastöðum.

Ég bið Guð um að þjóðin eignist kærleiksríka, miskunnsama, hógværa og hjartahreina manneskju á Bessastaði.

**Forsetinn á að vera verndari þeirra sem miðla lífsgleði, hvatningu, von eða huggun inn í góðar eða erfiðar aðstæður.**

# En sjálfsvörn?

**Pistillinn** Jón Gnarr

Sundkennsla hefur lengi verið mikilvægur hluti af námi ungmenna á Íslandi. Það er töluverð áhersla lögð á mikilvægi þess að börn læri að synda. Ég þekki ekki upphaf sundkennslu á Íslandi og veit ekki hvað hún er mikil í samanburði við nágrannaþjóðir okkar. En ég býst við því að þetta eigi rætur sínar að rekja til landfræðilegrar stöðu okkar og menningar. Sjávarútvegur var jú ein okkar helsta atvinnugrein. Svo er landið uppfullt af vötnum þar sem líka má veiða og jafnvel detta útí. Og þetta byrjaði örugglega löngu fyrir tíma björgunarvesta og öryggisstaðla. Þannig að það hefur verið lífsnauðsynlegt að geta bjargað sér á sundi og margir sem eiga sundkunnáttu sinni líf að launa. Svo eru sundlaugar auðvitað mikilvægur hluti af menningu þjóðarinnar, samkomustaður fólks á öllum aldri. Sund er heilsusamlegt. En það eru hlaup líka. Og fjallgöngur. Og jóga.

Gallinn við sund og sundkennslu barna er að það fylgir henni nokkur hætta og mikilvægt er að eftirlit sé óaðfinnanlegt. Svo finnst mörgum börnum beinlínis óþægilegt að fara í sund og afklæða sig frammi fyrir öðrum. Það getur verið venjuleg spéhræðsla, líkamleg frávik sem börn blygðast sín fyrir eða vaxtarlag sem gerir börnum erfitt fyrir, nú eða bara einföld vatnshræðsla. Sundtímar eru oft vettvangur aðkasts og jafnvel eineltis. Mörg börn kvíða fyrir því að fara í sundtíma vegna þessa.

Ég átti sjálfur alltaf erfitt með sundtímana í barnaskóla og á ekki margar góðar minningar úr þeim. En ég lærði að synda. Ég kann bringusund, ekkert annað. Ég hef lítið synt um ævina og eyði mestum tíma í heitu pottunum og gufunni þegar ég fer í laugarnar. Ég er vatnshræddur og syndi aldrei á baðströndum í sólarlöndum. Ég hef aldrei lent í sjávarháska eða þurft að bjarga mér á sundi. Í þau skipti sem ég fer eitthvert á báti þá er ég undantekningarlaust í björgunarvesti. Ég hef sem betur fer aldrei reynt það en ég og ég held að ég gæti ekki synt í svona vesti.

Nú er ég alls ekki að segja að sundkennsla sé ekki mikilvæg. En hún er kannski minna mikilvæg en hún var áður. Og kannski mætti fara að bjóða börnum að velja eitthvað annað en sund. Mér finnst til dæmis sjálfsvörn mikilvæg. Ein helsta ógn við öryggi kvenna eru til dæmis karlmenn. Ég held að konum stafi almennt meiri hætta af karlmönnum heldur en vatni. Því ekki að leggja áherslu á að kenna ungum stúlkum júdó eða karate? Það gæti jafnvel bjargað lífi þeirra seinna.

**Ég held að konum stafi almennt meiri hætta af karlmönnum heldur en vatni. Því ekki að leggja áherslu á að kenna ungum stúlkum júdó eða karate?**




Komdu og skoðaðu úrvalið!
RISA-
ÚTSALA
ELLINGSEN
20-70%
AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS IMALA KULDAGALLI
9.990 KR.
VERÐ: 17.990 KR.
Allir bakpokar
40%
afsláttur
Allur snjósleða-fatnaður
25%
afsláttur
DIDRIKSONS FREJA ÚLPA
24.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.900 KR.
Devold
20%
afsláttur
SCOOTER GEMINI COMFORT KAJAKI
99.900 KR.
VERÐ ÁÐUR 159.900 KR.
DIDRIKSONS SIGVARD ÚLPA
24.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.900 KR.
COLUMBIA SNUG KULDAGALLI
Ýmsir litir
6.445 KR.
VERÐ: 12.890 KR.
50%
afsláttur
DIDRIKSONS VENTURE
KVK og KK
13.493 KR.
VERÐ ÁÐU
17.990 KR.
Ferðavörur
30%
afsláttur
Veiðivörur
30%
afsláttur
Columbia
25%
afsláttur
BARBECOOK GRILL SIESTA 210
2 brennarar
44.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 64.990 KR.
55%
afsláttur
COLUMBIA GLOBAL ADVENTURE
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.
MUCKBOOTS HALE BARNASTÍGVÉL
6.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.
DAXARA HJÓLAKERRA 751
99.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 172.810 KR.
50%
afsláttur
Stök skópör í stórum stærðum 47-50
PIPAR\TBWA • SÍA
Verð og stærðir birt með fyrirvara um prentvillur.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1
Sími 580 8500
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630
OPNUNARTÍMI
Mán.–fös. 10–18
Lau. 10–16
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# Ísland og Bandaríkin – hvað er svona sérstakt ?



Ólafur Baldursson
læknir

Talsvert hefur verið rætt og ritað um samband Íslands og Bandaríkjanna á undanförnum árum, enda af nógu að taka og margar hliðar á málinu. Mest hefur verið fjallað um sambandið út frá sjónarhóli utanríkis- og varnarmála, umhverfismála og viðskipta. Í því samhengi hafa menn velt fyrir sér orðalaginu „hið sérstaka samband“ og ýmsir dregið það í efa eftir þær breytingar sem áttu sér stað á skipulagi varnarmála við brotthvarf varnarliðsins árið 2006. En ég ætla ekki að hætta mér út á það sprengjusvæði í þessum pistli.

Það sem fékk mig til þess að setja orð á blað núna var miklu fremur persónuleg reynsla og sú staðreynd að fjölskyldumeðlimir og margir vinir og kunningjar hafa sótt sér menntun og þjálfun í ýmsum greinum til Bandaríkjanna á undanförnum 60 árum. Um er að ræða margar ólíkar greinar svo sem blaðamennsku, málvísindi, viðskiptafræði, íþróttir, gervigreindarfræði, veðurfræði, lyfjafræði, verkfræði, hjúkrunarfræði, læknisfræði o.fl.

Mér hefur fundist athyglisvert hve margir úr þessum hópi lýsa reynslu sinni af námsdvöl í Bandaríkjunum með afar jákvæðum hætti, en hef vissulega engan raunverulegan samanburð við önnur lönd hvað þessar vangaveltur varðar. En það er sláandi hve oft heyrist jákvæð lýsing á vináttu og áframhaldandi samvinnu við Bandaríkjamenn löngu eftir að formlegu námi lýkur. Ég þekki minna til í öðrum greinum svo sem kvikmyndagerð og tónlist, en sé ekki betur en samvinna við Bandaríkjamenn sé einnig mikil á þeim sviðum. Samkvæmt upplýsingum frá sendiráði Bandaríkjanna hafa tæplega 3.000 Íslendingar fengið vegabréfsáritun sérstaklega til ýmiss konar náms eða þjálfunar í Bandaríkjunum á undanförnum 5 árum.

**Fjöldi Íslendinga sem fengið hafa dvalarleyfi í BNA til náms/þjálfunar**

| Áritun | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015* | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| F (nemar) | 254 | 268 | 296 | 241 | 257 | 254 | **1.570** |
| M (starfs-tækninám) | 16 | 21 | 25 | 14 | 28 | 21 | **125** |
| J (Skipti, e. exchange) | 233 | 225 | 234 | 199 | 198 | 167 | **1.256** |

Öll þessi sambönd eru afar mikils virði í sjálfu sér, en einnig og ekki síst vegna þess að þau opna ný tækifæri fyrir ungt fólk og hafa því áframhaldandi jákvæð áhrif á náms- og starfsferil fjölda Íslendinga. Hvað framhaldsnám og starfsnám í læknisfræði varðar, þá greiða bandarísk tryggingafélög í raun þann námsstyrk sem læknar í slíku námi fá, m.a. fyrir mikla viðveru og vaktir, og má því segja að bandarísk tryggingafélög hafi á vissan hátt aukið virði íslenskrar heilbrigðisþjónustu.

Þá eru ótaldir þeir mörgu Íslendingar sem hlotið hafa styrk til náms í Bandaríkjunum vegna afreka sinna í íþróttum, en slíkir styrkir eru algengir og hafa opnað mikil tækifæri fyrir ungt fólk til náms og íþróttaiðkunar. Um er að ræða knattspyrnu, frjálsar íþróttir, golf, körfuknattleik og fleiri greinar. Athygli vekja einnig dæmi um að í vissum íþróttum, s.s. körfuknattleik, getur reynsla bandarískra leikmanna á Íslandi nýst þeim sem stökkpallur inn í sterkari deildir í Evrópu. Nokkuð er einnig um að bandarískir þjálfarar hafi starfað hér á landi í ýmsum íþróttum.

Þegar horft er til mælinga á gæðum háskólastarfs virðast margir bandarískir háskólar standa framarlega. Þá er áhugavert að leyfa sér að setja upp einfalda formúlu sem margfaldar hin mörgu persónulegu tengsl, gæði náms og langan líftíma tengslanna sem getur náð til nokkurra kynslóða. Niðurstaðan yrði án efa „há tala“, og mikils virði fyrir einstaklinga og íslenskt samfélag til langs tíma. Þeim dæmum fjölgar einnig þar sem Íslendingar gefa til baka til bandarísks samfélags í gegnum þessi sambönd þannig að borgarar beggja landa hagnast af samskiptunum.

**Öll þessi sambönd eru afar mikils virði í sjálfu sér, en einnig og ekki síst vegna þess að þau opna ný tækifæri fyrir ungt fólk og hafa því áframhaldandi jákvæð áhrif á náms- og starfsferil fjölda Íslendinga.**

Það liggur því beint við að velta fyrir sér, hvort „hinu sérstaka sambandi“ þjóðanna verði ekki best lýst með þeim fjölmörgu og lifandi tengslum sem rakin hafa verið hér, fremur en að sambandið sé sérstakt á einhvern óræðan pólitískan eða diplómatískan hátt. Þá mætti spyrja hvort ekki væri farsælt að rækta sambandið í samræmi við hið raunverulega eðli þess, öllum til góðs til skemmri og lengri tíma litið.




# Lífeyri aldraðra haldið niðri í 11 mánuði!



Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar FEB

Í janúar 2015 hækkaði lífeyrir aldraðra og öryrkja um 3%. Launavísitalan hækkaði um 6,6% árið 2014 svo þessi hækkun lífeyris náði ekki að jafna þá hækkun. Meira hækkaði lífeyrir ekki allt árið 2015. Samt urðu meiri almennar launahækkanir á árinu 2015 en átt höfðu sér stað um langt skeið. En þó var lífeyrir frystur allt árið. Stjórnvöld höguðu sér gagnvart lífeyrisþegum eins og það væri kreppa í landinu. Bankastjóri Landsbankans sagði, að það væri komið góðæri á ný og ráðherrar töluðu ítrekað um að allir hagvísar væru hagstæðir. Ráðherrarnir töluðu fjálglega um hagstætt samkomulag um uppgjör slitabúa föllnu bankanna, sem mundi bæta afkomu þjóðarbúsins mikið en aldraðir og öryrkjar urðu ekki varir við neinn bata í þjóðarbúskapnum. Frá febrúar árið 2015 var lífeyri aldraðra og öryrkja haldið niðri og óbreyttum!

**14,5% hækkun lágmarkslauna**

1. maí 2015 tóku gildi nýir kjarasamningar launafólks í Starfsgreinasambandinu, Flóabandalaginu og VR. Samkvæmt þessum samningum hækkuðu lágmarkslaun um 14,5% og ákveðið var, að laun mundu hækka í 300 þúsund krónur á mánuði á 3 árum. Fjölmargir aðrir nýir kjarasamningar voru gerðir á árinu. Meðaltalshækkun 12 nýrra kjarasamninga var 14%. Framhaldsskólakennarar sömdu um 17% hækkun strax og 44% hækkun á 3 árum. Nýlæknar sömdu um 25% hækkun strax og læknar almennt sömdu um allt að 40% hækkun á 3 árum. Grunnskólakennarar sömdu um 33% hækkun á 3 árum og 9,5% til viðbótar gegn afsali kennsluafsláttar. Samkvæmt lögum á við ákvörðun um hækkun lífeyris að taka mið af launaþróun. Miðað við þær miklu launahækkanir, sem samið var um 2015 og ákvæði laga um launaþróun virðist krafa eldri borgara um 14,5% hækkun hafa verið eðlileg. Útreikningar fjármálaráðuneytisins um 9,7% hækkun eru hins vegar ekki í samræmi við raunveruleikann enda voru þeir byggðir á áætlunum um launahækkanir en ekki rauntölum og þær áætlanir voru gerðar áður en samningar voru undirritaðir.

**Hækkun um áramót of lítil**

Hækkun sú á lífeyri, sem tók gildi um sl. áramót, er allt of lítil, gildir fyrir fáa og leysir engan vanda. Hækkunin er 9,7% eða kr. 21.825 fyrir skatt og þegar búið er að greiða skatt af þessari hækkun er lítið eftir. Það hefði hjálpað nokkuð, ef hækkunin hefði verið greidd frá 1. maí, þ.e. frá sama tíma og verkafólk fékk hækkun, eða frá 1. mars eins og ráðherrar, þingmenn og embættismenn fengu greitt. En af einhverjum ástæðum reyndust stjórnvöld ófáanleg til þess að greiða öldruðum og öryrkjum hækkun til baka. Lífeyrisþegar eru eini hópurinn í þjóðfélaginu, sem ekki hefur fengið afturvirkar kjarabætur.

**Hækkun sú á lífeyri, sem tók gildi um sl. áramót, er allt of lítil, gildir fyrir fáa og leysir engan vanda.**

**Lífeyrir alltof lágur**

Eftir hækkunina 1. janúar 2016 er lífeyrir einhleypra eldri borgara, sem eingöngu hafa tekjur frá almannatryggingum, kr. 206 þúsund á mánuð eftir skatt. Það er engin leið að lifa mannsæmandi lífi af svo lágum lífeyri. Ef viðkomandi þarf að leigja húsnæði er húsaleigan talsvert á annað hundrað þúsund á mánuði. Það er þá lítið eftir fyrir öllum öðrum útgjöldum, mat, fatnaði, rafmagni, síma, tölvukostnaði, rekstri bifreiðar eða öðrum samgöngukostnaði, ef ekki er um bifreið að ræða, lyfjum, lækniskostnaði o.fl. Engin leið er að standa undir öllum þessum útgjöldum með þessum lága lífeyri og því verða lífeyrisþegar að sleppa einhverjum af þessum útgjaldaliðum. Slíkt er óásættanlegt og brot á mannréttindum. Það verður að leiðrétta lífeyrinn. Það verður að stórhækka hann.

# Opið bréf til stjórnar Rithöfundasambands Íslands



Helgi Ingólfsson
rithöfundur

Fyrir skömmu bar ég upp á Facebook-síðu Rithöfundasambandsins allmargar spurningar varðandi skipun í úthlutunarnefnd Launasjóðs rithöfunda, sem að mestu leyti er eingöngu á færi stjórnar RSÍ að svara. Þar sem stjórn RSÍ virti mig ekki svars, finn ég mig knúinn til að spyrja á nýjum vettvangi:

**1.** Eru til einhver svör við því hvers vegna Björn Vilhjálmsson, nefndarmaður RSÍ í úthlutunarnefnd í Launasjóði rithöfunda, sat ekki í þrjú ár eins og verklagsreglur gera ráð fyrir, heldur einungis eitt, þ.e. árið 2015? (Má benda á að annar nefndarmaður hóf setu í nefndinni árið 2014 og sat sitt þriðja ár 2016.)

**2.** Hvers vegna var Birni skipt út óforvarendis? Hvaða rök lágu þar að baki?

**3.** Hvernig fór það ferli fram að Birni var skipt út? Hver átti hugmyndina að því og hvers vegna? Stóð stjórn RSÍ að brottvikningunni saman? Einhuga?

**4.** Hvernig var nýr aðili fundinn? Hvaða aðferðafræði lá til grundvallar? Hver talaði við hann? Allir stjórnarmenn? Hvernig var þeim fundi háttað þar sem ákveðið var að skipta um mann, sem og þeim fundi þar sem valinn var nýr? Var fundurinn/-irnir formlegur? Var ritari að fundinum/-unum? Var skráð fundargerð?

**5.** Hvers vegna hefur stjórn RSÍ ekki svarað spurningum um þessi efni? Í hvers þágu er þögnin?

Með von um skýr svör.


NÝTT KORTATÍMABIL 22. JANÚAR • NÝTT KORTATÍMABIL 22. JANÚAR • NÝTT KORTATÍMABIL 22. JANÚAR
the PIER
GLÆSILEGT ÚRVAL
Á PIER.IS
20% AFSLÁTTUR
AF POLO U-TUNGUSÓFA
Áður: 189.900,- NÚ: 151.920,-
Stærð: 298x152x205 cm.
Hengelo borð
Áður: 39.900,- NÚ: 23.940,-
Lorient borð
Áður: 79.900,- NÚ: 47.940,-
Megrine skemill
Áður: 9.990,-
NÚ: 4.995,-
Adeline náttborð
Áður: 39.900,- NÚ: 23.940,-
Moselle glerskápur
Áður: 39.900,- NÚ: 27.930,-
Locronan kommóða
Áður: 35.900,- NÚ: 21.540,-
30-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM
50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM PÚÐUM
Kentra bekkur
Áður: 39.900,-
NÚ: 27.930,-
Gourdon skóskápur
Áður: 34.900,- NÚ: 20.940,-
Kentra kollur
Áður: 25.900,- NÚ: 12.950,-
Jacquard stóll
Áður: 79.900,- NÚ: 39.950,-
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is



Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, huggar svekktan fyrirliðann, Guðjón Val Sigurðsson, eftir tapið fyrir Króatíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Uppbygging gæti tekið tíma

**Sérfræðingar Fréttablaðsins eru allir sammála um að varnarleikurinn hafi fellt íslenska liðið á EM í Póllandi. Kalla eftir allsherjar naflaskoðun fyrir framhaldið og einn segir kominn tíma á Aron Kristjánsson.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@frettabladid.is



**HANDBOLTI** Strákarnir okkar sneru til síns heima í gær eftir sneypuför til Póllands. Í fyrsta sinn síðan 2004 fór karlalandsliðið í handbolta ekki upp úr riðli á Evrópumótinu. Þeir voru sendir heim eftir rassskell gegn Króatíu, en tapið óvænta gegn Hvíta-Rússlandi kom liðinu í nær ómögulega stöðu.

Fréttablaðið leitaði til þriggja þjálfara í Olís-deildunum hér heima til að gefa sitt álit á frammistöðunni og framhaldinu. Þeir eru Einar Andri Einarsson, þjálfari Aftureldingar í Olís-deild karla, og þjálfarar karla- og kvennaliða Gróttu, Gunnar Andrésson og Kári Garðarsson.

### Engar taktískar breytingar

Allir þrír eru sammála um hið augljósa; varnarleikur Íslands var langt frá því að vera nógu góður í seinni tveimur leikjunum. Eftir fínan varnarleik gegn Noregi, þar sem liðið náði 29 löglegum stöðvunum, voru aðeins níu slíkar gegn Hvít-Rússum og Króötum. Mótherjarnir voru varla snertir.

„Ég hef nú bara aldrei séð jafn skrítinn handboltaleik eins og á móti Hvíta-Rússlandi. Þar var algjört hrun í varnarleiknum. Ég saknaði þess að sjá menn stíga upp í vörninni og klárar sínar stöður. Það vantaði líka allar taktískar breytingar í 6-0-vörninni. Svo hjálpaði ekki til að sóknarleikurinn á móti Króatíu var kominn í þrot,“ segir Einar Andri Einarsson um varnarleikinn og Gunnar er sammála.

„Við vorum ekki nógu klókir og svo var ekkert plan B fyrst þessi hefðbundna vörn okkar virkaði ekki. Ofan í þennan varnarleik fáum við svo enga markvörslu en þetta er grunnurinn að árangri. Það hefur verið smá endurnýjun í mannskap í varnarleiknum. Við erum ekki með sama mannskap og þegar þessi vörn virkaði hvað best. Ég er ekki viss um að þessi vörn henti þessu liði. Mér fannst þetta aldrei sannfærandi,“ segir Gunnar.

### Töluðum okkur upp

Íslenska liðið átti heldur ekki gott mót í Katar fyrir ári en fín spilamennska landsliðsins eftir það skilaði sér engan veginn inn í mótið í Póllandi. Var verið að ofmeta liðið fyrir EM?

„Það sem gaf mér ákveðna von var að liðið hefur oft verið í verra standi. Aron er ferskari og Guðjón Valur. Það er kannski bara Lexi sem kom svolítið hnjaskaður inn í mótið. Mér fannst ástæða til að vera bjartsýnn út af því en kannski ekki þegar horft er á undirbúninginn og og síðasta ár,“ segir Kári Garðarsson.

Einar Andri tekur undir orð hans: „Var einhver ástæða til bjartsýni? Við töpum í undirbúningnum fyrir Portúgal og svo vinnum við seinni leikinn gegn Þýskalandi en það er oft þannig að liðið sem vinnur fyrri leikinn kemur rólegar inn í þann síðari. Við vorum að tala okkur upp því allir voru heilir og æfingarnar áttu að ganga vel. Kannski vorum við samt ekki að horfa nógu raunsætt á þetta.“

Stóra vandamálið, segir Kári, hafi einfaldlega verið að tapa leiknum gegn Hvíta-Rússlandi. „Það var bara blaut tuska í andlitið fyrir alla sem þekkja til. Það átti að vera auðveldur leikur eða allavega sigur. Eftir hann vorum við komnir með bakið upp við vegg fyrir leik gegn liði sem er gríðarlega öflugt. Þar vorum við svo með allt niður um okkur. Það voru of margir að spila langt undir pari.“

### Þörf á naflaskoðun

En hver eru næstu skref? „Við þurfum að finna út úr þessari vörn,“ svarar Einar Andri um hæl. „Ég hef engar áhyggjur af sóknarleiknum. Það þarf að vera endurnýjun í liðinu en alls ekki hreinsa út tíu leikmenn og inn með aðra tíu. Það er það versta sem við gætum gert. Við þurfum að finna leikmenn sem geta spilað vörn og sókn og fá betra jafnvægi í liðið.“

Gunnar Andrésson vill að handboltahreyfingin líti öll inn á við: „Við komumst ekkert hjá kynslóðaskiptum. Kannski þurfum við bara að taka eitt skref aftur á bak til að taka tvö áfram. Við þurfum að fara í naflaskoðun og sjá hvar við öll getum bætt okkur til dæmis í þjálfun og annað. Það er fullt af efnilegum strákum að koma upp þannig að saman þurfum við öll að vinna í sömu átt.“

**Einar Andri Einarsson:**

## Þarf traust frá leikmönnum



„Ég held að Aron sé alveg nógu góður þjálfari til að stýra íslenska liðinu áfram ef hann er til í það,“ segir Einar Andri, aðspurður um framtíð Arons Kristjánssonar.

„Ef hann hefur traust frá leikmönnum og HSÍ sé ég enga ástæðu til þess að breyta til. Ég held að allir sem koma að liðinu þurfi að kafa djúpt og finna ástæðuna fyrir þessum árangri. Það er þörf á naflaskoðun hjá öllum sem koma að handboltanum á hæsta stigi á íslandi,“ segir Einar Andri Einarsson.

**Gunnar Andrésson:**

## Gæti tekið tíma



„Aron er frábær þjálfari og gæti gert gagn með þetta lið, en ég held að það eigi bara eftir að koma í ljós hvað verður,“ segir Gunnar varðandi framtíð Arons Kristjánssonar með landsliðið.

„Þetta gæti alveg verið tímapunktur til að fé ferskt blóð inn í þetta. Við komumst að því þegar tíminn aðeins líður og menn átta sig á hvað fór úrskeiðis. Það er vafalítið ýmislegt í þessu sem við vitum ekki,“ segir Gunnar sem kallar eftir þolinmæði.

„Það þarf að stýra þessu skipi á beinu brautina en það gæti tekið tíma þannig að við verðum að vera þolinmóð.“

**Kári Garðarsson:**

## Kominn tími á ferskt blóð



„Já, ég held það hreinlega,“ segir Kári Garðarsson aðspurður hvort það sé kominn tími á að Aron Kristjánsson láti af störfum.

„Hann er frábær þjálfari og hefur náð góðum árangri með íslenska liðið sem og þau félagslið sem hann hefur stýrt bæði hér heima og úti. En það er tími núna til að fá ferskt blóð inn í þetta,“ segir Kári.

„Það er kominn tími á breytingar en ég segi það með fullri virðingu fyrir Aroni Kristjánssyni og öllu sem hann hefur gert.“

## Nýjast af EM í Póllandi

**C-riðill**

**Spánn - Svíþjóð 24-22**
**Markahæstir:** Valero Rivera 9, Julen Aguinagalde 4, Jorge Maqueda 3, Jesus Garcia 3 - Viktor Östlund 4, Johan Jakobsson 4, Nicklas Ekberg 3, Jesper Nielsen 3.

**Þýskaland - Slóvenía 25-21**
**Markahæstir:** Tobias Reichman 5, Rune Dahmke 4, Seffen Weinhold 4, Jannik Kohlbacker 3, Steffen Fäth 3 - Vid Kavticnik 6, Dragan Gajic 3.

Stig liða: Spánn 5, Þýskaland 4, Svíþjóð 2, Slóvenía 1.

**D-riðill**

**Danmörk - Ungverjaland 30-22**
**Markahæstir:** Mikkel Hansen 6, Mads Christiansen 4, Mads Mensah 3, Casper Mortensen 3 - Peter Hornyak 5, Rudolf Faluvegi 3, Kornel Nagy 2.

**Rússland - Svartfjallal. 28-21**
**Markahæstir:** Sergei Shelmenko 5, Sergey Gorbok 5, Timur Dibiruv 4, Mikhail Chipurin 3 - Vasko Sevaljevic 4, Milos Vujovic 4.

Stig liða: Danmörk 6, Rússland 4, Ungverjaland 2, Svartfjallaland 0.

**Að horfa á DK landsliðið er eins og eitt sinn var að horfa á það Íslenska**

Áslaug Bára
@AslaugB

ÍSLAND ENDAÐI Í 13. SÆTI
Íslenska karlalandsliðið í handbolta endaði í 13. sæti á Evrópumótinu. Þetta varð ljóst eftir leiki gærdagsins þar sem við treystum á Dag Sigurðsson og lærisveina hans í Þýskalandi auk Rússlands að hjálpa okkur Íslendingum. Við þurftum sigur Þjóðverja á Slóvenum og sigur frá Rússum gegn Svartfjallalandi til að tryggja okkur 13. sætið og þar með sæti í efri styrkleikaflokki fyrir HM-umspilið í sumar. Þýskaland og Rússland unnu bæði sína leiki sannfærandi og gerðu Íslandi þar mikinn greiða.



ALDREI JAFN OFARLEGA
Íslenska karlalandsliðið í körfubolta verður í öðrum styrkleikaflokki þegar dregið verður til Evrópumótsins 2017. Drátturinn fer fram 22. janúar í Þýskalandi. Íslenska landsliðið hefur aldrei verið jafn ofarlega, en það hefur klifið metorðastigann undanfarin misseri og var auðvitað í fyrsta sinn með á Evrópumótinu síðasta sumar. Ísland mætir örugglega einu liði úr efsta styrkleikaflokki og einu úr þriðja, en óvíst er hvort það mæti liði úr fjórða styrkleikaflokki. Dregið verður í heildina í sjö riðla. Sex riðlar verða með fjórum þjóðum en einn þeirra með þremur. Leikið verður heima og að heiman.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.15 | Frakkland- Hvít-Rús | RÚV |
| 19.30 | Makedónía - Króatía | RÚV2 |
| 19.15 | FSu - Stjarnan | Iða |
| 19.15 | Tindastóll - Þór Þ. | Síkið |
| 19.15 | KR - Haukar | DHL-höllin |
| 11.00 | HSBC-mótið | Golfstöðin |

**Karlmannssnúðurinn enn í tísku**

**Úr sér vaxið hár er oft í tísku á veturna. Klippingarnar verða svo gjarnan snyrtilegri með hækkandi sól. Óli Boggi á Solid hár situr fyrir svörum um hártísku karla.**

**Bls. 2**





**Róbert getur nú aftur notið útivistar af fullum krafti.**

# LIÐAKTÍN HJÁLPAÐI MÉR AÐ LOSNA VIÐ STIRÐLEIKA OG VERK Í ÖXL

**Heilsa.is kynnir** Ansi margir lenda í talsverðum vandræðum með liði, bólguverki og gömul íþróttameiðsl. Aftrar það þeim jafnvel frá almennri hreyfingu og sér í lagi frá því að stunda áhugamál sín af krafti. Róbert Schmidt er einn þeirra en hann hefur nú fengið lausn á sínum vandamálum með hjálp Liðaktín Quatro frá Gula miðanum.

Róbert er mikill áhugamaður um útivist og nýtur þess sérstaklega að stunda kajak-róður. Jafnframt hefur hann farið reglulega í sjóstangveiði. Stirðleiki í útlimum og þá sérstaklega verkur í annarri öxlinni hefur aftrað honum frá því að geta stundað útivist og veiði eins og hann er vanur.

Fyrir um tveimur mánuðum byrjaði Róbert að taka inn Liðaktín frá Gula miðanum og fann hann umtalsverðan mun. „Ég byrjaði að taka inn Liðaktín í fyrsta skiptið fyrir um tveimur mánuðum, eftir tvær vikur fann ég mun og mánuði eftir að ég byrjaði á Liðaktín var verkurinn alveg farinn. Það var ótrúlega ánægjuleg tilfinning. Ég hvet því alla sem kjósa sér betri daga í leik og starfi að taka inn Liðaktín,“ segir Róbert.



> Eftir tvær vikur fann ég mun og mánuði eftir að ég byrjaði á Liðaktín var verkurinn alveg farinn. Það var ótrúlega ánægjuleg tilfinning.
>
> Róbert Schmidt

## LIÐAKTÍN QUATRO

Liðaktín Quatro frá Gula miðanum inniheldur fjögur virk efni sem vinna sérstaklega fyrir liði og stoðkerfi. Þar má nefna Rose hip sem er bólgueyðandi, Omega 3 sem er mýkjandi og einstaklega góð fyrir liði. Hyaluronic sýru sem er eitt af meginefnum í liðvökva og gegnir mikilvægu hlutverki til að viðhalda seiglu og sveigjanleika í liðum og getur þannig byggt upp brjóskið aftur. Að ógleymdu kondroitín-súlfati sem hjálpar til að vernda gegn niðurbroti á brjóski.







BYLGJAN 989














Snyrtilegar herraklippingar í anda sjötta og sjöunda áratugarins eru í tísku í dag.

# BÆÐI ROKKAÐ OG SNYRTILEGT

Karlmannssnúðurinn er enn í tísku. Algengt er að hár karlmanna sé síðara á veturna en með hækkandi sól styttist það.

Karlmannssnúðurinn hefur verið í tísku í töluverðan tíma og hafa ýmsir skartað honum. Meðal annars stjörnurnar í Hollywood, þeirra á meðal Jared Leto, Chris Hemsworth og Brad Pitt. Hvort sem fólki finnst þessi tíska vera málið eða ekki þá hafa þær raddir heyrst að þessi greiðsla geti haft þau áhrif að til hárloss komi. Og þá ekki síður hjá konum sem eru alltaf með hárið í tagli. Ólafur Borgar Heiðarsson, hárgreiðslumaður á stofunni Solid hár, eða Óli Boggi eins og hann er kallaður er ekki sammála þessu.

„Ég myndi nú ekki halda að þessi snúður eða tagl valdi hárlosi, ég hef að minnsta kosti ekki orðið var við það. Það er eðlilegt að fólk missi ákveðið mikið magn af hári á dag og þegar hárið er orðið síðara verður þessi eðlilegi hármissir meira áberandi. En þetta lúkk, rokkaralega, loðna lúkk, er sannarlega enn í tísku og þá karlmannssnúðurinn um leið. Maður sér alltaf eina og eina týpu með hann.“


Óli Boggi hárgreiðslumaður.

> En þetta lúkk, rokkaralega, loðna lúkk, er sannarlega enn í tísku og þá karlmannssnúðurinn um leið. Maður sér alltaf eina og eina týpu með hann.

**FJÖLBREYTT TÍSKA**

Óli Boggi segir hárið á karlmönnum oft vera síðara á veturna en með hækkandi sól fari það að styttast. „Þetta úr sér vaxna lúkk er oft í tísku á veturna. Jafnframt eru, og verða áfram, herralegar klippingar í tísku núna. Tískan skiptist svolítið í tvo hópa þessa dagana, það er annars vegar rokkarinn með skeggið og lubbann og svo snyrtilegi maðurinn sem kemur í klippingu á þriggja til fjögurra vikna fresti. Þessir snyrtilegu eru með hárið styttra í hliðunum og síðara að ofan. Tískan fer alltaf í hringi og klippingarnar sem eru í gangi núna eru þessar flottu herralegu klippingar sem voru áberandi á sjötta og sjöunda áratugnum.“

Hann bætir við að hártískan sé mjög fjölbreytt og að margir fylgist vel með og hafi ákveðnar skoðanir á því hvað þeir vilja. „Við erum í því að gúggla hinar og þessar fyrirmyndir fyrir þá sem koma í klippingu.“



Margar karlkyns Hollywood-stjörnur hafa skartað snúð í hárinu undanfarna mánuði, meðal annars þeir Chris Hemsworth, Brad Pitt og Jared Leto. NORDICPHOTOS/GETTY


TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
ÚTSALA!
- Allt að 70% afsláttur -
- Cube 2015 / TACX / Louis Garneau / Brooks / Compresssport / Park Tool -
Mynd:Guðmundur Róbert
ParkTool
118.990kr
-30%
CUBE NATURE
2015
167.990kr
-30%
CUBE CROSS
2015
69.990kr
-30%
CUBE CURVE
2015
*Schwalbe Marathon Winter - 25% afsláttur!
24", 26", 700*40, 27,5", 29" og 700*35
WWW.TRI.IS
SHIMANO
#cube_your_life!
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 - 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00



Grace Coddington er litrík kona og sterkur persónuleiki sem tískuheimurinn hefur dáð.

# LITRÍK PERSÓNA STÍGUR TIL HLIÐAR

Tilkynnt var í gær að Grace Coddington, listrænn stjórnandi ameríska tískutímaritsins Vogue, væri að stíga til hliðar. Grace hefur starfað hjá Vogue í 28 ár og hefur átt glæstan feril. Grace er 74 ára.

Þrátt fyrir að Grace ætli að stíga til hliðar mun hún taka að sér ákveðin verkefni fyrir blaðið, að minnsta kosti fjórar ritstjórnargreinar á ári. Þá mun hún hafa skrifstofu til afnota á Vogue-skrifstofunni í One World Trade Center. Þess utan mun hún vinna að því að koma nýju ilmvatni á markað í samstarfi við Comme des Garçons.

Grace er einn þekktasti tískublaðamaður heims. „Mér þykir einstaklega vænt um Vogue, tímaritið hefur verið stór partur af lífi mínu lengi,“ segir Grace. „Blaðið uppgötvaði mig sem fyrirsætu þegar ég var 19 ára. Vogue hefur opnað margar dyr fyrir mig. Ég er samt ekki að setjast í helgan stein,“ segir þessa dugmikla kona.

Grace Coddington sem er frá Wales á Englandi hóf feril sinn hjá breska Vogue. Eftir 19 ár þar flutti hún til New York til að starfa fyrir Calvin Klein. Fljótlega gerðist hún listrænn stjórnandi hjá bandarísku útgáfu Vogue. Ritstjóri blaðsins, Anna Wintour, og Grace hafa starfað saman frá árinu 1988 með góðum árangri.

Grace hafði ekki mikinn áhuga á viðskiptahlið fyrirtækisins og tölvur eða tölvupóstur heilla hana ekki. Listræn sköpun er henni í blóð borin og hún hefur markað stórt spor í tískuheiminum. Sjálf er hún litríkur persónuleiki og vekur athygli hvar sem hún kemur.

Grace er sú ein af fáum sem hefur þorað að standa í hárinu á Önnu Wintour.



Grace Coddington, Penelope Cruz leikkona og Anna Wintour ritstjóri saman á tískusýningu í New York.

» Tímaritið hefur verið stórt partur af mér lengi og hefur opnað margar dyr fyrir mig.








Prófið að hreinsa andlitið með grískri jógúrt einu sinni í viku.

# JÓGÚRT Á ANDLITIÐ

Þurr húð í andliti er einn af fylgifiskum vetrarveðursins. Andlitið er oftast berskjaldað fyrir veðri og vindum. Yfir veturinn ætti að forðast hreinsivörur sem innihalda alkóhól þar sem þau þurrka húðina. Nota ætti mildari hreinsivörur yfir veturinn og meira rakagefandi krem en venjulega yfir hlýrri mánuði.

Til að breyta aðeins til við morgunrútínuna mætti hreinsa andlitið með grískri jógúrt einu sinni í viku. Það hljómar kannski furðulega en mjólkursýran í jógúrtinni virkar eins og mildur skrúbbur á efsta lag húðarinnar og leysir upp dauðar húðfrumur. Hún er sögð gagnast vel gegn bólum og minnka fínar línur. Þá er jafnvel mælt með að stappa nokkur bláber saman við jógúrtina en þau innihalda C- og E-vítamín sem þykja hafa góð áhrif á húðina. Haframjöl er einnig gott út í jógúrtina til að búa til grófari skrúbb.



### JÓGÚRTMASKI MEÐ HUNANGI

**1 msk. af fínu haframjöli**
**1 msk. af grískri jógúrt**
**1 tsk. af hunangi**

Hrærið saman og berið á hreint andlitið. Látið bíða á húðinni í 15 til 20 mínútur, nuddið þá maskanum létt með hringlaga strokum áður en hann er hreinsaður af með volgu vatni.

Berið rakakrem á andlitið eftir hreinsun.


50-80% afsláttur
af öllum útsöluvörum!
Stærðir
36-56
ENN MEIRI LÆKKUN
Á ÚTSÖLUNNI!
50-80% afsláttur af öllum útsöluvörum, opið til 21 í dag
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
BUXUR
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
St. 42-56
KJÓLL
ÁÐUR 9.990
NÚ 4.990
St. 42-56
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 1.190
St. 36-40
BOLUR
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
St. 36-48
SKYRTA
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
St. S-XL
KJÓLL
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
St. 42-56
KJÓLL
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
St. 36-50
KJÓLL
ÁÐUR 10.990
NÚ 2.990
St. S-XXXL
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 3.990
St. S-XL
BLÚSSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 1.990
St. S-XL
Nýjar vörur á FRÁBÆRU verði!
KJÓLL
5.990kr
st. 36-56
SKYRTA
7.990kr
st. 42-56
KJÓLL
5.990kr
st. 36-56
KJÓLL
6.990kr
st. 36-56
Einnig til í svörtu!
ÚLPA
12.990kr
st. 36-56
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

Útsala
Enn meiri verðlækkun
40 – 80% afsláttur

| Verðdæmi: | Verð nú: | Verð áður: |
|---|---|---|
| Pils | 1.990 kr. | 6.900 kr. |
| Peysa | 1.990 kr. | 7.900 kr. |
| Poncho | 1.990 kr. | 5.900 kr. |
| Buxur | 5.900 kr. | 12.900 kr. |
| Túnika | 3.900 kr. | 10.900 kr. |
| Kjóll | 3.900 kr. | 9.900 kr. |
| Pils | 2.900 kr. | 9.900 kr. |

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15
Nýtt kortatímabil
black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

# HAUSTIÐ HJÁ GUCCI

Alessandro Michele hefur stimplað sig rækilega inn sem nýr listrænn stjórnandi Gucci en hann var svo til óþekktur þegar hann tók við starfinu fyrir ári. Hann sýndi nýverið karlmannafatalínu sína fyrir haustið 2016 á tískuvikunni í Mílanó.

Michele er 43 ára gamall og hefur áunnið sér sess í tískuheiminum sem góður spámaður um það sem koma skal.

Margir biðu því spenntir eftir að hann sýndi þriðju karlmannafatalínu sína í Mílanó á mánudaginn og hann olli ekki vonbrigðum með skemmtilega furðulegri blöndu af nördalausum, kynlausum glamúr. Ekki aðeins karlmenn gengu pallana, konur léku einnig stórt hlutverk á sýningunni sem passar vel við kynlausan stíl Michele. Áttundi áratugurinn átti sinn sess í sýningunni enda sagðist Michele hafa fengið innblástur frá verkum Walters Albini, litríks ítalsks hönnuðar sem átti sitt blómaskeið á þeim áratug.





DIOR KYNNING
FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
KYNNUM NÝJA VORLITI
OG NÝJAN FARÐA.
SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS



GULL BYLGJAN 90,9

# Seldu hvað sem er, hvenær sem er

**miniPos** sölukerfið er einfalt, hraðvirkt og þægilegt í notkun og hentar bæði stórum sem smáum söluaðilum. Það eina sem þarf til að notast við kerfið er tölva og nettenging. Sölukerfið er hýst í skýi og hægt að senda reikninga rafrænt bæði til viðskiptavina og banka.

Með miniPos sölukerfinu getur hver sá sem þarf að selja vörur eða þjónustu gert það hvar og hvenær sem er, svo lengi sem hann er með tölvu og nettengingu. „Þeir viðskiptavinir sem notast við kerfið okkar daglega hafa haft orð á því hversu einfalt, hraðvirkt og þægilegt kerfið er og hversu gott sé að hafa rauntímayfirsýn yfir sölu og hvernig hún skiptist á milli flokka,“ segir Jóhanna Sofía Karlsdóttir, verkefnastjóri SmartMedia.

„Við teljum að það sé einmitt mjög mikilvægt fyrir þá sem standa í rekstri að vita hvað það er sem þeir eru að selja en því upplýstara sem fólk er um eigin rekstur því betri og meðvitaðri ákvarðanir getur það tekið um framtíðina.“

### miniPos sölukerfið hentar öllum

Sölukerfið hentar öllum sem selja vörur eða þjónustu, gefa út reikninga og þurfa að hafa yfirsýn yfir reksturinn. Kerfið hentar einyrkjum sem og stórum verslunum og heildsölum og öllu þar á milli. „Við erum einmitt líka með heildsölufídus í kerfinu okkar,“ segir Jóhanna.

### Umhverfisvænt kerfi

Sölukerfið er byggt upp þannig að það er hýst í „skýjunum“ og hægt er að senda reikninga til viðskiptavina á tölvupósti og einnig rafrænt í innheimtu til bankans sem gerir kerfið einstaklega umhverfisvænt. „Að útbúa reikning eða kreditfæra reikning hefur líklega aldrei verið einfaldara en í sölukerfinu okkar og leggjum við mikið upp úr því að hver sem er geti notað þessa lausn fyrirhafnarlaust.“

Sölukerfið er byggt og þróað ofan á netverslunarkerfið frá Smartmedia sem gerir það kleift að vinna bara á einum grunni en hingað til hefur þurft tengingar á milli kerfa með tilheyrandi kostnaði.

> **Curvy hefur verið í viðskiptum við Smartmedia í um fimm ár. Við erum ánægð með hvað Smartmedia er ávallt að þróa og bæta kerfið sitt. Við höfum getað leitað til þeirra með okkar sérþarfir og þeir gera ávallt sitt besta til að finna góða úrlausn.**
>
> *Fríða, eigandi Curvy*

### Ódýr lausn

Það er alls ekki mikil fjárfesting að byrja að nota miniPos kerfið, það eina sem þarf er fartölva, þess vegna gömul, og nettenging. „Þeir sem eru með verslun myndu bæta við strikamerkjaskanna, peningaskúffu og prentara. Grunnlausnin okkar er byggð á mánaðargjöldum og það er engin binding innifalin í því og hægt er að hætta þannig séð hvenær sem er,“ útskýrir Jóhanna.

### Er þetta bókhaldskerfi?

„Kerfið er fyrst og fremst sölukerfi og er þar af leiðandi ekki dæmigert bókhaldskerfi. Aftur á móti geta þeir sem eru með bókara eða endurskoðanda til að vinna þessa vinnu fyrir sig tekið alla söluna úr kerfinu en þá getur bókarinn keyrt þær upplýsingar inn í sitt bókhaldskerfi. Fyrir þá sem vilja að kerfið tali við annað fjárhagskerfi eins og Navision og dk, þá getum við tengst þeim kerfum og fleirum í þessum geira og þannig gert allt upplýsingaflæði sjálfvirkt á milli kerfa,“ segir Jóhanna.




**Jóhanna Sofía Karlsdóttir hjá Smartmedia og Fríða Guðmundsdóttir, eigandi Curvy, í verslun Fríðu. Curvy hefur verið í ánægjulegum viðskiptum við Smartmedia í um fimm ár.** MYND/STEFÁN

> **Við erum að nota miniposann í versluninni hjá okkur og erum gríðarlega ánægð. Það er svo einfalt að vinna með hann og ef það er eitthvað þá er starfsfólkið hjá Smartmedia yndislegt og hjálpar manni strax, engin bið, ekkert vesen.**
>
> *Arna, MKM*




# Öll tækniþróun til góðs

Trausti Víglundsson hefur starfað í veitingahúsageiranum í hálfa öld og þekkir því afar vel til í bransanum. Hann segir að innreið sjóðsvéla og tölvutækninnar hafi komið sér vel fyrir framreiðslufólk, kokka og ekki síst gesti veitingahúsanna.

Trausti hóf nám í framreiðslu í hinum sögufræga Glaumbæ árið 1962 og útskrifaðist sem framreiðslumaður 1965. Hann hefur átt farsælan feril í bransanum, vann á Hótel Sögu fyrst sem framreiðslumaður, síðar veitingastjóri og loks sem verktaki og sá þannig um veitingar og þjónustu á hótelinu í 34 ár. Eftir það færði hann sig yfir á Hótel Loftleiðir þar sem hann sá um veitingarekstur í ellefu ár.

„Ég hef verið fagstjóri Icelandair hótelanna í tvö og hálft ár sem þýðir að ég hef haft umsjón með gæðaeftirliti og kennslu á þessum tuttugu hótelum. Núna er ég búinn að minnka við mig, kominn í 30 prósent vinnu en er auk þess í prófnefnd Hótel- og veitingaskólans líkt og undanfarin fjórutíu ár,“ segir Trausti.

## Tæknin auðveldar lífið

Í grunninn hefur þjónsstarfið ekki breyst mikið í gegnum árin en tæknin hefur þó létt mönnum lífið á margan hátt að sögn Trausta. „Þegar ég var að byrja þurfti þjónninn, líkt og í dag, að bera á sér penna, blokk og upptakara. Pöntunin var tekin niður á blokk og þetta hefur lítið breyst,“ segir hann. „Góð þjónusta eykur upplifun veitingahúsagesta en slæm spillir henni.“

Helsta breytingin út frá tæknilegu sjónarhorni hefur orðið á því hvernig pöntuninni er komið áleiðis inn í eldhús. „Á upphafsárum mínum var miði í einriti settur upp á svokallaða bommu sem fór inn í eldhús. Seinna voru miðarnir komnir í tví- og þrírit en það var ekki fyrr en miklu seinna að fram komu kassakerfi þar sem þjónninn „bommaði“ pöntunina inn í kassa sem prentaði miðana sem fóru síðan til matreiðslumannsins.“

Síðan þróaðist tæknin enn frekar. „Sums staðar eru þjónar nú orðið útbúnir spjaldtölvum sem þeir taka pantanirnar á og senda beint inn í eldhús,“ segir Trausti og bendir á að ýmsar útfærslur séu á pöntunarkerfum í dag bæði hér á landi og erlendis og fjölmargar nýjungar í boði.

Trausti telur alla tækniþróun í þessum geira til góðs. „Hún eykur öryggi gestanna, þeir geta verið nokkuð vissir um að fá það sem þeir pöntuðu og borga fyrir það rétta upphæð. Þá er auðvelt að fletta upp pöntunum aftur í tímann,“ segir Trausti og telur ekki síst þá sem hafa sérþarfir á borð við fæðuóþol eða -ofnæmi njóta góðs af tækninni. „Skrift fólks er misgóð, ekki bara í læknastéttinni, og áður gat komið upp misskilningur með pöntun sem var handskrifuð. Í dag er þetta mun öruggara með tilkomu tölvukerfanna sem sjá um að skilaboðin berist óbrengluð.“

Hann segir hin nýju kassakerfi einnig mikilvæg fyrir rekstur veitingastaðanna og þau geri þá mun skilvirkari.

## Spennandi starf

Mikill uppgangur er í veitingahúsageiranum samhliða fjölgun ferðamanna. Það kallar á fleiri matreiðslu- og framreiðslumenn. „Aðsóknin í matreiðslunám er mjög góð og rúmlega það. Staðan er ekki eins góð í framreiðslufaginu þótt ágætur stígandi hafi verið í því síðastliðin ár,“ segir Trausti sem er nokkuð bjartsýnn á framtíð framreiðslustarfsins þó að aðeins nokkur ár séu síðan aðeins tveir framreiðslumenn voru útskrifaðir að vori.

„Það vantar fólk í þessi störf um allt land,“ segir Trausti sem telur að fólk átti sig ekki á því hversu spennandi starfið er og hversu marga möguleika námið opnar. „Margir sem hafa lokið námi í framreiðslu eru nú hótelstjórar, til dæmis á Hilton, Holtinu og víðar,“ segir Trausti sem mælir heils hugar með náminu.



Trausti Víglundsson hefur starfað í veitingahúsabransanum í yfir fimmtíu ár. MYND/VILHELM

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMA'IR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

BORGUN



Viltu taka við greiðslum á netinu?

Borgun býður fjölbreyttar lausnir og góða þjónustu fyrir þá sem vilja taka við öllum greiðslukortum gegnum vefsvæði eða app.

Kannaðu málið á **borgun.is**

MasterCard Maestro VISA VISA ELECTRON UnionPay JCB Diners Club INTERNATIONAL DISCOVER AMERICAN EXPRESS

Make it matter.

# Nettari afgreiðsla

## HP RP2 kassakerfislausnin

Intel® Quad Core™ J2900 Pentium®

J2A63AV




### Fyrirferðalítill vinnuþjarkur

HP RP2 kassakerfið er traust og áreiðanleg lausn sem uppfyllir ströngustu kröfur og er hönnuð fyrir langtímanotkun.

### Meiri sveigjanleiki

Stilltu skjáinn eins og þér hentar best hvað varðar hæð, snúning og sjónarhorn og veldu þá aukahluti sem hæfa þínum rekstri.

**Kynntu þér RP2 kassakerfalausnina nánar á www.ok.is/rp2/**

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is. Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Atom og Intel Atom Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.
*Miðað við HP RP2 kassakerfislausn á 36 mánaða leigusamning.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# Leiðandi í viðskiptahugbúnaði

Þjónusta við afgreiðslukerfi er sífellt stærri hluti af starfsemi dk hugbúnaðar. Nú er hægt að setja afgreiðslukerfi í farsíma og spjaldtölvur sem býður upp á mikil þægindi og tækifæri fyrir viðskiptavini. Þá býður **dk hugbúnaður** upp á bókhalds- og afgreiðslukerfi í áskrift.

Hugbúnaðarfyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi fyrirtæki á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki.

Starfsemin hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og í dag vinna 46 starfsmenn hjá fyrirtækinu, þar af sjö sem starfa í þjónustu við afgreiðslukerfi. Sú deild hefur stækkað töluvert á síðustu árum meðfram vaxandi hlut dk hugbúnaðar á íslenska afgreiðslukerfamarkaðnum að sögn Hafsteins Róbertssonar, kerfisfræðings og sérfræðings í afgreiðslukerfum hjá fyrirtækinu.

„Nú er svo komið að afgreiðslukerfi eru sett upp á alls kyns vélbúnaði hjá fyrirtækjum og verslunum, m.a. á iPhone-farsímum og iPad-spjaldtölvum, þannig að starfsumhverfið í afgreiðslukerfadeildinni er í stöðugri þróun. Undanfarið höfum við séð mikla aukningu í notkun á spjaldtölvum og einnig hefur komið á markað mikið af jaðarbúnaði sem hægt er að nota með þessum tækjum, til dæmis prentarar og posar. Þessi nýlegu tæki ásamt afgreiðslukerfi okkar bjóða því upp á mikil þægindi og aukin tækifæri fyrir viðskiptavini okkar.“

dk hugbúnaður býður meðal annars upp á bókhalds- og afgreiðslukerfi í áskrift. „Við bjóðum bæði upp á afgreiðslukerfi í hefðbundnar afgreiðslutölvur en líka fyrir iPhone-síma eða iPad-spjaldtölvur.“

### Vildarkerfi fyrir verslanir

Mikil þróun hefur átt sér stað á dk POS afgreiðslukerfinu á síðustu tíu árum að sögn Hafsteins. „Á þessu ári komu til dæmis nýjungar á borð við nýtt og öflugt vildarkerfi fyrir verslanir auk þess sem sjálft afgreiðslukerfið fékk nýtt viðmót sem gerir allt söluferlið fljótlegra og skilvirkara. Einnig hafa komið tengingar við alla nýja greiðslumiðla og posa sem komið hafa fram á sviðsljósið á árinu, svo sem Netgíró, Pyngjuna og Dalpay-posa.“



„Við bjóðum bæði upp á afgreiðslukerfi í hefðbundnar afgreiðslutölvur en líka fyrir iPhone-síma eða iPad-spjaldtölvur,“ segir Hafsteinn Róbertsson, kerfisfræðingur og sérfræðingur í afgreiðslukerfum fyrirtækisins. MYND/STEFÁN

### dk iPOS afgreiðslukerfið



Hafsteinn segir markaðinn hafa kallað eftir snjalltækjalausnum og hafi dk hugbúnaður svarað því kalli. „dk POS pantanaappið fyrir iPad hefur t.d. notið mikilla vinsælda hjá veitingastöðum síðan það kom út fyrir þremur árum. Nú hefur dk tekið þá lausn lengra og gert að fullgildu afgreiðslukerfi sem við köllum afgreiðslukerfið dk iPOS. Með því er hægt að vera með afgreiðslukassann bókstaflega í vasanum því hægt að vera með kerfið á bæði iPhone-símum eða iPad-spjaldtölvum. Við þessi tæki er síðan hægt að tengja jaðarbúnað á borð við þráðlausa prentara og greiðsluposa frá Dalpay.“

Öll sala í dk iPOS afgreiðslukerfinu og samskipti við dk-bókhaldskerfið fer fram í gegnum skýjaþjónustu dk (vistun). Umsýsla birgða er leikur einn og salan bókast sjálfkrafa í dk fjárhagsbókhaldi. „Einfaldara verður það ekki fyrir viðskiptavini okkar,“ segir Hafsteinn að lokum.

*Nánari upplýsingar má finna á www.dk.is.*

**dk hugbúnaður**
**Bæjarhálsi 1**
**110 Reykjavík**
**S: 510-5800**
**www.dk.is**



CHAMBERLAIN®




# Opnaðu bílskúrinn með appi.

## Chamberlain hleypir þér inn

**Chamberlain bílskúrshurðaopnarar eru sterkir, endingargóðir og traustir.** Uppsetningin er einföld, þægileg og fljótleg. Það er hægt að fá framlengingar fyrir hærri hurðir. Chamberlain opnarar eru hljóðlátir, einnig fæst **MyQ** búnaður sem nettengir opnarann og þá má sjá hvort bílskúrinn sé opinn eða lokaður hvar og hvenær sem er í gegnum tölvu eða með sérstöku appi fyrir snjallsíma. Þá er hægt að opna og loka með sama appi.

**Ef þú þarft bílskúrshurðaopnara eða það er kominn tími á endurnýjun, hafðu Chamberlain efst í huga. Öryggisins vegna.**

*Leiðbeiningar á íslensku fylgja*







**ENDURSÖLUAÐILAR:**

**Verslanir Byko | Verslanir Húsasmiðjunnar | Láshúsið, Bíldshöfða 16**

FÍTON / SÍA




BYLGJAN 989






Leikkonan Jennifer Aniston þurfti ekki að hafa mikið fyrir sinni hárgreiðslu.



Eins og margar aðrar leikkonur var Amy Schumer með slegið hár.

# ENGIN HÁRLAGNING HJÁ STJÖRNUNUM

Kvikmyndaverðlaunahátíðin Critic's Choice Award fór fram í Santa Monica í Kaliforníu á sunnudag. Þessi hátíð er minni í sniðum en Golden Globe og Óskarsverðlaunahátíðin en engu að síður mæta stjörnurnar í sínu fínasta pússi. Hárgreiðslurnar voru þó látlausar.

Critic's Choice verðlaunaafhendingin fer fram í janúar ár hvert. Hátíðin hét áður Broadcast Film Critics Association Award. Verðlaunaveitingar eru bæði fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Besta kvikmyndin var valin Spotlight, besti leikarinn Leonardo DiCaprio fyrir leik í The Revenant og leikkonan Brie Larson fyrir leik sinn í Room. Silvester Stallone hreppti verðlaunin sem aukaleikari í myndinni Creed og leikkona í aukahlutverki var valin Alicia Vikander fyrir leik sinn í myndinni The Danish Girl.

Kjólarnir vekja að jafnaði mikla athygli á hátíðum sem þessum. Að þessu sinni vakti hárið ekki síður athygli. Margar stjörnurnar mættu með frjálslegan hárstíl eða eins og þær hefðu sleppt hárlagningunni. Sjálfsagt verða þær betur greiddar á Óskarnum í febrúar.

Hér má sjá nokkrar frægar leikkonur sem höfðu ekkert sérstaklega mikið fyrir hárgreiðslunni að þessu sinni. Kjólarnir þóttu líka misjafnir og ekki voru allir hrifnir.



Kirsten Dunst þarf ekki að hafa mikið fyrir hárinu með þessa klippingu.



Ætli kjóll Hayden Panettiere hafi ekki vakið meiri athygli en hárgreiðslan sem var látlaus.



Leikkonan Marisa Tomei með slegið hár.

# Polo. Gerir gæðamuninn.



ÞÚ FÆRÐ MEIRA FYRIR ÞANN GAMLA

**UPPFÆRSLUBÓNUS**
VOLKSWAGEN
**+80.000 kr.**







**VW Polo Trend & Style:**

**2.690.000 kr.**

**Sjálfskiptur: 2.990.000 kr.**

## Volkswagen Polo. Fyrir alla muni.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Komdu í reynsluakstur og finndu gæðamuninn.

### Staðalbúnaður í Trend & Style

- Hiti í framsætum
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðarstýri
- Litaskjár í mælaborði
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Skyggðar rúður
- 15" Estrada Álfelgur
- Start/Stop búnaður
- Halogen aðalljós
- Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun
- Stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Composition Touch útvarp m/4 hátölurum

**Das Auto.**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**ÚTSALA 20-80% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM**
Kjóll 2.995,- Loðvesti 3.295,- Jakki 3.995,- Leggings 995,- Hálsmen 1.995,- Öll verð eru með afslætti. Erum á facebook Súpersól, Hólmaseli 2, Seljahverfi. 567-2077 587-0077 Opið 10-22 alla virka daga Laugardaga 12-18

**GJAFAVÖRULAGER**
Gjafavörulager til sölu. Allskonar hlutir s.s. glervasar, blómapottar , kerti ofl ofl.
**Fyrirspurnir má senda á netfangið: floragrm@gmail.com**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi R108 húsgögn, þvottahús og eldhús. Sími 8661786. 50 þúsund

Til leigu góðar stúdíó íbúðir í Hafnarfirði og Engjaseli. Eru lausar. Leiga 120 þús,pr.mán + hússj. Tryggingar krafist. Uppl. í s. 774 2501

5. herb. íbúð til leigu í Reykjanesbæ fyrir fjölskyldu. Laus strax. Sanngjörn leiga. Uppl. í síma 6926688.

## Húsnæði óskast

Vantar 3 herb íbúð á Akureyri frá og með 1. maí, get úveigað meðmæli ef óskað er, greiðslugeta 100-150. þús, aðeins langtímaleiga kemur til greina símanúmer - 7740663

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 10,3 m S: 661-6800

## ATVINNA

## Atvinna í boði

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

Óskar eftir duglegum starfsmönnum alla virka daga í Bakaríið Kornið Borgartúni, Hafnarfirði og Keflavík. Áhugasamir sendi umsókn á tölvupóstinn umsokn@kornid.is

Castello PIZZERIA

**CASTELLO PIZZERIA**
óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hluta starf. 18 ára eða eldri. Hafðu samband á castello@simnet.is & s. 824 1221

Saumastofan Breytt & Bætt leitar af saumakonu sem talar íslensku, er með reynslu og getur afgreitt. Vinnutími frá 10:00 - 18:00. Hafið samband í síma 659-6653.

## Atvinna óskast

Óska eftir vinnu við útkeyrslu eða lager. En ýmislegt annað kemur til greina. Get byrjað strax. Ívar 6951584

## til sölu

### Innflutningur á byggingarvörum

**Til sölu rekstur rótgróins fyrirtækis í innflutningi á allskonar byggingarvörum, svo sem timbri og stáli og fl. Sterk viðskiptasambönd hérlendis og erlendis.**

**Uppl. gefur Óskar Mkikaelsson, lögg.fasteignasali. Í síma 773-4700 oskar@atv.is**

## tilkynningar

### Drög að tillögu að matsáætlun
### Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum í Hrunamannahreppi

Hafið er mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar endurbyggingar og frekari uppbyggingar Hálendismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum.

Fannborg ehf. er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum er unnið af Mannviti hf. Drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar eru nú til kynningar á vef Fannborgar www.kerlingarfjoll.is, facebook síðu fyrirtækisins www.facebook.com/kerlingarfjoll/ og á vef Mannvits www.mannvit.is.

Óskað er eftir athugasemdum og ábendingum almennings og er frestur til **4. febrúar 2016.**
Athugasemdir og ábendingar skulu sendar á netföngin: **pg@pg.is og audur@mannvit.is.**

KERLINGARFJÖLL

## fasteignir



### Akurhvarf 3

Laus strax / Ný máluð

Falleg íbúð á þriðju hæð (efstu 302)
að stærð 77,8 m2
Með stæði í lokaðri bílageymslu
Þvottahús innan íbúðar
Suður svalir / Lyftuhús
Sameign snyrtileg og rúmgóð
Verktaki, Húsvirki
Verð: **31,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Stóragerði 16. 3ja – 4ra herbergja endaíbúð

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 111,1 fm. endaíbúð með gluggum á þrjá vegu. Tvær geymslur 3,9 fm. og 8,0 fm. fylgja íbúðinni og eru inní fm. tölunni. Rúmgóð stofa. Borðstofa með útgengi á suðursvalir. Eldhús með eldri snyrtilegri innréttingu. Tvö herbergi. Nýir ofnar og ofnalagnir í allri íbúðinni. Húsið nýlega málað að utan. **Verð 35,9 millj. Verið velkomin.**

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR

Þorsteinn Magnússon
Lögg. fast.
S. 894 2045

Árni Hilmar Birgisson
Sölufulltrúi
S. 856 2300

**Austurvegi 6 - Sími 482 4800 - www.arborgir.is**

### HÖFÐATORG – TIL LEIGU



Til leigu um 500m2 mjög vandað og fallegt skrifstofuhúsnæði í Höfðatorgi, að hluta eða öllu leyti. Norður hluti hæðarinnar með útsýni til þriggja átta. Húsnæðið skiptist í dag í móttöku, 10 skrifstofur og 2 fundarherbergi ásamt eldhúsi og ljósritunarherbergi. Auðvelt er að breyta veggjaskipan og til greina kemur að skipta rýminu í 2 hluta. Gegnheilt parket á gólfi og kerfisloft. Góðir geymsluskápar á hæðinni og sérgeymsla í sameign. Bílastæðakjallari með nægum bílastæðum.
**Nánari uppl. veitir**
**Þorsteinn Magnússon í s: 894 2045**
**eða Árni H. Birgisson í s: 856 2300.**

**Þorsteinn Magnússon lögg. fasteignasali**

EIGNAVANGUR
TRAUST FASTEIGNASALA
**440 4040**
**Löggiltir fasteignasalar:**
Ágúst Ólafsson hdl. - Tryggvi Agnarsson hrl.
Valdemar Johnsen hdl. - Óskar Bjarnasen hdl.

### Skúlagata 20, 101 Reykjavík — 51,8 M.




**Föstudaginn 22. janúar kl. 12:00-12:30**
Glæsileg 3ja herbergja íbúð fyrir 60 ára og eldri á efstu hæð með mikilli lofthæð og stórkostlegu útsýni frá vestur til austurs yfir sundin og Esjuna og til suðurs yfir Hallgrímskirkju. Stæði í bílageymslu fylgir með. Aðeins tvær íbúðir á hæð. **Íbúðin er laus. Frekari upplýsingar veitir Snorri í síma 699-4407 eða snorri@eignavangur.is**

**Eignavangur | Síðumúla 27, 108 Rvk | eignavangur@eignavangur.is**




# SKRIFSTOFU-SKÓLI NTV OG MÍMIS

**ER LANGT SÍÐAN ÞÚ VARST Í NÁMI EÐA VILTU STYRKJA ÞIG Í STARFI?**



## HEFST 1. OG 2. FEBRÚAR

**ALMENNT SKRIFSTOFU- OG TÖLVUNÁM MEÐ ÁHERSLU Á AÐ STYRKJA EINSTAKLINGINN OG GERA HANN HÆFARI TIL AÐ TAKAST Á VIÐ KREFJANDI STÖRF. NÁMIÐ ER NIÐURGREITT Í SAMVINNU VIÐ MÍMI-SÍMENNTUN, KOSTAR 49.000 KR. OG SNIÐIÐ AÐ FÓLKI SEM HEFUR STUTTA SKÓLAGÖNGU AÐ BAKI.**

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv

Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn

# KSÍ styður Infantino

**Geir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnusambands Íslands, styður Gianni Infantino í framboði hans til forseta Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA. Hann segir bannið á Michel Platini mikið áfall fyrir knattspyrnuna í Evrópu.**

**FÓTBOLTI** Geir Þorsteinsson og stjórn KSÍ hafa ákveðið að kjósa Gianni Infantino í forsetakjöri Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, þann 26. febrúar. Þetta staðfesti Geir í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Við þekkjum mjög vel til starfa hans sem framkvæmdastjóra UEFA [Knattspyrnusambands Evrópu],“ segir Geir en því starfi hefur Infantino gegnt síðan 2009. „Hann nýtur mikillar virðingar innan UEFA.”

Geir segir að ákvörðunin hafi í raun verið auðveld. „Hann er sá maður sem stendur okkur næst og er að okkar viti mjög góður maður. Við þurftum ekki miklar sannfæringar.“

Fimm eru í framboði en Infantino er annar tveggja Evrópumanna og sá eini sem er nú starfandi í UEFA. Hann ákvað að bjóða sig fram eftir að Michel Platini, sem enn er forseti UEFA, var dæmdur í bann.”



Gianni Infantino er þekkt andlit í evrópskri knattspyrnuhreyfingunni. AFP

### Miklir hagsmunir fyrir Evrópu

Geir segir mikilvægt að staðinn verði vörður um sjónarmið knattspyrnusambanda í Evrópu innan FIFA og að það sér stærsta ástæðan fyrir stuðningnum við Infantino.

„Það er auðvitað mikilvægt og jákvætt að knattspyrnan verði áfram þróuð um allan heim en það eru hins vegar miklir hagsmunir í húfi fyrir Evrópuþjóðirnar,“ segir Geir sem hefur hitt alla fimm frambjóðendurna að máli. „Ég hef kynnt mér stefnuskrá hans og þau málefni sem hann stendur fyrir hugnast okkur vel,“ segir Geir enn fremur.

### Vill fjölga liðum á HM

Meðal þess sem mikið hefur verið rætt um er framtíð heimsmeistarakeppninnar. Infantino hefur sagt að hann vilji fjölga liðum í lokakeppni HM úr 32 þjóðum í 40. „Það er mikill þrýstingur um að fjölga liðum á HM til að fleiri lið komist að. Það var sami þrýstingur á UEFA áður en liðum á EM var fjölgað [úr 16 í 24],“ segir Geir.

Hann segir að þessi þrýstingur snúist ekki síst um að koma fleiri liðum frá öðrum heimsálfum en Evrópu að á HM. Það sé nú þegar vilji að koma fleiri liðum að á kostnað Evrópuþjóða, sem í dag eiga 13 fulltrúa í hverri heimsmeistarakeppni.

„Evrópa vill ekki sjá eftir þessum sætum á HM enda sýnir lokastaðan á HM hverju sinni að Evrópa á fullan rétt á þeim,“ segir Geir en lausn Infantino er að fjölga liðum á HM til að sætta öll sjónarmið. Evrópa fengi samkvæmt hans áætlunum fjórtán sæti á 40 liða HM.

„Það þarf líka að huga að keppninni sjálfri enda risastór viðburður sem nýtur gríðarlegra vinsælda.

> **Hann er einn reyndasti og færasti stjórnandinn í knattspyrnuheiminum – er inni í öllum málum og ótrúlega klókur.**
>
> Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ



Þetta myndi örugglega auka tekjur FIFA af keppninni. Að sama skapi má ekki gleyma að á hinum endanum eru félögin sem líta ekki á það sem jákvætt að HM lengist og stækki,“ segir Geir.

### Bann Platini áfall

Michel Platini var ásamt Sepp Blatter, fráfarandi forseta FIFA, dæmdur í átta ára bann frá afskiptum af knattspyrnu vegna greiðslu sem FIFA greiddi Platini árið 2011. Það var að sögn þeirra fyrir störf sem Platini vann fyrir FIFA og Blatter frá 1999 og 2002 en hins vegar eru engin gögn til sem styðja það.

Geir segir að það hafi verið mikið áfall að sú mikla umræða um spillingu innan FIFA sem verið hefur undanfarin ár hafi teygt anga sína inn í UEFA og alla leið til forseta sambandsins.

„Það var mikið áfall að sjá hversu víðtæk spillingin var í FIFA. Við á Norðurlöndunum höfum rætt um hversu stórtækt vandamál væri í löndum Suður- og Mið-Ameríku eins og komið hefur í ljós,“ segir Geir sem vill ekki meta hvort dómurinn sem Platini fékk hafi verið réttlátur.

„Við fengum kynningu á þessum munnlega samningi. Eitt er að það sé til munnlegur samningur og svo annað mál að það hafi ekki verið upplýst um greiðsluna þegar hún var loks innt af hendi,“ bætir hún við.

Hann óttast ekki að Infantino sé smitaður af þeirri umræðu sem verið hefur um spillingu innan forystumenn knattspyrnuhreyfingarinnar.

„Ég trúi því að þar fari stálheiðarlegur maður og við höfum ekki ástæðu til að ætla neitt annað. Hann er einn reyndasti og færasti stjórnandinn í knattspyrnuheiminum – er inni í öllum málum og ótrúlega klókur.“ eirikur@frettabladid.is



HÚSASMIÐJAN blómaval

# ÚTSALA HÚSASMIÐJUNNAR

## LÝKUR UM HELGINA

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

### EIN STÆRSTA ÚTSALA OKKAR FRÁ UPPHAFI

BÚSÁHÖLD **25-50%** • SMÁRAFTÆKI **20-40%** • FLÍSAR **30%** • LJÓS **25-50%**
POTTAR OG PÖNNUR **25-50%** • RAFMAGNSVERKFÆRI **20-40%** • BLÖNDUNARTÆKI **25-35%**
HANDVERKFÆRI **20-40%** • VERKFÆRATÖSKUR **20-40%** • HEIMILISTÆKI VALDAR VÖRUR **15-35%**
PARKET VALDAR VÖRUR **30-40%** • ÚTIVISTARFATNAÐUR **25%** • VEGGÞILJUR **30-40%**
INNIMÁLNING **20-30%** • BARNABÍLSTÓLAR **25%** • GJAFAVÖRUR **25%** **...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!**




40% AFSLÁTTUR

**Harðparket eik planki**
Kaindl 8mm mattlakk fasað
147050

**1.375kr/m²**
~~2.290~~kr/m²



40% AFSLÁTTUR

**Handlaugartæki**
Emmevi, Winny.
7900012

**5.539kr**
~~9.229~~kr



22% AFSLÁTTUR

**Þvottavél** Electrolux
7 kg, 1200 sn. Orkunýting A+++
1805690

**59.990kr**
~~76.900~~kr




33% AFSLÁTTUR

**Stingsög**
Black&Decker 400W
5246011

**5.995kr**
~~8.995~~kr

## POTTAPLÖNTU ÚTSALA BLÓMAVALS

### 25-50% afsláttur



**Orkidea**
**1.990kr**
~~2.690~~kr



**Friðarlilja**
**1.299kr**
~~1.849~~kr



Bóndadagur á föstudag

**Túlipanar 10 stk**
**1.490kr**
~~1.990~~kr

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. gildir ekki af KitchenAid



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sverrir Jónatansson**
húsasmíðameistari,
Grænumýri 6, Seltjarnarnesi,

lést mánudaginn 11. janúar á hjúkrunarheimilinu Grund.
Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 22. janúar kl. 15.00.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Sverris er bent á Blindrafélagið.

**Fyrir hönd ástvina,**

**Sigrún Árnadóttir**



Okkar ástkæra

**Pálína Oddsdóttir**
fv. skrifstofustjóri Sjónvarpsins,
Unnarbraut 28a, Seltjarnarnesi,

lést 13. janúar. Útför hennar fer fram frá Seltjarnarneskirkju mánudaginn 25. janúar, og hefst athöfnin kl. 15.00.

**Oddrún Kristjánsdóttir, Leifur Magnússon**
**Kristján Leifsson, Fanney Ída Júlíusdóttir**
**Magnús Leifsson, Melkorka S. Magnúsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Halldór Sigmundsson**

andaðist föstudaginn 15. janúar.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 28. janúar kl. 13.00.

**Ingibjörg Loftsdóttir**
**Ásgerður Halldórsdóttir** — **Kristján Guðlaugsson**
**Sigmundur Halldórsson** — **Eileen Chua Yao**
**Anna Guðrún Halldórsdóttir** — **Gunnar Biering**
**og barnabörn.**



Elskulegur sonur minn, bróðir og mágur, frændi og vinur,

**Jens Daníel Holm**
Skipagötu 6, Suðureyri,

er lést á heimili sínu þann 14. janúar, verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju föstudaginn 22. janúar kl. 13.00.

**Mortan Chr. Holm** — **Judith Christiansen**
**Jóhannes Már Gunnarsson** — **Óskar Þór Óskarsson**
**Jónína Daníella Holm** — **Vignir Bergmann**
**Örn Sævar Holm** — **Bryndís Knútsdóttir**
**Unnur Agnes Holm** — **Vikar Freyr Oddsson**
**og systkinabörn.**



Elskuleg systir okkar,

**Margrét Anna Kaaber**
fv. bankastarfsmaður,

sem lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 14. janúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. janúar kl. 13.00.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 11E og líknardeildar Landspítalans fyrir góða umönnun og hlýju.

**Már V. Jónsson**
**Thomas Kjartan Kaaber**
**Sverrir Örn Kaaber**
**Björn Gylfi Kaaber**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Þær Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Brynja Lóa Sigurðardóttir eiga báðar stórafmæli í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fagna fertugsafmæli í dag

**Í dag fagna þær Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Brynja Lóa Sigurðardóttir fertugsafmæli. Þær eru þó alls óskyldar en eiga fleira sameiginlegt en afmælisdaginn.**

„Mér hefur fundist frábært að vita af Brynju þarna úti, jafnöldru með svo gott sem sömu lífsklukkuna. Móðir hennar hefur verið í sömu sporum og mín fyrir fjörutíu árum og við tvær svo aftur í sömu sporum fyrir rúmum sex árum þegar við báðar eignumst hvor um sig miðjubörnin okkar. Svo búum við í göngufæri frá hvor annarri, sem rammar inn allar þessar tilviljanir og góða sögu,“ segir Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir glöð í bragði. Gunnhildur fagnar fertugsafmæli í dag og það gerir nágrannakona hennar, Brynja Lóa Sigurðardóttir, einnig.

Þær Gunnhildur og Brynja hittust fyrst í gæsun sameiginlegrar vinkonu og barst þá sameiginlegur afmælisdagur þeirra til tals, auk þess sem þær eignuðust barn á sama degi og búa steinsnar frá hvor annarri.

> **Mér hefur fundist frábært að vita af Brynju þarna úti, jafnöldru með svo gott sem sömu lífsklukkuna.**
>
> Gunnhildur Arna Gunnarðóttir

„Mjög mikið,“ segir Brynja Lóa hlæjandi þegar hún er spurð að því hvort hún sé mikið afmælisbarn. „Það skemmtilegasta sem ég geri er að halda upp á afmælið.“ Í dag ætlar hún að hafa það notalegt með fjölskyldunni og stefnir svo á að halda en frekar upp á tímamótin um helgina með góðum gestum.

Gunnhildur er einnig spennt fyrir áfanganum og segist í raun alltaf verða það fyrir stórafmælum. „Ég hélt upp á tuttugu og fimm ára afmælið, þrítugsafmælið og ætla núna að hafa örlitla fjölskylduveislu. Þegar ég var þrjátíu og fimm ára var ég komin á steypirinn þannig að þá náði ég nú ekki að sletta úr klaufunum,“ segir hún og skellir upp úr.

Þegar Gunnhildur er spurð um eftirminnilegt afmæli er hún fljót til svars: „Tuttugu og fimm ára afmælið var ansi gott. Við héldum upp á það saman ég og vinkona mín sem höfum fylgst að í gegnum lífið. Við fórum með alla vini okkar óvænt á æskustöðvarnar,“ segir hún og lýsir því þegar þær vinkonur smöluðu vinahópnum saman í Reykjavík og skelltu honum í langferð. „Við settum þau upp í rútu í Reykjavík og brunuðum með hópinn til Hólmavíkur. Fólk var orðið ansi ringlað þegar rútan stoppaði.“ **gydaloa@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 21. JANÚAR 1990

## John McEnroe dæmdur úr leik



Bandaríski tennisleikarinn John McEnroe var dæmdur úr leik á Ástralíumótinu í tennis í Melbourne á þessum degi árið 1990. Var það í fyrsta sinn í 27 ár sem slíkt hafði gerst á stórmóti í tennis.

McEnroe var atkvæðamikill tennisleikari í upphafi níunda áratugarins og var þekktur fyrir mikið skap. Hann sigraði þrisvar á Wimbledon og fimm sinnum á Opna bandaríska mótinu á árunum 1979 til 1984.

Árið 1990 hafði hinn þrítugi McEnroe ekki sigrað á stórmóti síðan árið 1984. Í leik við hinn sænska Mikael Pernfors var honum gefin viðvörun fyrir að horfa illilega á einn línuvörðinn. Aðra viðvörun fékk hann þegar hann kastaði spaðanum harkalega í jörðina þegar leikurinn gekk ekki eftir hans höfði. Síðar í leiknum grýtti hann spaðanum í bræði sinni og spaðinn brotnaði. Dómarinn dæmdi hann enn brotlegan og þegar tennisleikarinn brást við með fúkyrðum var McEnroe dæmdur úr leik.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásdís Erlingsdóttir**
sundkennari,
frá Bjargi v/Sundlaugaveg,

lést á heimili sínu sunnudaginn 17. janúar. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 27. janúar kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Úlfar H. Nathanaelsson**



Innilegar þakkir fyrir veitta samúð við andlát og útför

**Antoníu Sigríðar Jónsdóttur**
frá Steinaborg, Berufjarðarströnd.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Norðurbrún 1, Reykjavík, fyrir umönnun hennar síðustu árin.

**Antonía Sveinsdóttir**
**Anna María Sveinsdóttir**
**Helga Haraldsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**




**EVA LAUFEY SNÝR AFTUR Í KVÖLD**

# FJÖLBREYTTAR **FREISTINGAR**

Eva Laufey er mætt aftur með sína fróðlegu og freistandi matreiðsluþætti þar sem allt er leyfilegt. Í þessum fyrsta þætti er það einfaldleikinn: Smoothie-skál með ávöxtum, Mexíkóskt salat og girnileg ostakaka með jarðarberjum.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Ákveðin austan- og suðaustanátt og rigning eða súld sunnan til í dag, en hægari og þurrt að kalla fyrir norðan. Milt veður.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 2° |
| 14 | 4 | 7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 6° | 2° |
| 15 | 15 | 11 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 1° | 0° |
| 12 | 17 | 12 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 0° | 4° | -1° |
| 10 | 5 | 16 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. berjast
6. eftir hádegi
8. þvottur
9. skraf
11. tveir eins
12. erfitt færi
14. vínblanda
16. skst.
17. spor
18. spíra
20. gyltu
21. blað

**LÓÐRÉTT**
1. tilrauna-upptaka
3. tveir eins
4. eldsneyti
5. eyrir
7. hafgúa
10. mar
13. skarð
15. urmull
16. til sauma
19. tvíhljóði

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** etja, **6.** eh, **8.** tau, **9.** mas, **11.** rr, **12.** ófærð, **14.** grogg, **16.** no, **17.** far, **18.** ála, **20.** sú, **21.** lauf.
**LÓÐRÉTT: 1.** demó, **3.** tt, **4.** jarðgas, **5.** aur, **7.** hafgola, **10.** sær, **13.** rof, **15.** grúi, **16.** nál, **19.** au.

### Skák Gunnar Björnsson

Nákvæmi í hróksendatöflum skiptir miklu máli eins og Caruana (2.787) fékk að finna fyrir gegn Giri (2.798) á Tata Steel-mótinu.

**Svartur á leik**

Caruana lék **55. ... Hxh3** og Giri hélt jafntefli nokkru síðar. Vinningsleikurinn er **55. ... Ha3!! 56. Kb4 og 56. Hxh5** er báðum svarað með **56. ... e3!!** Enn hélt Giri naumlega jafntefli. Caruana er efstur eftir fimm umferðir.

**www.skak.is:** Staðan á Skákþingi Reykjavíkur.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 7 | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 6 | 2 | | | 1 | 9 | 8 | |
| | | | 8 | | | 1 | | |
| | 3 | 1 | | 6 | | 5 | 7 | |
| | | | | | 2 | 8 | 3 | |
| 2 | | | 3 | | | | | |
| 5 | 1 | | | 8 | | | | |
| | | 9 | | 1 | 5 | | | 8 |
| | 7 | 4 | 6 | | 3 | | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 3 | 5 | 9 | | | 1 |
| | | | | | | | | 2 |
| | | 5 | 2 | | | | 7 | |
| | 2 | 6 | | | | 1 | | 8 |
| 7 | 8 | 1 | | | 6 | | 3 | |
| | | | | | | 6 | | |
| | 4 | | 5 | | | 8 | | |
| | | 7 | 6 | 1 | | 9 | | 4 |
| 1 | | 3 | | 2 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | | 3 | |
| | | | | 8 | | 4 | | 5 |
| 6 | | | | | 5 | | | 1 |
| | | 6 | | | | | 2 | 4 |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | 4 | | | | 6 | 5 | 8 | 7 |
| | | | 3 | | | | 4 | 9 |
| | 7 | 9 | 4 | | 8 | | | |
| | | 1 | | | | 8 | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 4 | 7 | 9 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 |
| 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 2 | 5 |
| 4 | 1 | 7 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 6 | 5 | 8 | 3 | 4 |
| 2 | 4 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 8 | 5 | 3 | 4 | 7 | 9 | 2 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 4 | 6 | 7 | 1 | 5 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 3 | 8 | 9 | 7 | 2 | 4 | 1 | 5 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 4 | 6 | 5 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 |
| 9 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 2 | 5 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 4 | 8 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 9 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 |
| 4 | 6 | 9 | 2 | 5 | 7 | 8 | 1 | 3 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 8 | 2 | 1 | 3 | 5 | 7 |
| 1 | 3 | 8 | 4 | 7 | 5 | 2 | 6 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# GLEÐILEGT GRÆJUÁR:)

## BYRJUM ÁRIÐ MEÐ LÁTUM • ALLAR HEITUSTU GRÆJURNAR




SALORA

4K SALORA

### 48"SJÓNVARP

**SNJALLARA 4K SNJALLSJÓNVARP**

Stórglæsilegt 4K snjallsjónvarp með endalausum möguleikum og innbyggðu 4K Netflix viðmóti sem gefur sjónvarpsáhorfi nýja vídd.

- Hágæða 48" snjallara 4K snjallsjónvarp
- 1000Hz CMP 4K Ultra-HD 3840x2160
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- 300.000:1 Dynamic skerpa(4000:1 Native)
- Innbyggt Netflix, Youtube, Facebook o.fl.
- Fullkominn USB UHD Media spilari H.264
- 20W RMS Dolby Digital Plus hljóðkerfi
- 4xHDMI (2x2.0), 1xScart, 3xUSB, nettengi
- Snjallari fjarstýring með Netflix viðmóti

**119.900**

MEÐ INNBYGGÐU NETFLIX




### REZON

**ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL**

- Öflug þráðlaus Trust heyrnartól
- Virka með öllum sjónvörpum
- Kristaltær hljómur með góðri einangrun
- Mjúkir púðar fyrir hámarksþægindi
- Allt að 30m drægni og 9 tíma afspilun
- Sendir virkar einnig sem hleðslustöð
- Hnappar fyrir helstu aðgerðir

**9.950**

ÓMISSANDI FYRIR SJÓNVARPIÐ




### 28"VALED

**FULL HD VA-LED**

- 28" VA-LED FULL HD 1080p 16:9
- 20 milljón:1 DCR og Senseye3 tækni
- 5ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- 2x HDMI HDCP og VGA D-SUB tengi
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með True Black tækni

**49.900**

22" 24.900 | 24" 29.900

21. Janúar 2016 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl




### B1-750

- 7" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Quad Core Z3735G 1.83GHz Burst
- Intel HD Graphics DX11 skjákjarni
- 8GB flash og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi net, Bluetooth 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 7 tímar
- USB2 micro og Micro SD kortalesari
- Tvær vefmyndavélar 5MP og 0.3MP
- Android 4.4 stýrikerfi og fjöldi forrita

**19.900**

FÆST Í 2 LITUM




### 1TBSlim

**HÁGÆÐA FERÐAFLAKKARI**

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**12.900**

2TB AÐEINS 19.900




### GXT363

**7.1 GAMING HEYRNARTÓL**

Mögnuð 7.1 leikjaheyrnartól með hljóðnema og öflugum 50mm vibration búnaði sem tryggir nötrandi bassa og hámarks hljómgæði. Pottþétt fyrir leikjanördann:)

- Frábær 7.1 leikjaheyrnartól með hljóðnema
- Nötrandi bassi fyrir leikina og tónlistina
- Öflugur 50mm vibration búnaður
- Kristaltær hljómur og vandaður hljóðnemi
- Vönduð vafin Anti-tangle USB snúra
- Allar stillingar á upplýstri fjarstýringu
- Öflugur hugbúnaður með stillingum fylgir
- LED blá lýsing á hliðum og hljóðnema

**14.900**

POTTÞÉTT Í LEIKINA!




### SPJALDTÖLVUHLÍF




### FARTÖLVUBAKPOKI




### 14" FHD FARTÖLVA




### 15.6" IDEAPAD 100

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki

acer BenQ CREATIVE Lenovo KOSS THONET & VANDER Trust SEAGATE

# Eigum öll okkar flóð og finnum til með fólki

**Árið 1995 féll stórt snjóflóð á Flateyri. Á því byggja þau Björn Thors og Hrafnhildur Hagalín heimildarverkið Flóð sem frumsýnt er á Litla sviði Borgarleikhússins í kvöld.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


„Sögurnar eru óendanlega margar og aldrei hægt að gera þeim öllum skil, þær eru það magnaðar að hver og ein gæti verið nægileg uppistaða í leikrit,“ segir Hrafnhildur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þetta verkefni er búið að taka á en það hefur verið áhugavert, magnað og spennandi – allt í senn. Það hefur verið gefandi líka, við höfum hitt svo margt fólk sem hefur sýnt okkur svo mikið traust,“ segir Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir, annar tveggja höfunda heimildarverksins Flóð sem verður frumsýnt í kvöld í Borgarleikhúsinu og fjallar um snjóflóðið á Flateyri 1995.

„Upphaflega kemur hugmyndin að verkinu frá hinum höfundinum, Birni Thors leikara, sem jafnframt er leikstjóri verksins. Vinir hans frá Flateyri voru með honum í MH á þessum tíma og því fylgdist hann vel með því sem gerðist, eins og reyndar öll þjóðin. Atburðirnir höfðu sterk áhrif á hann og þegar hann var í bíómyndatökum á Flateyri fyrir nokkrum árum rifjuðust þeir upp. Hann las líka minningar Eiríks Finns Greipssonar um flóðið. Þá fór hann að fantasera um að búa til leikverk úr efninu. Það vildi svo til að Kristín Eysteinsdóttir leikhússtjóri hafði fengið sömu hugmynd og þau mættust á miðri leið. Svo var ég fengin í höfundarvinnuna í kjölfarið.“

Hvernig gekk að koma efninu í leikform? „Það er búin að vera talsverð glíma að finna leið til þess. Við byrjuðum á að viða að okkur heimildum og höfum tekið hátt í 30 viðtöl við fólk sem upplifði flóðið – fólk sem missti, fólk sem bjargaðist, hjálparsveitafólk og skipverja sem komu á staðinn. Sögurnar eru óendanlega margar og aldrei hægt að gera þeim öllum skil. Þær eru það magnaðar að hver og ein gæti verið nægileg uppistaða í leikrit. En við völdum úr einhvers konar þráð sem varð að því heimildarverki sem við erum að fara að frumsýna.“

Leikarar í Flóði eru Kristbjörg Kjeld, Halldóra Geirharðsdóttir, Hilmir Jensson og Kristín Þóra Haraldsdóttir. Megintexti verksins er byggður á viðtölunum og er í raun beinar tilvitnanir í fólkið sjálft, að sögn Hrafnhildar. „Þetta er ekki túlkun okkar Björns á því sem gerðist heldur vildum við vera heiðarleg gagnvart fólkinu sjálfu og leyfa sögu þess að hljóma,“ tekur hún fram. Óttast hún ekkert að fólk veigri sér við að fara í leikhús? Það verður varla þurrt auga í salnum.

„Ef okkur tekst vel til þá á verkið að verða mjög áhrifamikið,“ segir Hrafnhildur. „Allir sem komnir eru til vits og ára muna eftir þessum atburðum, muna hvar þeir voru staddir þegar þeir heyrðu fréttirnar. En hvort sem svona efni ratar í bíómynd, bók eða á svið hefur það sýnt sig að fólk hefur áhuga á raunsönnum, áhrifamiklum sögum. Við getum líka alltaf lært af þeim. Öll göngum við í gegnum mismikla erfiðleika í lífinu, eigum okkar flóð og finnum til með fólki sem upplifir sára atburði. Enda sýndi þjóðin það og sannaði 1995. Hún stóð vel með Flateyringum og Súðvíkingum sem fengu líka yfir sig snjóflóð sama ár.“

Hrafnhildur getur þess að þau Björn Thors séu einnig að fara af stað með tíu þátta útvarpsseríu, sem byggð sé á snjóflóðunum fyrir vestan. „Við vorum búin að viða að okkur svo miklu efni, sögum sem ekki rata í leikritið en okkur langar að koma áleiðis. Í raun erum við enn að taka viðtöl við fólk.“

Sjálf kveðst Hrafnhildur engan hafa þekkt persónulega sem tengdist flóðunum. „En foreldrar mínir voru Vestfirðingar. Ég var öll sumur sem krakki hjá ömmu minni í Bolungarvík og þekki þá ógn sem stafar af veðrinu, sjónum og öðrum náttúruöflum í litlum sjávarplássum.“

ALLT FYRIR ÞORRA-BLÓTIÐ
Finndu okkur á
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef þau lenda í ofbeldi

# Fjölbreytileikanum fagnað

**LEIKHÚS**

**Hvítt - Töfraheimur litanna**

★★★★☆

**Catherine Wheels Production, Góðir gestir og Gaflaraleikhúsið**

**Hafnarborg**

**Höfundar:** Andy Manley og Ian Cameron
**Leikstjórn:** Gunnar Helgason
**Leikarar:** Virginia Gillard og María Pálsdóttir
**Leikmynd / Búningar / Hljóð:** Catherine Wheels leikhópurinn

Í iðrum Hafnarborgar í Hafnarfirði má finna skjannahvíta töfraveröld þar sem umhverfi, verur og hlutir eru öll í sama fölva litnum. Bómull og Krumpa búa í vel skipulögðum og tandurhreinum heimi, en störf þeirra snúast einmitt um að halda honum hreinum. Þær þrífa, þurrka af, laga og gæta þess að engir litir læðist inn. Ef svo fer þá fara þeir beint í ruslið. Þess á milli stunda þær björgunarstörf en reglulega falla egg af himnum ofan sem þær grípa af mikilli lagni og veita húsaskjól. En einn daginn kemur óvæntur gestur í heimsókn ...

Það er sorgleg staðreynd að skammarlega fáar barnasýningar hafa verið frumsýndar á þessu leikári, einkum fyrir yngstu kynslóðina. En Hvítt er einmitt sérstaklega skapað fyrir okkar allra yngstu leikhúsgesti og því ber hressilega að fagna. Ef marka má kæti og einbeitingu gestanna smáu á frumsýningunni þá var yfir miklu að gleðjast, einnig hjá þeim stærri.

Ekki er í fjarri lagi að Hvítt gerist í svipuðum heimi og lagið fræga eftir Nick Cave þar sem allir kettirnir eru málaðir hvítir svo þeir sjáist í næturhúminu. En undir dauðhreinsuðu yfirborði leynist marglitur fjölbreytileikinn sem er svo miklu skemmtilegri. Þótt orðin í handritinu séu ekki mörg er textinn skynsamlega skrifaður, uppbyggingin þétt og úrlausnin ánægjuleg. Verkið var þó frekar endasleppt, það hefði verið gaman að sjá Bómull og Krumpu njóta litadýrðarinnar aðeins lengur.

Öll umgjörð sýningarinnar er í höndum leikhópsins en leikmyndin, búningarnir, tónlist og hljóð eru glimrandi góð. Leikhúslausnirnar eru einfaldar en frumlegar og tónlistin er að sama skapi angurblíð án þess að vera of væmin. Gunnar Helgason annast leikstjórnina og heldur þétt utan um sýninguna; sviðshreyfingar eru skýrar, uppbrotin skondin og alltaf stutt í ljúfan húmorinn. Einnig eiga þær Virginia Gillard og María Pálsdóttir hrós skilið fyrir að halda yngstu áhorfendunum við efnið. Samvinna þeirra er falleg og vel unnin. Þær skapa einnig mikið af hljóðmyndinni sjálfar og vakti það mikla kátínu. Þá á Virginia einstaklega gott augnablik þegar Bómull, full eftirsjár, laumast ein í björgunarleiðangur.


Hvítt er falleg og skemmtileg sýning fyrir yngstu kynslóðina.

Hvítt er kjörin sýning til að kynna ungum áhorfendum þá töfra sem leikhúsið getur kallað fram á góðum degi. Þó að sýningin sé í styttra lagi þá hittir hún beint í mark, bæði með boðskap sínum og framsetningu.

Sigríður Jónsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Tilvalin og litrík skemmtun fyrir yngstu leikhúskynslóðina.

# Tökum vel á móti þorranum




**1.595,-/stk.**

***Verð áður ~~1.645,-~~***

**Þorrabakkar með súrmeti eða nýmeti**

**Þorrabakki með súrmeti u.þ.b. 530g:**

Hákarl
Harðfiskur
Hrútspungar
Lyfrapylsa
Blóðmör
Sviðasulta
Lundabaggi
Hangikjöt
Marineruð síld
Rúgbrauðssneið
Rófustappa
Smjör

**Þorrabakki með nýmeti u.þ.b. 540g:**

Hákarl
Harðfiskur
Sviðasulta
Hangikjöt
Marineruð síld
Karrý síld
Saltkjöt
Rúgbrauðssneið
Rófustappa
Baunasalat
Smjör

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2016

# BÍÓ



Franska kvikmyndin Babysitting 2 er opnunarmynd Franskrar kvikmyndarhátíðar í ár.

## Frönsk tímaskekkja

**KVIKMYNDIR**

**Babysitting 2/Út og suður**

★☆☆☆☆

**Leikstjórar:** Philippe Lacheau, Nicolas Benamou
**Aðalleikarar:** Philippe Lacheau, Alice David, Vincent Desagnat

Út og suður, opnunarmynd Franskrar kvikmyndahátíðar í ár, er ærslafull gamanmynd sem segir frá Franck nokkrum sem fer í skemmtiferð til Brasilíu með kærustunni og nokkrum vinum. Franck ætlar sér að biðja um hönd kærustunnar, en ákveðnir atburðir fylla hann efasemdum og hann fer í frumskógarævintýri með félögunum til að drekkja sorgum sínum. En þeir enda á að villast í frumskóginum og hefst þá mikið ævintýri.

Á frummálinu er Út og suður titluð Babysitting 2 þar sem hún er framhald af myndinni Babysitting. Það er eilítið furðulegt að þessi mynd sé sýnd hér í bíó þótt fyrsta myndin hafi aldrei verið sýnd hérlendis en þegar horft er á hana kemur það lítið að sök, myndin stendur að mestu á eigin fótum.

En þótt það sé ekki ruglingslegt að hafa ekki séð fyrstu myndina gengur Út og suður ekki upp að nokkru öðru leyti. Fyrir það fyrsta er enginn að passa börn í henni en helsta vandamál hennar er þó að hún er ekki vitund fyndin. Þótt hún sé frá árinu 2015 virðist húmorinn í henni hafa verið fluttur með tímavél frá 1970 þar sem hann gengur ítrekað út á það hvað það er ógeðslega fyndið að hafa samkynhneigðar kenndir og svo er hann stundum hreinlega rasískur. Hér eru brandarar um karlmenn í g-strengjum og karlmenn sem eru bitnir í klofið af eitruðum köngulóm og ristir það ekki dýpra en það. Myndin er eins og einn stór „gay-panic“ brandari.

Ekki hjálpar að hún viðheldur líka afar íhaldssömum hugmyndum um kynin sem koma líka frá 1970 enda gengur söguþráður hennar að stóru leyti út á það að hetjan vill sanna fyrir ástinni sinni að hann geti verið sterkur karlmaður sem er fær um að vernda konuna sína. Karlarnir í þessari mynd eru eins steréotýpískir og hægt er, annaðhvort uppfullir af hormónum eða klaufskir aular, og konurnar eru litlu skárri og lítið meira en augnayndi sem þurfa karlmenn til að láta bjarga sér.

Út og suður má líka vel kalla rasíska. Myndin gerist í Brasilíu en er nánast öll á frönsku og innfæddir koma hér aðallega fram sem eitthvað skraut í bakgrunninum og þeir Brasilíubúar sem fá stærsta hlutverkið hérna eru „villimenn“ úr frumskóginum með bein í gegnum nefið.

Til viðbótar við allt þetta þá er Út og suður frekar illa gerð. Klippingin í myndinni er oft afkáraleg, myndatakan frekar flöt (miðað við að myndin gerist í hinu litríka landi Brasilíu) og tónlistin alveg skelfileg, allar „hjartnæmar“ senur í myndinni eru gerðar enn verri með tónlist sem hamrar rosalega mikið á því hvað áhorfandanum eigi að finnast.

Það sem þessi mynd sannar er að Frakkar eru ekkert síðri í því að gera lélegar formúlumyndir en Bandaríkjamenn. **Atli Sigurjónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ófyndin, hómófóbísk og rasísk mynd sem virðist stöðnuð í húmor og siðferði frá 1970 eða svo, en eflaust mjög skemmtileg fyrir fólk sem elskar gamaldags hommagrín.

## Frumsýningar



### THE REVENANT
Drama
Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio, Tom Hardy og Will Poulter.
Frumsýnd: 22. janúar
IMDb 8,3/10 – Rotten Tomatoes 82%




### CREED
Drama
Aðalhlutverk: Michael B. Jordan, Sylvester Stallone, Graham McTavish og Phylicia Rashad.
Frumsýnd: 22. janúar
IMDb 8,0/10 – Rotten Tomatoes 94%



### DIRTY GRANDPA
Gamanmynd
Aðalhlutverk: Robert De Niro, Zac Efron og Zoey Deutch.
Frumsýnd: 29. janúar
IMDb 7,4/10


VIÐURKENNT BÓKARANÁM

KREFJANDI ÞRIGGJA ANNA NÁM Í BÓKHALDI
ÞAR SEM KENNT ER FRÁ GRUNNI AÐ VOTTUN
SEM VIÐURKENNDUR BÓKARI.
GÓÐ STARFSTÆKIFÆRI.

HEFST 15. FEBRÚAR




www.ntv.is

ntv
Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn

SAMSUNG

# Takk strákar.
# Gengur betur næst ;)




43“
Kr. 99.900.-

48“ Kr. 129.900.- 55“ Kr. 169.900,-




48“ kr. 209.900.- 55“ kr. 249.900.-




55“ kr. 199.900.- 65“ kr. 369.900.-




65“ kr. 449.900.-




65“ kr. 489.900.-

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |




LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| RIDE ALONG 2 | 8, 10:10 |
| NONNI NORÐURSINS | 5:50 ÍSL.TAL |
| THE HATEFUL EIGHT | 5:30, 9 |
| DADDY'S HOME | 8, 10:10 |
| SISTERS | 5:30 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 - 8 - 9 - 10:10 |
| POINT BREAK | KL. 8 - 10:30 |
| STAR WARS 3D | KL. 5:30 - 8:30 |
| STAR WARS 2D | KL. 6 - 7 - 10 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 5:30 |
| SMÁFÓLKIÐ ÍSLTAL 2D | KL. 5 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| THE BIG SHORT | KL. 10:10 |
| RIDE ALONG 2 | KL. 8 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 |
| STAR WARS 3D | KL. 10:10 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| THE BIG SHORT | KL. 5:10 - 8 - 10:40 |
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| POINT BREAK | KL. 5:30 - 8 |
| STAR WARS 3D | KL. 5:10 - 8 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:10 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THE BIG SHORT | KL. 6 - 9 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 - 10:10 |
| STAR WARS 3D | KL. 6 - 9 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE BIG SHORT | KL. 10:10 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 - 10:10 |
| STAR WARS 3D | KL. 7 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

## 21. JANÚAR 2016

### Tónlist

**Hvað?** Opnar æfingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands
**Hvenær?** 9.30
**Hvar?** Eldborg, Harpa
Lokaæfing fyrir almenna áskriftartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Gestum gefst tækifæri til þess að heyra hljómsveitina leika dagskrá tónleika kvöldsins að hluta til eða í heild og glöggva sig á viðfangsefni tónleikanna. Miðaverð er 1.900 krónur.

**Hvað?** Á ljúfu nótunum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fríkirkjan
Messósópraninn Guja Sandholt og píanistinn Matthildur Anna Gísladóttir flytja verk eftir G. F. Händel á hádegistónleikaröðinni Á ljúfu nótunum. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Ómar Guðjónsson og Tómas R. Einarsson.
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Ómar Guðjónsson gítarleikari og Tómas R. Einarsson kontrabassaleikari spila lög af diskinum Bræðralag. Diskurinn geymir sveiflu og latíntakt og fékk góðar viðtökur gagnrýnenda, jafnt á Íslandi, Póllandi og nú síðast í tímaritinu All About Jazz í Bandaríkjunum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.


**Ómar Guðjónsson mun ásamt Tómasi R. Einarssyni spila lög af disknum Bræðralag í Bókasafni Seltjarnarness.**

**Hvað?** Osmo og Mahler
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa, Eldborg
Bandaríski fiðluleikarinn Esther Yoo vakti athygli tónlistarheimsins árið 2010 þegar hún varð yngst til þess að hreppa verðlaun í Sibelius-arfiðlukeppninni, aðeins 16 ára gömul. Í kjölfarið tók Vladimir Ashkenazy hana undir verndarvæng sinn, hefur haldið með henni tónleika og gefið út geisladisk. Verð 2.400 - 6.900 krónur.

**Hvað?** Hamingjan og Úlfurinn - Jónas Sig. og Héðinn Unnsteinsson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn
Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson ræðir og leikur tónlist sína um hamingjuna, það stutta ferðalag sem lífið er, hver er geðveikur og hver ekki, ásamt Héðni Unnsteinssyni, höfundi sögunnar Vertu úlfur. Héðinn gerir Lífsorðunum 14 skil og fjallar um lífsreynslu sína og hamskipti á ógleymanlegan hátt. Verð 3.900 krónur.

**Hvað?** Celestine, Great Grief & Grit Teeth
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Hljómsveitirnar Celestine, Great Grief og Grit Teeth efna til tónleika á Húrra í kvöld. Miðaverð er 1.000 krónur.

**Hvað?** Funky Jazz Jam Session
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn

**Hvað?** Dj Introbeats
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
Dj Introbeats þeytir skífum á Prikinu í kvöld.


**Opin lokaæfing fyrir almenna áskriftartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands fer fram klukkan 9.30 í dag og í kvöld mun hljómsveitin ásamt fiðluleikaranum Esther Yoo leika verk Gustavs Mahler undir stjórn Osmo Vänskä.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Dj Myth
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
Dj Myth þeytir skífum á Bravó í kvöld.

**Hvað?** Trúbadorarnir Eiki og Steini
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** English Pub
Trúbadorarnir Eiki og Steini slá á létta strengi á English Pub í kvöld.

**Hvað?** Trúbadorinn Hreimur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar
Trúbadorinn Hreimur slær á létta strengi á American Bar í kvöld.

**Hvað?** Dj Baldur Hjörleifsson
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Stofan
Dj Baldur Hjörleifsson þeytir skífum á Stofunni í kvöld.

**Hvað?** Dj Ewok / King Kocoon
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn

**Hvað?** Andrea Gylfadóttir
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Boston

### Fundir

**Hvað?** Gestafyrirlestur Lífvísindaseturs - Kári Stefánsson
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Askja - Háskóli Íslands
Fimmtudaginn 21. janúar kl. 15.00 mun dr. Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, fjalla um Genetics of Common Complex Traits í fyrirlestrasal 132 í Öskju.

**Hvað?** Málþing: Þjóðkirkja á 21. öld?
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Dagskrá: Hvað er þjóðkirkja? Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson flytur erindi, Trúfrelsi og þjóðkirkja, Ragnhildur Helgadóttir prófessor flytur erindi, Fjárhagstengsl ríkis og kirkju. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir doktorsnemi flytur erindi, Þjóðkirkja á 21. öld? Hjalti Hugason prófessor flytur erindi. Ókeypis aðgangur. Allir velkomnir.

### Uppákomur

**Hvað?** Erindi Jóns Björnssonar rithöfundar og ferðalangs
**Hvenær?** Kl. 17.15
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a.
Þar segir Jón af ferð sinni og Gísla Óskarssonar í fótspor Ólafs Helga Haraldssonar þvert yfir Skandinavíuskagann, um Stiklastað og til Þrándheims, en Ólafur fór þarna um árið 1030. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Tunglskoðun: Kvöldopnun í Ásmundarsafni
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ásmundarsafn - Listasafn Reykjavíkur
Fimmtudaginn 21. janúar mun Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness standa fyrir tunglskoðun í garðinum umhverfis Ásmundarsafn. Félagsmenn verða með nokkra stjörnusjónauka á staðnum og fræða gesti og gangandi um þennan næsta nágranna okkar í geimnum. Verð 1.500 krónur. Ókeypis fyrir 18 ára og yngri.

**Hvað?** Dýraútvarp - seinni hluti
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Samvinnuverkefni Mengis og Listaháskóla Íslands en viðburðurinn er haldinn í tengslum við námskeiðið Animal Radio sem nemendur LHÍ sækja þessar vikurnar. Haldnir verða fyrirlestrar og efnt til opinnar samræðu um margvíslegg málefni sem tengjast umræðu efni kvöldsins. Fram koma Gréta V. Guðmundsdóttir hönnuður sem kynnir rannsóknarverkefni sitt um hestarræktun á Íslandi, Jón Hallsson erfðafræðingur talar um erfðafræðilegar tilraunir sem lúta að kynbótum, Alex Roberts, danshöfundur og dansfræðingur, fjallar um fegurðarviðmið og sætleika dýra í sviðslistum og í fjölmiðlum. Thomas Pausz stjórnar umræðum. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Komdu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Í þessari viðburðaröð leiðir Valgerður H. Bjarnardóttir gesti á vit skáldsins Davíðs Stefánssonar, stiklar á stóru í bernskusögu hans, hugleiðir hvernig skáldið varð til og les nokkur af fyrstu ljóðum hans. Næsti viðburður verður þann 28. febrúar undir yfirskriftinni Skenktu á skál mína á ný, en þá verður farið yfir Ítalíuför Davíðs. Miðaverð er 2.000 krónur.

### Uppistand

**Hvað?** Uppistand
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11
Uppistandskvöld í Comedy Klúbbnum á Bar 11. Fyrst stíga á svið reyndir grínistar og á seinni helmingnum er tilraunauppistand með nýjum grínistum og reyndari sem prufukeyra nýtt efni. Kynnir á kvöldunum





BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Marguerite IS SUB 17:30, 20:00, 22:30
A Perfect Day IS SUB ........... 18:00
Rams / Hrútar ENG SUB ........ 18:00
Magic in the Moonlight .. 20:00
Sparrows / Þrestir ENG SUB ... 20:00
Youth IS SUB .................. 22:00
Virgin Mountain ENG SUB .... 22:00



er Rökkvi Vésteinsson og fram koma meðal annars Jón Víðis törfamaður, Alma Geirdal og Jóhannes Ingi. Miðaverð er 1.000 krónur.

**Hvað?** Mið-Ísland
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn
Uppistandssýning með uppistandshópnum Mið-Íslandi í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er 3.500 krónur.

## Sýningar

**Hvað?** Udstilling af Islandsk kunst - Upphaf kynningar á íslenskri myndlist í Kaupmannahöfn
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Árið 1927 var haldin fyrsta opinbera kynningin á íslenskri myndlist í Kaupmannahöfn, Udstilling af islandsk Kunst í Charlottenborg. Sýningin var tímamótasýning, þar voru sýnd tæplega 350 verk eftir tólf íslenska myndlistarmenn. Sjö árum áður, árið 1920, stóð Dansk-Islandsk Samfund fyrir fyrstu samsýningunni á íslenskri myndlist, Fem islandske malere, í sýningarsal Kleis með 158 verkum fimm myndlistarmanna. Á sýningunni nú í Listasafni Íslands er litið um öxl og sýndur hluti verkanna sem voru í Kaupmannahöfn. Verkin sem sjá má á núverandi sýningu í Listasafni Íslands eru aðeins hluti þeirra verka sem sýnd voru í Kaupmannahöfn 1920 og 1927. Koma flest þeirra úr safneign Listasafns Íslands en einnig eru verk fengin að láni hjá öðrum söfnum, fyrirtækjum og einkaaðilum. Sýningarstjóri er Dagný Heiðdal. Allir velkomnir.

**Hvað?** Samfarir Hamfarir
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Sviðslistaverkið Samfarir Hamfarir eftir þau Natan Jónsson og Þórunni Guðlaugs í uppsetningu leikfélagsins Hamfarir verður frumsýnt í Tjarnarbíói í kvöld. Verkið snertir á ýmsum flötum af því hvernig ung kona upplifir sig í nútímasamfélagi og hversu mikil áhrif atvik úr fortíðinni hafa á hana enn þann dag í dag. Leikfélagið Hamfarir var stofnað af þeim Þórunni og Natani árið 2014 ásamt Dóru Lenu Christians og hefur félagið aðallega verið á bak við verkefni í kvikmyndabransanum en teygir sig nú meira inn í leikhúsin. Miðaverð er 2.900 krónur.

**Hvað?** Suspending Plains
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skaftfell - myndlistarmiðstöð Austurlands
Þýska listakonan Nora Mertes skoðar tengsl mannslíkamans og efnis í umhverfinu. Hún notar hendur sínar og líkama til að velta fyrir sér, forma og endurmóta efni.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Sturlungaöld
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Oddi stofa 101, Háskóli Íslands
Þeir Kristján Árnason og Jón Axel Harðarson flytja fyrirlestra á fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands í dag. Fyrirlestur Kristjáns ber nafnið Önnur málfræðiritgerðin, Snorri og Ólafur hvítaskáld og fyrirlestur Jóns Axels ber nafnið Dónat og Priscían á Íslandi. Allir velkomnir.

## Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um sýningar Jóns Laxdals Halldórssonar og Samúels Jóhannssonar
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Leiðsögn um sýningu Jóns Laxdals Halldórssonar, ...úr rústum og rusli tímans og sýningu Samúels Jóhannssonar, Samúel, sem opnaðar voru í Listasafninu á Akureyri um síðastliðna helgi. Hlynur Hallsson safnstjóri safnsins og Samúel taka á móti gestum og fræða um sýningarnar. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.



Uppistandshópurinn Mið-Ísland er með sýningu í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur





19:25
**MATARGLEÐI EVU**
Eva Laufey er mætt aftur með sína fróðlegu og freistandi matreiðsluþætti þar sem allt er leyfilegt. Í þessum fyrsta þætti er það einfaldleikinn: Smoothie-skál með ávöxtum, mexíkóskt salat og girnileg ostakaka með jarðarberjum.

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

19:50
**JAMIE'S SUPER FOODS**
Í þessum skemmtilegu þáttum ferðast Jamie Oliver víða um heim til að komast að leyndarmáli þeirra sem lifa lengur.



20:35
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



21:20
**BLACKLIST**
Við höldum áfram að fylgjast með James Spader í hlutverki Raymonds Reddington í þessum mögnuðu spennuþáttum.




22:10
**DEATH ROW STORIES**
Vandaðir og spennandi heimildarþættir þar sem fjallað er um alríkisglæpi sem varða dauðarefsingu í Bandaríkjunum.



22:00
**INSIDIOUS**
Spennutryllir um Lambert-fjölskylduna sem flytur í nýtt hús og fljótlega fara óhugnanlegir hlutir að gerast.



3 20:20
**SUPERGIRL**
Bráðskemmtilegir og spennandi þættir um Köru sem býr yfir sömu ofurkröftum og frændi hennar Clark Kent.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Jamie's 30 Minute Meals
**11.25** Hindurvitni
**11.55** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** Draugabanarnir II
**14.50** One Direction. This is Us
**16.20** Ninja-skjaldbökurnar
**16.50** Tommi og Jenni
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.38** Nágrannar
**18.03** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** **Ísland í dag** Andri, Margrét Erla, Sigrún Ósk og Eva Laufey færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu.
**19.25** Matargleði Evu
**19.45** Jamie's Super Foods
**20.35** NCIS
**21.25** The Blacklist
**22.10** Death Row Stories
**22.55** Married
**23.15** **Code of a Killer** (3:3) Hörkuspennandi breskir framhaldsþættir í þremur hlutum og eru byggðir á sönnum atburðum. Alec Jeffrey gerði tímamótauppgötvun í DNA-greiningu og hér er fylgst með rannsóknarlögreglumanninum David Baker nota þessar aðferðir.
**00.00** Shetland
**01.00** Angels & Demons
**03.15** Twelve
**04.45** The Middle
**05.10** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**11.15** Real Madrid og Sportin
**12.55** Spænsku mörkin
**13.15** Stjörnunnar og Tindastóls í Dominos deild karla.
**14.50** Milwaukee Bucks og Atlanta Hawks í NBA.
**16.55** Snæfells og Hauka í Dominos deild kvenna.
**18.30** Körfuboltakvöld
**20.05** Meistaradeildin í hestaíþróttum
**21.00** World Strongest Man
**21.30** NFL Gameday
**22.00** Snæfells og Hattar í Dominos deild karla.
**23.30** AC Milan og Fiorentina

## SPORT 2

**12.25** Aston Villa og Leicester City
**14.05** Football League Show
**14.35** Premier League Review
**15.30** Stoke City og Arsenal
**17.10** Chelsea og Everton
**18.55** Messan
**20.00** Premier League World
**20.30** Liverpool og Manchester United
**22.10** Manchester City og Crystal Palace
**23.50** Bournemouth og Norwich City

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Sony Open in Hawaii
**11.00** Abu Dhabi HSBC Golf Championship
**13.05** PGA Tour - Highlights
**14.00** Hyundai Tournament of Champions
**17.35** Inside The PGA Tour
**18.00** Abu Dhabi HSBC Golf Championship
**20.00** CareerBuilder Challenge

## STÖÐ 3

**18.20** Guys With Kids
**18.45** Comedians
**19.05** Suburgatory
**19.30** Fresh Off the Boat
**19.55** Sullivan & Son
**20.20** Supergirl
**21.05** Discovery Atlas
**22.55** Lip Sync Battle
**23.15** NCIS Los Angeles
**00.00** Fresh Off the Boat
**00.25** Sullivan & Son
**00.45** Supergirl
**01.30** Discovery Atlas
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ofurhundurinn Krypto
**07.25** Ljóti andarunginn og ég
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Gulla og grænjaxlarnir
**08.55** Tommi og Jenni
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur
**09.55** UKI
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.23** Lína Langsokkur
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Ofurhundurinn Krypto
**11.24** Ljóti andarunginn og ég
**11.46** Ævintýraferðin
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Gulla og grænjaxlarnir
**12.55** Tommi og Jenni
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur
**13.55** UKI
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.23** Lína Langsokkur
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Ofurhundurinn Krypto
**15.24** Ljóti andarunginn og ég
**15.46** Ævintýraferðin
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Gulla og grænjaxlarnir
**16.55** Tommi og Jenni
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur
**17.55** UKI
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.23** Lína Langsokkur
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Furðufuglar



Könnuðurinn Dóra, kl. 08.00, 12.00 og 16.00

## GULLSTÖÐIN

**17.20** The Big Bang Theory
**17.45** Friends
**18.05** New Girl
**18.30** Modern Family
**18.55** Major Crimes
**19.40** Cold Feet
**20.30** Death Comes To Pemberley
**22.00** The Sopranos
**22.55** It's Always Sunny in Philadelp
**23.15** The Glades
**00.00** Major Crimes
**00.40** Cold Feet
**01.30** Death Comes To Pemberley
**03.00** The Sopranos
**03.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.05** Did You Hear About The Morgans
**12.50** That Thing You Do!
**14.40** The Golden Compass Mögnuð ævintýramynd og sú fyrsta í þríleik sem byggður er á metsölubókum eftir höfundinn Philip Pullman með Nicole Kidman og Daniel Craig í aðalhlutverkum. Myndin gerist ævintýraheimi sem er þó hliðstæður okkar og fjallar um Lyru sem leggur upp í björgunarleiðangur til norðurpólsins til að bjarga vini sínum og hópi barna sem var numin á brott til þess að vera tilraunadýr í skelfilegri tilraun mannræningjanna.
**16.35** Did You Hear About The Morgans
**18.20** That Thing You Do!
**20.05** The Golden Compass
**22.00** Insidious
**23.45** Homesman
**01.50** **Movie 43** Gamanmynd frá 2013 þar sem sagðar eru 16 stuttar sögur sem samtvinnast í eina heild. Meðal leikara eru Kristen Bell, Halle Berry, Gerard Butler, Anna Faris, Hugh Jackman, Johnny Knoxville, Christopher Mintz-Plasse, Chloë Grace Moretz, Seann William Scott, Emma Stone og Kate Winslet.
**03.25** Insidious

## RÚV

**16.25** Stóra sviðið
**17.05** Frakkland - Hvíta-Rússland
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Íslenskur matur
**20.40** Ljósmóðirin
**21.35** Best í Brooklyn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** EM stofa
**22.35** Lögregluvaktin
**23.20** Ófærð
**00.15** Kastljós

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.03** Design Star
**09.47** Minute To Win It
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.05** King of Queens
**13.27** Dr. Phil
**14.10** The Millers
**14.31** Survivor
**15.15** The Voice
**16.45** The Voice
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**18.55** The Late Late Show with James Corden
**19.35** America's Funniest Home Videos
**20.00** The Biggest Loser - Ísland
**21.25** Billions
**22.10** Zoo
**22.55** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.35** The Late Late Show with James Corden
**00.15** Law & Order. Special Victims Unit
**01.00** The Affair
**01.45** Billions
**02.30** Zoo
**03.15** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**03.55** The Late Late Show with James Corden
**04.35** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# JANÚAR GLEÐI



FIMMTUDAGUR 21 JANÚAR · FÖSTUDAGUR 22 JANÚAR · LAUGARDAGUR 23 JANÚAR · SUNNUDAGUR 24 JANÚAR · MÁNUDAGUR 25 JANÚAR · ÞRIÐJUDAGUR 26 JANÚAR · MIÐVIKUDAGUR 27 JANÚAR · FIMMTUDAGUR 28 JANÚAR · FÖSTUDAGUR 29 JANÚAR · LAUGARDAGUR 30 JANÚAR · SUNNUDAGUR 31 JANÚAR

## DAGLEG OFURTILBOÐ ÚT JANÚAR!

**FIMMTUDAGUR 21 JANÚAR**



**Þilofn olíufylltur**
600W - 1150x70x300mm
**5.497 kr.**
65105828
Almennt verð: 10.995 kr.
**50% AFSLÁTTUR**

**FÖSTUDAGUR 22 JANÚAR**

**BÓNDADAGURINN**



**TORIN** hjólatjakkur, búkki og stoppari
**5.995 kr.**
67079062
Almennt verð: 9.995 kr.
**40% AFSLÁTTUR**

**LAUGARDAGUR 23 JANÚAR**

**Matar og kaffistell**
20 stk.
**4.195 kr.**
41100109
Almennt verð: 6.995 kr.



**40% AFSLÁTTUR**



## VANTAR GJÖF FYRIR BÓNDANN? 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BOSCH RAFMAGNSVERKFÆRUM HELGINA 22.-24. JANÚAR



**SUNNUDAGUR 24 JANÚAR**




**GJÖCO Proff**
Loftmálning 9l.
**4.995 kr.**
80602809
Almennt verð: 7.295 kr.
**32% AFSLÁTTUR**

**MÁNUDAGUR 25 JANÚAR**

**Járnhillur,** 150kg burðarþol
180x100x30mm,
**3.997 kr.**
38910093
Almennt verð: 7.995 kr.



**50% AFSLÁTTUR**

**ÞRIÐJUDAGUR 26 JANÚAR**



**EINHELL** multisög
**8.935 kr.**
74801055
Almennt verð: 14.895 kr.
**40% AFSLÁTTUR**

**MIÐVIKUDAGUR 27 JANÚAR**



**E-STONE Ultra white**
60x60cm gólf- og veggflís
**2.995 kr./m²**
17800100
Almennt verð: 5.995 kr.
**50% AFSLÁTTUR**

**SONAX®**



**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SONAX VÖRUM 21.-31. JANÚAR**

**AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS**
**SENDUM ÚT UM ALLT LAND**

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Hvert tilboð gildir í einn dag meðan birgðir endast.

# Örvæntið ekki, bóndadagurinn er ekki fyrr en á morgun

Bóndadagurinn er iðulega haldinn hátíðlegur hér á landi, en hann markar upphaf þorra, líkt og konudagur markar upphaf góu, í gamla norræna tímatalinu. Þykir mörgum dagurinn til þess fallinn að makar dekri við húsbóndann, sem getur verið ansi teygjanlegt hugtak þennan dag. Fréttablaðið fór á stúfana, degi áður, til að forða sem flestum frá svæsnu svekkelsi.

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is



## Fimmtíu prósent líkur á dekri



„Eftir að vera hressilega minnt á bóndadaginn af blaðamanni rétt í þessu held ég að ég fari og finni einhverja geggjaða uppskrift og eldi fyrir kærastann,“ svarar Greta Salóme, söngkona og fiðlusnillingur, og hlær. „Við erum bæði svo ótrúlega önnum kafin og hittumst lítið yfir vikuna þannig að ég held að samveran sé langmikilvægust. „Ég hef annars alltaf staðið mig ágætlega í svona, en hann klikkar aldrei á neinu svona,“ útskýrir Greta, sem viðurkennir þó fúslega að þau séu ekki sérlega mikið bóndadags- eða Valentínusardagsfólk. „Við gerum alltaf eitthvað, en ég held að þegar maður lifir svona hröðu lífi þá læri maður að nota bara þann tíma sem gefst hversdagslega í svona,“ bendir hún á.

Greta segir kærastann ekki svoleiðis að hann sé kröfuharður á dekrið á morgun, þó svo hún fái alltaf sitt dekur á þar til gerðum dögum. „Eins og staðan er núna eru fimmtíu prósent líkur á að við sjáumst,“ skýtur hún að, og er hreint ekkert að stressa sig á bóndadeginum.

## Sendir kærustunni reikninginn

„Ég get ekki sagt að mikið hafi verið um að vera á bóndadegi hjá mér hingað til. Kærastan segir reyndar að hún hafi eldað fyrir mig í fyrra, en ég man ekki eftir því,“ segir Ásgeir Orri Ásgeirsson, einn þríeykisins sem myndar StopWaitGo, og skellihlær. Aðspurður um hvort hann vonist til að morgundagurinn verði með öðru sniði og bresti þannig á með mikilli bóndadagsstemningu segist hann ekki endilega eiga von á því. Þau séu í raun meira Valentínusardagsfólk. „Ég held hún geri þennan bóndadag ekki sérstaklega eftirminnilegan, en hún er í Kaupmannahöfn,“ útskýrir Ásgeir og bætir við: „Ég gæti svo sem gert eitthvað á hennar kostnað, gert mér glaðan dag hérna heima og sent henni svo bara reikninginn.“



## Bóndadagur til fjársjóðsleitar



„Ég er búin að bíða spennt eftir þessum degi, ég elska svona daga þar sem ég get planað eitthvað sniðugt og komið karlinum á óvart,“ segir dansarinn knái, Hanna Rún Bazev Óladóttir. Hún segir bóndadaginn skipta miklu máli á hennar heimili, en það hafi pabbi hennar kennt henni. „Morgunmatur í rúmið er eitthvað sem aldrei klikkar, og svo er ég í þann mund að plana eitthvað sætt sem ég ætla að gera fyrir hann. Ég mun nýta daginn í dag í það, en ég er svo sannarlega ákveðin í að gera eitthvað skemmtilegt fyrir hann,“ útskýrir Hanna, sem segir Nikita, eiginmanninn, alsælan með að fá íslenskan bóndadag í ofanálag við þann rússneska. „Hann er frá Rússlandi þar sem bóndadagurinn er haldinn hátíðlegur 23. febrúar, hann fær því auðvitað tvo.“

Aðspurð hvort eitthvað hafi slegið meira í gegn en annað á undanförnum bóndadögum hjá hjónakornunum segir Hanna Nikita sérlega hrifinn af fjárjóðsleit nokkurri sem hún hafi undirbúið fyrir hann. „Ég faldi lítinn pakka ofan í fjársjóðskistu sem hann varð svo að finna, með sérlegu fjársjóðskorti með vísbendingum á. Honum fannst það mjög skemmtilegt.“

### BUDDUVÆNN HUGMYNDALISTI Í JANÚARLOK – ÞAÐ ER NÓG AÐ VELJA EITT ATRIÐI.

- Morgunmatur í rúmið.
- Splæsa í blómvönd.
- Út að borða (má vera Bæjarins bestu, skiptir ekki öllu)
- Fara í rómantískan göngutúr um nærumhverfið. Getur kallað þetta óvissuferð í tilefni dagsins.
- Bjóða honum í bíó.
- Skella kippu af uppáhaldsdrykknum hans í kæli og kalla það bara gott.
- Draga fyrir gluggana, slökkva á símanum og skella uppáhaldsmyndinni hans í tækið (þó þér finnist hún leiðinleg).
- Þorrabakki hentar vel fyrir þá þjóðræknu.
- Fara með hann í keilu, og rúlla honum upp. Eða grúttapa. Fer eftir týpunni.
- Draga fram spilastokkinn og bjóða honum í spil. Fatapóker gæti heillað einhverja.

## Hefði gaman af að fá kótelettur



„Ég fæ kannski kótelettur, mér finnst það gaman,“ segir Niels Thibaud Girerd, betur þekktur sem Nilli, aðspurður hverslags dekri hann eigi von á í tilefni bóndadags. „Annars á kærastan án efa eftir að gera eitthvað, hún er reyndar svo yndisleg að hún tjaldar oft einhverju til þó dagurinn heiti ekki neitt sérstakt.“

Nilli mun eyða deginum í vinnunni, og fá þannig einhverju áorkað í þágu samfélagsins að eigin sögn, en hann vinnur hjá Íslensku óperunni. Nilli segist reyndar oft gleyma bóndadeginum, og hafa því stundum skemmt sér best við að renna yfir dagskrána í lok dags og haft gaman af að sjá hvað hann hefði geta haft fyrir stafni. „Fyrir mér er bóndadagurinn samt hálfgert aukaatriði, konudagurinn er minn dagur. Þá tjalda ég öllu til, enda alinn upp af fjórum konum og svo á ég kærustu sem er kona. Ég er mjög hrifinn af konudegi.“

## Dagurinn snýst um Friðrik

„Á hverjum bóndadegi fer ég á veitingastaðinn Friðrik fimmta, á sérstakan Friðriksdag sem þar er haldinn ár hvert,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson. Þar eyðir hann kvöldstund með fjölmörgum öðrum bændum, en upp úr stendur samveran við Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmann. „Ég sit alltaf til borðs með honum, og þar er mín bóndadagsrómantík,“ bendir Friðrik Ómar á og hlær. Segir Friðrik Ómar Friðriksdaginn ómissandi á bóndadegi, og hafi hann mætt samviskusamlega í mörg ár. „Við höldum svo uppi dagskrá og Friðrik fer með gamanmál og svo er brugðið út af hefðbundnum matseðli, og það er alltaf uppselt á þetta.“

Friðrik Ómar segist hæstánægður með fyrirkomulagið enda sé Friðrik Þór í miklu uppáhaldi hjá honum. „Friðrik Þór er með skemmtilegri mönnum sem ég hitti, og ég veit að það er gagnkvæmt, hann elskar að hitta mig á þessum degi,“ útskýrir hann og verður ekki fram hjá því litið að hann er orðinn spenntur. Óhjákvæmilegt er þó að spyrja um maka þeirra Friðriks Ómars og Friðriks Þórs á þessum degi. „Þeir koma með, en maður sinnir þeim ekkert á þessum degi,“ segir hann að lokum og skellir upp úr.


ENN MEIRI
ÚTSALA
AUKINN AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is

# Leikur ástkonu Castros

Leikkonan Jennifer Lawrence mun fara með hlutverk ástkonu Fidels Castro, Maritu Lorenz, í kvikmyndinni Dear Fidel.

Handritið að kvikmyndinni skrifaði Eric Warren Singer sem er einnig maðurinn á bak við myndina American Hustle sem Lawrence fór með aðalhlutverkið í.

Dear Fidel segir frá ástarsambandi Castros og Lorenz sem hófst þegar hún var nítján ára gömul. Eftir að hafa orðið ófrísk og farið í fóstureyðingu yfirgaf Lorenz Kúbu og starfaði meðal annars fyrir CIA og FBI.



Lawrence hefur heldur betur vegnað vel undanfarin ár og er nú tilnefnd til Óskarsverðlauna í fjórða sinn fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Joy en hún hlaut Óskarsverðlaun sem besta leikkonan árið 2012 fyrir hlutverk sitt í Silver Linings Playbook.



Sjálf hefur Adele unnið til tíu Grammy-verðlauna á ferlinum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Adele stígur á svið

Söngkonan Adele mun koma fram á Grammy-verðlaunahátíðinni sem verður haldin í febrúar.

Sjálf er söngkonan ekki ókunnug verðlaununum en hún hefur unnið til tíu Grammy-verðlauna á ferlinum. Hún er þó ekki tilnefnd til neinna verðlauna í ár þar sem nýjasta platan hennar, 25, kom út of seint á árinu til þess að hún væri gjaldgeng.

Kynnir hátíðarinnar í ár verður rapparinn LL Cool J og auk Adele mun rapparinn Kendrick Lamar stíga á svið. Lamar er tilnefndur til flestra Grammy-verðlauna í ár en tilnefningarnar eru alls ellefu. Taylor Swift er tilnefnd til sjö verðlauna líkt og kanadíski tónlistarmaðurinn The Weeknd.



Steinunn Camilla, annar eigenda umboðsstofunnar Iceland Sync, er spennt fyrir komandi tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Við erum orðnar vanar því að talað sé niður til okkar

Íslenska stúlknasveitin Nylon, stofnuð af Einari Bárðarsyni, vakti mikla athygli. Hápunktur ferilsins var þó ævintýri stúlknanna vestanhafs þar sem þær störfuðu undir nafninu The Charlies. Fjórar stelpur skipuðu upphaflegu sveitina en það voru þær Steinunn Þóra Camilla Sigurðardóttir, Klara Ósk Elíasdóttir, Alma Guðmundsdóttir og Emilía Björg Óskarsdóttir.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is

Fljótlega eftir að hljómsveitin var stofnuð kom fyrsta platan þeirra, 100% Nylon, út. „Það var þá sem allt fór af stað, við stukkum af stað til Bretlands þar sem við fengum breskan umboðsmann og túruðum með hljómsveitunum Westlife og Girls Aloud,“ segir Steinunn Camilla og bætir við að þetta hafi verið mikið ævintýri.

„Ferðinni var síðan heitið til Los Angeles, þar sem Ólöf Sigríður Valsdóttir óperusöngkona var búin að koma okkur í samband við þekkt tónlistarfólk. Það leið ekki á löngu þar til við fengum plötusamning hjá Hollywood Records. Þar unnum við með Bruno Mars og eyddum viku með kappanum, og bara það að heyra í Nicki Minaj vera að taka upp plötu í næsta herbergi fær mig til að muna hvað við vorum að gera skemmtilega hluti,“ segir Steinunn Camilla.

„Þetta gekk allt eins og í sögu og maður áttaði sig ekki á því hvað þetta var stórt tækifæri sem við vorum með í höndunum. Við stelpurnar fórum svo heim til Íslands í smá frí, það var þá sem við fengum þær fréttir að Hollywood Records hefði tekið þá ákvörðun að frysta okkar efni eins og það er kallað. Og snúa sér að því að koma Selenu Gomez á blað,“ segir Steinunn Camilla.

Í framhaldinu kom óvissutími hjá stelpunum í Nylon, þær sögðu upp samningum hjá Hollywood Records og fórum að vinna í sínu efni. „Við ákváðum að hætta með hljómsveitina og snúa okkur að öðru,“ segir Steinunn Camilla, ánægð með þá ákvörðun.

Í dag eru stelpurnar allar að vinna í tónlistarbransanum, Klara Ósk er að vinna í sinni eigin tónlist, Alma er að semja tónlist, en hún mun taka þátt í Söngvakeppni sjónvarpsins með lagið Augnablik sem Alda Dís kemur til með að flytja, og Steinunn ákvað að hella sér út í viðskiptabransann.

> ÉG HAFÐI EKKI GRÆNAN GRUN UM ATRIÐIÐ Í SKAUPINU, FYRR EN ÉG SÁ MIG BIRTAST ÞARNA Á SKJÁNUM. FYRST NÁÐI ÉG EKKI ALVEG HVAÐ VAR Í GANGI, ÞAR SEM ÉG ER LÍTIÐ HÉRNA HEIMA OG EKKI ALVEG INNI Í ÖLLU. ÞEGAR ÉG ÁTTAÐI MIG Á TENGINGUNNI ÞÁ FANNST MÉR ÞETTA FREKAR LEIÐINLEGT.

„Ég ákvað að opna mína eigin umboðsskrifstofu, Iceland Sync, ásamt Soffíu Kristínu Jónsdóttur. Við erum með nokkra hæfileikaríka einstaklinga á okkar snærum, til dæmis Öldu Dís Arnardóttur en hún hefur verið að gera frábæra hluti undanfarið. Ásamt henni erum við með hljómsveitina The Evening Guests en í því bandi er íslenski söngvarinn Jökull Ernir Jónsson, þeir eru að gefa út plötu um þessar mundir,“ segir Steinunn spennt fyrir komandi tímum.

Stelpurnar hafa þurft að þola ýmiss konar umtal í gegn um tíðina og tóku eflaust flestir eftir því að stúlknasveitin var tekin fyrir í Áramótaskaupinu þetta árið. „Ég hafði ekki grænan grun um atriðið í skaupinu, fyrr en ég sá mig birtast þarna á skjánum. Fyrst náði ég ekki alveg hvað var í gangi, þar sem ég er lítið hérna heima og ekki alveg inni í öllu. Þegar ég áttaði mig á tengingunni þá fannst mér þetta frekar leiðinlegt. En satt að segja erum við orðnar mjög vanar því að talað sé niður til okkar, því miður. Það er langt síðan við hættum að taka mark á þessu,“ segir Steinunn Camilla að lokum.

# Glimrandi gott grænmetislasagna að hætti Evu Laufeyjar Kjaran



## GRÆNMETISLASAGNA

**Ólífuolía**
**1 laukur**
**4 hvítlauksrif**
**2 gulrætur**
**2 selleristangir**
**1 rauð paprika**
**1 græn paprika**
**½ kúrbítur**
**150 g spergilkál**
**1 dós niðursoðnir tómatar með basilíku**
**2 msk. tómatmauk eða tómatpúrra**
**600 ml grænmetissoð (soðið vatn + grænmetisteningur)**
**salt og pipar**
**Handfylli fersk basilíkulauf**
**Handfylli fersk steinselja**
**1 dós kotasæla**
**1 dós sýrður rjómi**
**Parmesan-ostur, magn eftir smekk**
**Salt og nýmalaður pipar**
**Lasagnaplötur, ferskar eða soðnar samkvæmt leiðbeiningum á pakkanum.**
**Rifinn mozzarella-ostur, magn eftir smekk**

Hitið olíu á pönnu. Skerið grænmetið smátt og steikið við vægan hita í nokkrar mínútur eða þar til það fer að mýkjast. Bætið pressuðum hvítlauk út á pönnuna í lokin og steikið í smástund. Gott er að setja smáklípu af smjöri. Bætið niðursoðnum tómötum, tómatmauki, ferskri basilíku, grænmetissoðinu á pönnuna og látið sjóða í 30 mínútur við vægan hita. Kryddið til með salti og pipar.

Á meðan grænmetið mallar á pönnunni búið þið til hvítu sósuna en þið blandið saman kotasælu, sýrðum rjóma, 50 g af rifnum parmesan, salti og pipar. Blandið vel saman. Setjið grænmetisblöndu í botninn á eldföstu móti, því næst lasagnaplötur, hvítu sósuna, aftur grænmetisblönduna og endurtakið leikinn einu sinni til tvisvar. Dreifið vel af rifnum mozzarella-osti yfir og nýrifnum parmesan.

Bakið í ofni við 180°C í 40–45 mínútur.

**Uppskrift fengin af evalaufeykjaran.com**



# TÖFRAÐU FRAM

*...gómsætan kvöldverð með ljúffenga lambahryggnum og meðlætinu úr Iceland.*





**1799** kr. kg.

**LAMBAHRYGGUR FRÁ GOÐA, FROSINN**

**... OG FULLKOMNAÐU KVÖLDIÐ SVO MEÐ BEN & JERRY´S**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 799 kr. | 799 kr. | 799 kr. | 799 kr. | 799 kr. | 799 |
| Ben & Jerry´s Cookie Dough 500 ml | Ben & Jerry´s Caramel Chew 500 ml | Ben & Jerry´s Chocolate Fudge Brown 500 ml | Ben & Jerry´s Caramel Sutra 500 ml | Ben & Jerry´s Minter Wonderland 500 ml | Ben & Jerry´s Half Baked 500 ml |

OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

**Iceland**



# 2 mættust sem voru til í tuskið

Tónlistarmaðurinn **Logi Pedro Stefánsson** byrjar með nýjan hlaðvarpsþátt í febrúar. Einnig vinnur hann að nýju efni með söngkonunni Karó og undirbýr nýja vörulínu með Sturlu Atlas.

Tónlistarmaðurinn Logi Pedro Stefánsson rær á ný mið í febrúar þegar hlaðvarpsþátturinn Up North fer í loftið en Logi verður stjórnandi þáttarins ásamt góðum gestum. Þátturinn mun fjalla um jaðartónlist og er hann gerður í samvinnu við tónlistarakademíuna Red Bull og tónlistarhátíðina Sónar Reykjavík sem hefst 18. febrúar næstkomandi og stendur til að hlaðvarpið fari í loftið 16. þess mánaðar. Íslenskir tónlistarmenn verða teknir tali í þættinum og verða gestastjórnendur þeir Sturla Atlas og Unnsteinn Manuel.

„Við í Les Fréres Stefson höfðum áhuga á að byrja með útvarpsþátt. Svo spyrst það út og við fáum bara símtal frá Red Bull á Íslandi sem spyr hvort við viljum fá styrk frá þeim til að gera þetta. Þarna mættust tveir aðilar sem voru til í tuskið og úr varð yndislegt samband,“ segir Logi og skellir upp úr.

Logi Pedro er með puttana í fjölda tónlistarverkefna og er einn meðlima hljómsveitarinnar Retro Stefson auk þess sem hann hefur stjórnað upptökum og útsett tónlist fyrir ýmsa tónlistarmenn, meðal annars söngkonuna Karó sem gaf út lagið Silhouette við góðar undirtektir í fyrra. „Hún er að spila á Sónar og ætlar að frumflytja fimm eða sex ný lög þar,“ segir Logi Pedro og bætir við að einnig sé hljómsveitin Young Karin, sem hann er í ásamt Karin Sveinsdóttur, og Sturla Atlas að taka upp nýtt efni.

**VIÐ ERUM AÐ REYNA AÐ FINNA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT TIL AÐ GEFA ÚT, VIÐ ÆTLUM AÐ GERA SEASON TVÖ OG ERUM Í VIÐRÆÐUM VIÐ MJÖG VINSÆLA FATAHÖNNUÐI TIL ÞESS AÐ VINNA MEÐ.**



Sturla Atlas gaf í fyrra út sína fyrstu fatalínu og segir Logi Pedro stefnuna setta á að gefa fleiri vörur út undir nafni Sturlu Atlas. „Við erum að reyna að finna eitthvað skemmtilegt til að gefa út, við ætlum að gera season tvö og erum í viðræðum við mjög vinsæla fatahönnuði til þess að vinna með,“ segir hann en er þögull sem gröfin þegar hann er inntur eftir því um hvaða fatahönnuði ræðir. Fyrsta fatalínan seldist eins og heitar lummur og verður ekki hægt að nálgast þær flíkur aftur og þeir félagar því væntanlega vongóðir með að lína númer tvö hljóti aðrar eins viðtökur.

Tónlist Sturlu Atlas er hægt að nálgast ókeypis á vefnum og segir Logi Pedro vörurnar því að einhverju leyti vera hinn nýja geisladisk. „Fólk er bara að dánlóda músíkinni í tölvuna, símann eða hlusta í gegnum Spotify en það er enginn að fara að kaupa sér geisladisk og brenna hann inn á tölvuna. Það er bara frekar stjúpid. Í staðinn getur fólk keypt sér bol eða buff eða eitthvað.“ **gydaloa@frettabladid.is**

FRAMKOMU- OG SJÁLFSTYRKINGARNÁMSKEIÐ

ÁTTA VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 2. OG 4. FEBRÚAR

*sjálfstyrking - framkoma og líkamsburður - förðun - umhirða húðar og hárs - myndataka - tískusýning - fíkniefnafræðsla - leikræn tjáning*

*Umsjónarkennari námskeiðsins er* ***Unnur Birna Vilhjálmsdóttir*** *lögmaður og fyrrverandi Ungfrú Heimur, auk fjölmargra gestakennara.*

*Allir þátttakendur fá Eskimo bol, snyrtibuddu með mascara og eyeliner frá Maybelline, viðurkenningarskjal og 10 svarthvítar myndir.*

Nánari upplýsingar má finna á **www.eskimo.is** smellið á **courses**.

*Verð 25.000. kr.*

*SKRÁNING ER HAFIN Í SÍMA 533 4646 EÐA ESKIMO@ESKIMO.IS*




eskimo MAYBELLINE NEW YORK



Leikarinn er ekki ýkja vinsæll hjá aðdáendum sínum núna.

## Sérbökuð vandræði Zacs

Leikarinn Zac Effron steig aldeilis á hálan ís á mánudaginn var, en þá var haldinn hátíðlegur svokallaður Martin Luther King dagur vestan hafs. Effron sá sig knúinn til að senda frá sér skilaboð á Instagram-reikningi sínum, þess eðlis að hann væri þakklátur fyrir tvennt þennan dag. Annars vegar Martin Luther King og hins vegar þær tíu milljónir fylgjenda sem nú væru að elta hann á Instagram. Fóru skilaboðin fyrir brjóstið á fylgjendum, og bað fólk hann vinsamlegast um að vera ekki svona sjálfhverfur. Effron eyddi umræddri færslu og hefur nú beðist einlægrar afsökunar, hann hafi einfaldlega ekki áttað sig á hvernig þetta liti út. Leikarinn snoppufríði á reyndar undir högg að sækja um þessar mundir, en hann hefur bakað sér töluverðar óvinsældir meðal aðdáenda sinna eftir að í ljós kom að hann ætlar sér ekki að vera með þegar High School Musical-myndin verður endurvakin í sumar.


ÁHRIFAMIKIÐ HEIMILDAVERK UM
ATBURÐI SEM ALDREI GLEYMAST
flóð
FRUMSÝNING Í KVÖLD KL. 20
NÝTT ÍSLENSKT LEIKVERK UM SNJÓFLÓÐIÐ Á FLATEYRI 1995
EFTIR HRAFNHILDI HAGALÍN & BJÖRN THORS
Fim 21/1 kl. 20 UPPSELT
Sun 24/1 kl. 20 UPPSELT
Mið 27/1 kl. 20 UPPSELT
Fim 28/1 kl. 20 UPPSELT
Sun 31/1 kl. 20 UPPSELT
Mið 3/2 kl. 20 örfá sæti
Sun 7/2 kl. 20 örfá sæti
Fim 11/2 kl. 20
Tryggðu þér miða!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið










Gísli Örn Garðarsson, leikstjóri sýningarinnar Í hjarta Hróa hattar, er hæstánægður með verðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hrói höttur sópar að sér verðlaunum

Vesturport stóð á mánudaginn uppi sem sigurvegari hjá Broadway World samtökunum fyrir bestu sýninguna í Toronto árið 2015. Sýningin Í hjarta Hróa hattar sigraði í 8 flokkum, meðal annars sem besta leiksýningin, fyrir bestu leikstjórn, bestu leikmyndina og bestu búningana.

**Guðrún Jóna Stefánsdóttir**
gudrunjona@frettabladid.is

Toronto er stærsta leikhúsborg Kanada og valnefndin er samsett af bransafólki frá allri Norður-Ameríku svo það er virkilega gaman að fá viðurkenningu frá þessu fólki. Þetta er einstaklega gott fyrir okkur þar sem við erum íslenskur hópur með breska þjóðsögu og fáum svona flott verðlaun,“ segir Gísli Örn Garðarsson hæstánægður með verðlaunin sem Í hjarta Hróa hattar með Vesturporti hlaut á dögunum í Broadway World samtökunum fyrir bestu sýninguna árið 2015. Sýningin sigraði í átta flokkum og það er nóg fram undan hjá aðstandendum hennar.

Vesturportshópurinn hefur ferðast víðs vegar um heiminn með sýninguna og mætti segja að stærsti sigur hans hafi komið með þessum verðlaunum. Toronto er ein stærsta leikhúsborg Kanada og fjöldinn allur af eftirsóttustu sýningum í Ameríku fer þar í gegn, þetta hlýtur að opna mikla möguleika fyrir sýninguna?

„Já, svo sannarlega, það eru alls konar viðræður í gangi og er sýningin líklega að fara til Bandaríkjanna á næstunni. Það stóð alltaf til að sýningin færi á Broadway og mætti eiginlega segja að hún sé eins og flugvél sem bíður eftir lendingarplássi þar. Í dag eru þeir jafnvel að skoða að sýna Hróa hött á fleiri stöðum í Bandaríkjunum svo það er nóg fram undan hjá okkur,“ segir Gísli Örn.

Í hjarta Hróa hattar er sýnd í Þjóðleikhúsinu og er Gísli Örn ánægður með viðtökurnar. „Það er frábært hvað sýningin er að fá góð viðbrögð hérna heima. Þó að Hrói höttur sé ekki okkar þjóðsaga virðist sýningin hafa snert einhvern góðan streng og það mætti segja að sýningin nái til breiðs hóps og virki fyrir alla, bæði þá sem eru að fara með börn og unglinga í leikhús og líka fyrir fullorðna,“ segir Gísli Örn.



Gísli Örn ásamt Berki Jónssyni sem sá um leikmynd verksins en sýningin fékk meðal annars verðlaun fyrir bestu leikmyndina.

## HRÓI HÖTTUR Á FERÐ OG FLUGI UM HEIMINN

- Royal Shakespeare Company í Stratford
- Þjóðleikhúsinu í Bergen
- Borgarleikhúsinu í Uppsölum
- American Repertoire leikhúsinu í Boston
- Princess of Wales leikhúsinu í Toronto
- Borgarleikhúsinu í Winnipeg
- Þjóðleikhúsinu

**TORONTO ER STÆRSTA LEIKHÚSBORG KANADA OG VALNEFNDIN ER SAMSETT AF BRANSAFÓLKI FRÁ ALLRI NORÐUR-AMERÍKU SVO ÞAÐ ER VIRKILEGA GAMAN AÐ FÁ VIÐURKENNINGU.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# OUTLETSPRENGJA

# 40-90%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM 21.-23. JANÚAR



**FÁLKI** 22.493 kr. ~~48.990 kr.~~
HERRA JAKKI



**JÓNÞÓR** 11.993 kr. ~~24.449 kr.~~
HERRA PEYSA



**FURA** 22.493 kr. ~~48.990 kr.~~
DÖMU JAKKI



**STEINGRÍMUR** 29.993 kr. ~~74.990 kr.~~
HERRA JAKKI



**DÚDDI** 9.743 kr. ~~18.990 kr.~~
KRAKKA ÚLPA

**Fimmtudag - Föstudag** ........ **10 - 18**
**Laugardagur** ........ **10 - 16**

**CINTAMANI OUTLET**

Austurhraun 3, Garðabæ | www.cintamani.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar




Hugleiks Dagssonar


## Bessastaðir Boltaland

Er of seint að sækja um að vera forseti? Hér er það sem ég ætla að gera þegar ég verð forseti.

Ég ætla að breyta Bessastöðum í boltaland. Það er óréttlátt að bara börn mega leika sér í boltalandinu í Ikea. Boltalandið í Bessastöðum verður fyrir fullorðna. Eða réttara sagt fullorðinn. Sumsé bara mig.

Ég ætla ekki að hitta aðra þjóðarleiðtoga. Ég hef ekkert að segja við þá. Þetta eru oftast einhverjir karlar í jakkafötum sem vilja tala um samskipti þjóða og svoleiðis. Svo er alltaf svo vandræðalegt þegar maður þarf að taka í höndina á þeim fyrir framan her af ljósmyndurum. Maður þarf að halda í höndina á þeim ónáttúrulega lengi svo að allir nái örugglega góðri mynd. Með stirð bros og sveitta lófa. En ef þeir nenna að kíkja í boltaland með mér þá skal ég gera undantekningu á bara-ég-má-vera-í-boltalandi-reglunni. Þú veist, til að styrkja samskipti þjóða.

Svo eru þetta of há laun. 1,3 milljónir samkvæmt Google. Ég skal taka 300 þúsund sem mér finnst réttlát greiðsla fyrir að þurfa að tala við aðra þjóðarleiðtoga (án boltalands myndi ég smyrja nokkrum hundraðþúsundköllum ofan). Svo gef ég milljónina sem er eftir í einhvern góðgerðasjóð. Hlýt að fá einhver læk fyrir það. Einn mánuðinn milljón í Kattholt og næsta mánuð milljón í... ég veit það ekki. Nýsköpunarsjóð töframanna eða eitthvað.

Að lokum ætla ég að láta endurvekja eitt helsta menningarverðmæti íslendinga. Þýðingar á bíómyndatitlum. Muniði þegar Lethal Weapon hét Tveir á toppnum? Eða þegar Loaded Weapon (sem var svona grín af Lethal Weapon) hét Tveir ýktir? Muniði þegar allir sögðu „ýkt“? Og þegar Trainspotting hét Trufluð tilvera? Og þegar South Park myndin hét líka Trufluð tilvera? Ég vil fá þetta aftur.

Ég er til í þetta. Hvar sækir maður um?


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**






